# FRÉTTABLAÐIÐ

161. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 13. JÚLÍ 2019




## Tímarnir breytast

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins og ráðherra, ræðir væringar innan flokksins, Reykjavíkurbréfin , ferðaþjónustu og hvernig hún leiddist út í pólitík. 32

Það að vera stjórnmálamaður snýst ekki um að hlusta á skoðanakannanir eða beygja sig fyrir þeim.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Tjald vekur tortryggni

Elín Agla segir frá þjóðmenningarbýli á Seljanesi á Ströndum. 30






## Vinsælastar á bókasafninu

Lesendur halda tryggð við sígildar alþýðubókmenntir. 22



## Hetjurnar á HM

Áhrif Megan Rapinoe innan og utan vallar eru gríðarleg. 28




## Veður




Suðlægari vindur í dag, 8-13 við suðausturströndina síðdegis. Víða skúrir, Hiti yfirleitt 12 til 18 stig.
SJÁ SÍÐU 36

# Stöngin inn!



Ungar boltastelpur verða á fleygiferð á sparkvöllum Breiðabliks í Kópavoginum um helgina þar sem Símamótið er nú haldið í 35. skipti. Mótið á sér langa og merkilega sögu en forveri þess, Gull og silfur-mótið, var fyrst haldið 1985 og þá fengu stelpur loksins að eigast við á alvöru knattspyrnumóti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir frá mótinu er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

## Ásýnd göngugatna gæti gjörbreyst

**BORGARMÁL** Pawel Bartoszek, borgarfulltrúi Viðreisnar, telur löggjafann hafa verið á villigötum þegar ný umferðarlög voru samþykkt. Samkvæmt þeim mega hreyfihamlaðir, með svokölluð P-kort, keyra á göngugötum. Með þessu segir hann hugtakið göngugata í lausu lofti.

„Það er umtalsverður fjöldi af bifreiðum með þessi merki í umferð,“ segir Pawel við Fréttablaðið. „Ef mikill fjöldi þeirra myndi aka í gegn þá myndi það breyta heildarásýndinni. Þetta er of fortakslaust.“

Lögin voru samþykkt einhljóða. Pawel segir frumvarpið hafa breyst í meðförum þingsins og þessi breyting hafi þá komið inn. Hún hafi þá farið fram hjá borgarfulltrúum en þessi breyting hefur ekki verið rædd þar.

„Í frumvarpinu sjálfu var aðeins talað um að ferðaþjónusta fatlaðs fólks hefði þessa heimild. Þetta hefur væntanlega farið fram hjá borginni og ég tel að það hefði verið tilefni til að fá sjónarmið borgarinnar fram.“

Pawel segir að það séu til fjölbreyttari leiðir til að auka aðgengi hreyfihamlaðs fólks að verslunum og þjónustu á göngugötum.

„Við erum með miklu meira pláss á göngugötum þannig að það er hægt að koma fyrir lyftum og skábrautum, lyfta götunni upp og útrýma þar með þrepum,“ segir Pawel. **– khg**

**Í frumvarpinu sjálfu var aðeins talað um að ferðaþjónusta fatlaðs fólks hefði þessa heimild.**



Pawel Bartoszek, borgarfulltrúi Viðreisnar

## Stefnum á nýtt Evrópumet í sárasóttarsmiti

**HEILBRIGÐISMÁL** Samkvæmt tölum frá Embætti landlæknis hafa 19 manns greinst með sárasótt fyrstu fimm mánuði ársins. Hafa greiningarnar flestar verið á vormánuðum.

Ef fram heldur sem horfir verða tilfellin álíka mörg og árið 2017 þegar Íslendingar urðu Evrópumeistarar í sárasóttarsmiti.

Sárasótt hefur færst gríðarlega í aukana undanfarin ár. Árið 2007 var hér aðeins eitt smit eða 0,3 á hverja 100.000 íbúa sem var lægsta hlutfall í álfunni.

Árið 2014 varð sprenging í greiningum og árið 2017 var Ísland komið í efsta sætið með 52 smit eða 15,4 á hverja 100.000 íbúa. Staðan lagaðist umtalsvert árið 2018 en þá greindust 30 manns með sárasóttarsmit hérlendis. **– khg**




# Rúmlega hundrað ára í hringferð um landið

**Anthon Geisler þakkar vinnusemi og hollum lífsstíl háan aldur. Hann vinnur enn í lítilli verslun sinni í Ilulissat á Grænlandi.**



Anthon Geisler og frændi hans Hugo á ferðalagi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**FERÐALÖG** „Íslendingar eru mjög vinnusamir, það líkar mér mjög vel,“ segir Anthon Geisler, sem er rúmlega aldargamall og ferðaðist hringinn í kring um Ísland. Anthon fæddist þann 21. febrúar árið 1919 og býr í Ilulissat, bæ á vesturströnd Grænlands. Í bænum rekur hann litla verslun, nokkurs konar krambúð þar sem er hægt að fá allt mögulegt. Hann vinnur enn í verslun sinni þrátt fyrir háan aldur og þótt röddin bregðist honum stundum vegna aldurs, er sjónin enn góð og hann hefur gott úthald. Hann er kominn aftur til vinnu í verslun sinni eftir ferðalagið.

Íslandsferðina fékk hann í hundrað ára afmælisgjöf frá vinum og fjölskyldu. Frændi hans, Hugo, var leiðsögumaður hans á ferðalaginu.

Hringvegurinn er rúmlega 1.300 kílómetrar en þeir frændur fóru enn víðar. Þeir komu meðal annars við á Ísafirði, Akureyri, Höfn í Hornafirði, Suðurnesjum og við Gullfoss og Geysi. Anthon sagði á ferðalaginu ljóst að Íslendingar hefðu lagt mikið á sig við að byggja upp ferðaþjónustu síðustu árin og var einnig hrifinn af náttúrufegurðinni og þeirri gestrisni sem hann varð aðnjótandi.

Lífsstíll Anthons telst harla óvenjulegur miðað við aldur og því kannski ekki að undra að blaðamaður hafi þráspurt um verslunarstörfin og hans daglegu iðju.

„Hann vinnur nánast alla daga, marga klukkutíma á dag,“ segir Hugo og segir frænda sinn leggja mikið upp úr vinnusemi. Hann hafi til dæmis mætt strax til vinnu eftir langt ferðalag á Íslandi og hafi ekki látið sér verk úr hendi falla. Vinnudagurinn sé alla jafna frá klukkan tvö á daginn til klukkan níu á kvöldin.

**Ég held að vinnusemin og áhuginn fyrir starfinu sé lykillinn að langlífi hans. Hann hætti líka að reykja og drekka fyrir sjötíu árum og sjálfsagt hefur það haft mjög mikið að segja.**

Hugo, leiðsögumaður Anthons

„Að leggja rækt við ævistarfið er að mati Anthons mikil dyggð. Ég held að vinnusemin og áhuginn fyrir starfinu sé lykillinn að langlífi hans. Hann hætti líka að reykja og drekka fyrir sjötíu árum og sjálfsagt hefur það haft mjög mikið að segja,“ segir hann frá högum Anthons.

Og ætla þeir að leggjast í frekari ferðalög?

„Það er ekkert útilokað! Hann skemmti sér vel á Íslandi.“

kristjanabjorg@frettabladid.is

HÚSASMIÐJAN

blómaval

**Skoðaðu** útsölublaðið á **husa.is**





# Sumar ÚTSALA

## Húsasmiðjunnar og Blómavals

## Allt að 50% afsláttur

**Trjáplöntur -50% • Sumarblóm -30-50% • Sláttuvélar -25-35% • Útipottar -30%**
**Reiðhjól -30-40% • Garðhúsgögn -25-40% • Broil King grill og fylgihlutir -25-30%**
**Lady málning -25% • Pallaolía og viðarvörn -20% • Hekkklippur -25-40%**
**Orf og keðjusagir -25-30% • Mosatætarar -30-40% • Matarstell og glös -30%**
**Útipottar -30% • Pottar og pönnur -30% • Fatnaður -25% • Strauborð og herðatré -25%**
**ELKOP tröppur og stigar -30% • Garðúðarar, byssur og slönguhjól -25-50%**
**Garðstyttur -30% • Garðáhöld og verkfæri -25-40% • Blöndunartæki -25%**
**Valdar flísar og parket -40% • Skjólgirðingar -20-25% • Pallastiklur -20%**

**... auk hundruð annarra útsölutilboða**



35% afsláttur

WOLF Garten

**21.995 kr**

~~33.995 kr~~

**Rafmagnssláttuvél** A340E
1400W, sláttubreidd 34 cm, safnari 30 ltr., 5 hæðarstillingar 2-6 cm.
5085168



30% afsláttur

BLACK+DECKER

**11.895 kr**

~~16.995 kr~~

**Rafmagnsorf**
550W, sláttubreidd 30 cm.
5083717



25% afsláttur

Broil King

**46.492 kr**

~~61.990 kr~~

**Gasgrill Crown 310**
8,8 kW brennarakerfi úr ryðfríu stáli, grillgrindur úr steypujárni, þrír brennarar.
3000317



35% afsláttur

**58.497 kr**

~~89.995 kr~~

**Bensínsláttuvél Texas Premium 5380TR/W með drifi**
B&S mótor, 161 cc, 2,6 kW, 53 cm sláttubreidd, 6 hæðar-stillingar, eitt handtak, þyngd 36,5 kg, 65 ltr., safnari.
5085306



50% afsláttur

**Sólboði**

**890 kr**

~~1.790 kr~~



30% afsláttur

AL-KO

**15.870 kr**

~~22.675 kr~~

**Rafmagnskeðjusög**
2400W, 40 cm blað og þyngd 5 kg.
5083740



25% afsláttur

Frábært í ferðalagið og heima

Broil King

**27.338 kr**

~~36.450 kr~~

**Gasgrill Porta Chef 120**
Brennari 4,1 kW, postulín húðuð grillgrind, grillflötur: 46x31 cm.
3000612



50% afsláttur

**Margarita**

**990 kr**

~~1.990 kr~~

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

**TÖLUR VIKUNNAR** 07.07.2019 TIL 13.07.2019

**100** sekúndur var tíminn sem Magnús Ver hélt 320 kílóa Herkúlesarhaldi þar sem hann mætti sínum forna fjanda, Bill Kazmaier.

**500** kílómetrar er vegalengdin sem félagarnir Kristján Carrasco og Kristinn Birkisson ganga þvert yfir landið.

**1800** krónur þurfa eldri borgarar að greiða fyrir aðgangskort að söfnum borgarinnar.

**55** laxar hafa veiðst í Norðurá í Borgarfirði miðað við 557 á sama tíma í fyrra.

**114** eru á biðlista eftir grænum tunnum í Reykjavík.

## Þrjú í fréttum
## Stjarna, orkuskortur og risaviðskipti

**Björgvin Halldórsson**
*tónlistarmaður*



var heiðraður við upphaf tónlistar- og bæjarhátíðarinnar Hjarta Hafnarfjarðar. Fékk hann stjörnu með nafni sínu í gangstéttina við Bæjarbíó en hann er einn þekktasti sonur bæjarins.

**Guðmundur Ingi Ásmundsson**
*forstjóri Landsnets*



lýsti grafalvarlegri stöðu á íslenskum raforkumarkaði. Sagði hann að ef til þess kæmi þyrfti að skera niður orku á álagstímum og taka ákvörðun um hverjir yrðu fyrir valinu.

**Páll Ágúst Ólafsson**
*lögmaður*



hefur haft milligöngu um samskipti kaupenda, skiptastjóra og íslenskra stjórnvalda vegna kaupa á eignum þrotabús WOW air. Ekki hefur enn þá fengist upp gefið hverjir kaupendurnir eru en það ku vera fjársterkir bandarískir aðilar með langa reynslu í flugrekstri.

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið
Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á www.frettabladid.is#nyskraning
Það kostar ekkert.

# Efast um tölurnar í dómnum

**Bróðir fatlaðs manns sem var fórnarlamb þjófnaðar af hendi forstöðumanns hjá Ísafjarðarbæ dregur í efa að upplýsingarnar sem koma fram í dómi héraðsdóms yfir forstöðumanninum séu réttar.**

**ÍSAFJÖRÐUR** „Ég er ekki sáttur við meðferð Ísafjarðarbæjar á málinu. Mér finnst eins og þar séu menn að slá sig til riddara á kostnað þeirra sem geta ekki tjáð sig,“ segir Kristinn Arnar Pálsson, bróðir og talsmaður manns sem var fórnarlamb þjófnaðar af hendi fyrrverandi starfsmanns Ísafjarðarbæjar.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá í síðustu viku var kona á fertugsaldri dæmd í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir fjárdrátt í opinberu starfi. Konan, sem var forstöðumaður velferðarsviðs Ísafjarðarbæjar, hafði umsjón með fjármunum skjólstæðinga bæjarins. Hún var dæmd fyrir að draga sér rúmar 1,3 milljónir króna af reikningum ellefu skjólstæðinga bæjarins á tímabilinu 2015 til maímánaðar 2018.

Kristinn Arnar varð persónulegur talsmaður bróður síns, sem getur ekki tjáð sig sökum fötlunar, snemma árs 2018 og fékk þá aðgang að einkabanka hans. „Ég fór að kemba í gegnum þetta og sé alls konar undarlegar millifærslur,“ segir Kristinn Arnar. Í maí fékk hann svo símtal þar sem honum var tjáð hvað hefði gerst og að konan hefði verið látin fara sama dag.

Hann óskaði eftir gögnum frá Ísafjarðarbæ, sem eru upphæðirnar sem forstöðumaðurinn lét persónulega millifæra yfir á sig. Eru það rúmar 700 þúsund krónur. Sömu tölur eru í dómi Héraðsdóms Vestfjarða yfir konunni.

Þær tölur innihalda ekki tilvik þar sem millifært er á aðra aðila eða úttektir í verslunum.

Kristinn Arnar tekur sem dæmi einn dag þar sem teknar voru út tæplega 136 þúsund krónur. Sést á yfirlitinu að einn reikningurinn var fyrir naglasnyrtingu á höfuðborgarsvæðinu. „Ég veit að bróðir minn fór ekki í naglasnyrtingu. En ég hef ekki fengið neinar nótur og get því ekki sannað hvað hún hafði mikið af honum. Það er bærinn sem á að vita það, þeir eiga að hafa nótur frá þessu þriggja ára tímabili.“



Málið kom upp vorið 2018. Lögreglan lagði hald á gögn í október og dómur féll síðan í júní. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Núna hefur allt snúist til betri vegar.**
> Kristinn Arnar Pálsson, bróðir brotaþola

Samkvæmt upplýsingum frá Ísafjarðarbæ lagði lögregla hald á gögnin í október í fyrra og hefur sveitarfélagið óskað eftir að fá þau aftur.

„Bókhald einstaklinga sem ekki var brotið á hefur verið sent í endurskoðun hjá endurskoðunarskrifstofu. Þegar gögn berast frá lögreglu mun það bókhald sömuleiðis fara í endurskoðun,“ segir í svari Ísafjarðarbæjar.

Kristinn Arnar veit ekki hversu mikið var tekið. „Ég hef ekki fengið upplýsingar um nákvæmlega hversu mikið það var en það er augljóst að það hefur verið gengið töluvert á peningana hans.“ Kristinn Arnar tekur fram að allt annað starfsfólk félagsþjónustu bæjarins hafi reynst mjög vel. „Núna hefur allt snúist til betri vegar.“ **arib@frettabladid.is**



ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
LOKAÐ LAUGARDAGA FRÁ 8. JÚNÍ TIL OG MEÐ 3. ÁGÚST
RAM
UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI




**Invincible 33" breytingapakki að verðmæti 700.000 kr. fylgir**

Hilux er ódrepandi harðjaxl og með 33" breytingu eruð þið ósigrandi saman. Hilux Invincible kemur þér þangað sem þig langar, hvort sem það er leiðangur upp til fjalla, næsti veiðitúr eða bara að komast aðeins út fyrir borgina til að ná andanum. Hilux Invincible aukahlutapakki: 33" breyting, hlíf undir framstuðara, gluggavindhlífar, króm á afturljós og Invincible-merki.

**Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum**

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

7 3+4 ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

# Lítil uppörvun í nýjum laxveiðitölum

**VEIÐI** Gæftaleysið í laxveiðiánum heldur áfram og endurspeglast í nýjustu veiðitölum á vef Landssambands veiðifélaga.

Eins og komið hefur fram leggst mikið þurrkasumar ofan á það að fiskifræðingar sáu fyrir rýrar laxagöngur að þessu sinni. Í Laxá í Kjós héldu menn þó ótrauðir áfram að leggja línurnar fyrir laxinn í morgun. Á miðvikudagskvöld

**42**

**laxar hafa veiðst í Laxá í Kjós það sem af er sumri.**

höfðu verið færðir 42 laxar þar til bókar. Á sama tíma í fyrra höfðu veiðst þar 276 laxar. Og þannig er sagan af laxveiðinni um vestanvert og norðvestanvert landið.

Aflahæsta veiðistöðin hingað til er Urriðafoss í Þjórsá þar sem reyndar var ekki veitt á stöng fyrr en sumarið 2017. Þar voru 502 laxar skráðir í veiðibækur í lok miðvikudags. – **gar**



**Flugu kastað í afar vatnslítinn Kvíslafoss í Laxá í Kjós.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Vilja breytt lög um smálán

**VIÐSKIPTI** Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið birti í gær áform um lagabreytingu á lögum um neytendalán á samráðsvef stjórnvalda. Starfshópur um endurskoðun á starfsumhverfi smálánafyrirtækja var settur á laggirnar fyrir ári og er fyrirhuguðu frumvarpi ætlað að bregðast við niðurstöðum hópsins.

Niðurstaða starfshópsins var sú að smálán væru þau lán sem valda neytendum mestum vanda og tillögur hópsins eru þær að óheimilt verði að innheimta gjöld og kostnað af lánunum sem er hærri en lögbundið hámark af hlutfallstölu kostnaðar. Frumvarpinu er ætlað að koma í veg fyrir að hægt verði að krefja þá sem taka smálán um óhóflegan kostnað.

Opið er fyrir umsagnir um lagabreytinguna á vef Alþingis til 2. ágúst 2019. – **bdj**

## Enn einn fyrir borð hjá Trump

**BANDARÍKIN** Alexander Acosta, atvinnumálaráðherra í ríkisstjórn Donalds Trump Bandaríkjaforseta, sagði af sér í gær. Acosta hefur sætt harðri gagnrýni fyrir það hvernig hann hélt utan um kynferðisbrotamál gegn auðjöfrinum Jeffrey Epstein er hann gegndi embætti ríkissaksóknara í Miami árið 2008.

**»» Epstein var nýlega handtekinn vegna nýrra ásakana um mansal sem á að hafa átt sér stað upp úr síðustu áramótum.**

Epstein var nýlega handtekinn vegna nýrra ásakana um mansal Málið þar sem Acosta kom við sögu snerist um ásakanir um kynferðisbrot gegn fjórtíu stelpum undir lögaldri. Acosta náði samkomulagi við Epstein um að hann þyrfti einungis að sitja inni í þrettán mánuði og þótti mörgum það of væg refsing. – **þea**

# Boðberi mannúðar í Sómalíu eða miskunnarlaus málaliði

**Athafnakonan Michele Ballarin er hergagnaframleiðandi og sjálfskipaður samningamaður í mannránum. Hún hefur þegið greiðslur frá Pentagon og boðið aðstoð í stríði gegn hryðjuverkum. Nú ætlar hún að endurreisa WOW air.**



**Michele Ballarin er sögð nýjasta von Íslendinga í lággjaldaflugi.** NORDICPHOTOS/GETTY

**VIÐSKIPTI** Michele Lynn Golden-Ballarin er á allra vörum í íslensku viðskiptalífi eftir að það kvisaðist út að hún væri kaupandi allra eigna sem tengjast flugrekstri úr þrotabúi WOW air.

Af fréttum og greinum sem um konuna hafa verið ritaðar á síðustu árum er ljóst að skoðanir þeirra sem eitthvað hafa haft af henni að segja eru mjög skiptar. Lýsa sumir henni sem montnum en velmeinandi mannúðarfrömuði en aðrir miskunnarlausum og gráðugum málaliða eða njósnara.

Ballarin er bandarísk athafnakona, fædd árið 1965. Hún ræktar hesta og selur fasteignir í Virginíufylki og hefur nýverið sett þar á laggirnar fyrirtæki sem sérhæfir sig í heilnæmu mataræði.

Hún er skráð stjórnarmaður í fyrirtækinu Select Armor, sem framleiðir skotheld vesti, og í félaginu Oasis Aviation Group, sem flýgur milli Bandaríkjanna og afríska smáríkisins Djibútí.

Mesta frægð hefur Ballarin getið sér fyrir tilraunir sínar til að miðla málum milli sómalskra mannræningja og úkraínskra stjórnvalda um síðustu aldamót en hún hafði þá tekið Sómalíu í hálfgert fóstur, og gengur þar undir nafninu Prinsessa Ballarin (Amira Ballarin).

**Allt í kringum Michele Ballarin eru blekkingarleikir.**

Keith Kloor, höfundur ítarlegrar greinar um Ballarin í Washington Post

Tilraunir hennar til að bjarga gíslum hinna sómalísku sjóræningja gengu reyndar ekki betur en svo að forsætisráðherra Úkraínu bað Hillary Clinton, sem þá var utanríkisráðherra Bandaríkjanna, um að koma konunni úr þessu sjálfskipaða hlutverki sínu. Mannræningjarnir hefðu ókyrrst mjög við afskipti hennar og hækkað kröfur sínar um lausnargjald upp úr öllu valdi.

Keith Kloor skrifaði ítarlega grein um Ballarin í Washington Post Magazine árið 2013 og fjallar þar meðal annars um samskipti hennar við bæði leyniþjónustu Bandaríkjanna (CIA) og Pentagon en í bréfi sem hún sendi CIA árið 2007 kynnti hún sig sem stjórnarformann Gulf Security Group, félags skráðu í Sameinuðu arabísku furstadæmunum, sem hafi það að markmiði að elta uppi og eyða Al Kaída hryðjuverkahópum í Afríku.

Í svari CIA var boð hennar um aðstoð í stríðinu gegn hryðjuverkum afþakkað. Ballarin sneri sér þá til hersins. Hún átti fund með embættismönnum í Pentagon vorið 2008. Á fundinum kynnti hún sig sem forstjóra fyrirtækisins Blackstar og kynnti áform þess um að setja á laggirnar matargjafa- og mannúðarstarf í Sómalíu. Ekki væri þó um raunverulegt mannúðarverkefni að ræða heldur njósnastarfsemi fyrir Bandaríkjastjórn. Sómalar, sem þæðu matargjafir, þyrftu að gefa upp nöfn sín og aðrar upplýsingar um sig sem færu í gagnagrunna Pentagon með það að markmiði að gagnast stríðinu gegn hryðjuverkum. Og Bandaríkjastjórn beit á agnið. Blackstar var lofað 200 þúsund dollurum til að byrja með, með fyrirheitum um meira ef verkefnið skilaði árangri. Samningnum var hins vegar slitið áður en langt um leið, enda leit njósnaplanið aldrei dagsins ljós. Nánar um Ballarin á frettabladid.is

**adalheidur@frettabladid.is**






# Hetjur framtíðar

Framtíðarknattspyrnuhetjur landsins voru í toppformi þegar Anton Brink, ljósmyndari Fréttablaðsins, fylgdist með þessum ungu knattspyrnustelpum etja kappi á Símamótinu í Kópavogi í gær. Mótið er nú haldið í 35. skipti.












F&F

MEIRI GÆÐI, BETRA VERÐ

FÆST EINGÖNGU Í

HAGKAUP

*Finndu okkur á instagram og facebook*

# Kænn hvati



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Helsta nýmælið í nýju frumvarpi menntamálaráðherra um Lánasjóð íslenskra námsmanna er að þeir sem ljúka prófgráðu innan tilskilins tíma geta fengið námsstyrk sem nemur 30 prósentum af höfuðstól námsláns.

Umræðan meðal hagsmunahópa stúdenta, er stundum á þá leið að eini opinberi stuðningurinn við háskólanema sé námslánakerfið. Því fer fjarri. Háskólarnir – Háskóli Íslands sérstaklega – eru opinberar stofnanir, reknar að stærstum hluta fyrir opinbert fé. Háskólastúdentar greiða skrásetningargjald sem ekki stendur undir nema broti af kostnaði. Lánasjóðurinn í núverandi mynd veitir afslátt með vaxtaívilnun, og þarf að þola afskriftir vegna þeirra sem ekki endist aldur til endurgreiðslu.

Vel má velta fyrir sér hvort smáríki eins og Ísland sé of metnaðarfullt á háskólasviðinu, eins öfugsnúið og það hljómar. Boðið er upp á allar mögulegar og ómögulegar námsgreinar. Kannski ætti að einbeita sér að kjarnagreinum og hvetja fólk til að fara utan til að sækja sér annað nám. Utanfarar snúa heim og með gullvæga reynslu, landi og þjóð til heilla.

Í frumvarpi Lilju Alfreðsdóttur kemur fram að á síðustu árum hafi meðallán hjá LÍN hækkað. Námsmenn eru lengur í námi og sækja lengra og dýrara nám. Þeir eru eldri að jafnaði. Þó hefur hlutfall þeirra sem sækja nám í útlöndum lækkað.

Háskólastúdentar taka sér lengri tíma en áður til að ljúka námi hér heima og sækja síður út. Hvorugt er æskilegt. Enginn græðir á því að fólk ílengist í námi. Droll í háskóla í stað þess að sækja sér iðnmenntun eða launavinnu er engum til góðs. Kerfið á að forða fólki frá örlögum eilífðarstúdentsins.

Frumvarp Lilju tekur á þessu. Með því að breyta hluta námslána til þeirra sem klára á tilsettum tíma í styrk, er fólk hvatt til að klára á réttum tíma. Frumvarpið gerir líka metnaðarfullum stúdentum auðveldara að sækja nám erlendis, enda eftir miklu að slægjast að fá 30 prósent lána felld niður. Munar um minna. Nám við bestu háskóla erlendis er oft dýrt – kostnaðurinn óyfirstíganleg hindrun fyrir suma.

Einhverjir munu gagnrýna útfærsluna á styrknum með þeim rökum að ekki sé ástæða til að niðurgreiða menntun frekar. En það er örugglega dýrara þegar upp er staðið að fólk fari sér óþarflega hægt í námi. Frumvarpið tekur á því og hvetur fólk til að flýta för.

Þegar rætt erum lánamál á Íslandi er gjaldmiðillinn alltaf fíllinn í herberginu. Mesta kjarabótin til langs tíma fyrir stúdenta og aðra lántaka á Íslandi væri að Ísland yrði hluti af stærra myntsvæði með stöðugri gjaldmiðli. Engin lausn er hins vegar í sjónmáli í þeim efnum.

Ráðherra virðist nýta tólin sem hún hefur skynsamlega. Ef nýtt námslánakerfi verður til þess að flýta för stúdenta og hvetja þá til að leita reynslu út fyrir landsteinana er til mikils unnið.

**Kerfið á að forða fólki frá örlögum eilífðarstúdentsins.**

1989 30 ÁRA 2019
KOMDU Í KOLAPORTIÐ
OPIÐ ALLAR HELGAR
FRÁ KL. 11.00-17.00
KOLAPORTIÐ
DÁSAMLEG DEILD SAMFÉLAGSINS

## Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Berir rassar í Tsjernóbíl

Fyrir rúmum tíu árum, í sumarfríi í Sarajevó, rakst ég á undarlegan minjagrip. Ég stóð fyrir utan búð í verslunargötu Sarajevó sem seldi silfur og koparvörur og handlék – að ég hélt – fallega útskorinn málmblómavasa.

„Þetta er skothylki úr stríðinu,“ sagði kaupmaðurinn. Ég flýtti mér að leggja stríðsleifarnar frá mér. Verslunareigandinn, sem einnig var handverksmaðurinn sem framleiddi og skreytti sjálfur vörurnar sem voru til sölu í versluninni, glotti. „Ferðamennirnir fíla þetta.“

Mér varð hugsað til þessa útsjónarsama verslunarmanns í vikunni.

### Neikvæð ímynd

Sjónvarpsþættirnir Tsjernóbíl njóta vinsælda um þessar mundir. Ein hliðarverkun vinsældanna eru ferðamenn sem flykkjast á svæðið til að taka af sér „sjálfur“. Á myndum um allt internetið má sjá fólk brosa, gretta sig og geifla og jafnvel bera afturendann mitt í eyðileggingunni sem kjarnorkuslysið olli.

Höfundur Tsjernóbíl þáttanna bað fólk nýverið um að sýna tillitssemi; hörmungar hefðu átt sér stað, harmleikur. Forseti Úkraínu, Volodymyr Zelensky, virtist hins vegar ekki taka „sjálfurnar“ óstinnt upp. Þvert á móti.

Síðastliðinn miðvikudag lýstu stjórnvöld í Úkraínu því yfir að þau hygðust gera svæðið í kringum Tsjernóbíl kjarnorkuverið að ferðamannastað. „Tsjernóbíl hefur lengi haft neikvæð áhrif á ímynd Úkraínu,“ sagði forsetinn. „Það er tímabært að því sé breytt.“

Ég klóraði mér í höfðinu yfir uppátækinu. Hvað átti manni að finnast? Var þetta ekki hálfgerð sturlun? En svo rifjaðist upp fyrir mér annar áfangastaður í Sarajevó.

### Þrjár kynslóðir

Bosníustríðið sem geisaði á árunum 1992 til 1995 er versti hildarleikur Evrópu frá lokum seinni heimsstyrjaldar. Talið er að 100.000 karla, kvenna og barna hafi látist í þjóðernishreinsunum. Tæplega 14.000 manns létust í umsátrinu um Sarajevó er borgin var í herkví.

Við upphaf umsátursins um Sarajevó bjuggu þrjár kynslóðir Kolar fjölskyldunnar undir sama þaki í úthverfi borgarinnar. En þegar árás var gerð á hverfið hrökkluðust fjölskyldan burt af heimili sínu. Síðar gerði Bosníuherinn húsið (eða það sem eftir var af því) upptækt og gróf göng frá húsinu alla leið inn í borgina. Göngin voru lífæð Sarajevó á meðan á umsátrinu stóð en um þau voru flutt matvæli, lyf, vopn og fólk.

Einhverjir úr Kolar fjölskyldunni hjálpuðu til við að grafa göngin á meðan aðrir börðust í stríðinu. Amma og afi Kolar fengu að búa í bílskúr hússins meðan það var í umsjá hersins og buðu þau gjarnan þeim sem áttu leið um göngin upp á vatnssopa og brauðbita.

Að stríðinu loknu sneri Kolar fjölskyldan aftur til síns heima. Almenningur í Sarajevó gerði sitt besta til að púsla hversdagsleikanum saman eftir átökin og endurheimta líf sitt. Göngin gleymdust.

En þegar Kolar fjölskyldunni gekk illa að koma undir sig fótunum og finna atvinnu öðluðust göngin nýjan tilgang. Fjölskyldan tóku sig til og útbjó „Gangasafnið“. Þau söfnuðu saman öllu því sem þau gátu fundið tengt sögu ganganna og sáu til þess að það litla sem eftir var af göngunum sjálfum yrði varðveitt. Gangasafnið er nú orðið eitt vinsælasta safn Sarajevó. Safnið er einkarekið og rukkar Kolar fjölskyldan gesti um aðgangseyri fyrir að berja munna ganganna og safnið augum. Göngin sem urðu Sarajevó til bjargræðis urðu lífæð Kolar fjölskyldunnar eftir stríðið.

### Stórfurðuleg dýrategund

Mannkynið er skrítið. Eina stundina er það óstöðvandi eyðileggingarafl, jafnskeytingarlaust í garð náungans og nánasta umhverfis síns; þá næstu úrræðagott, uppátækjasamt og fróðleiksfúst. Stundum er ekki annað hægt en að yppa einfaldlega öxlum yfir þessari stórfurðulegu dýrategund.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐID.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*



Tveir á toppnum frá Škoda.
ŠKODA
GX R30
TI Y86
Vertu til í allt á Kodiaq og Karoq.
Škoda Kodiaq og Karoq hafa slegið rækilega í gegn með útliti sem tekið er eftir hvar sem þeir fara og aksturseiginleikum sem gera lífið skemmtilegra. Komdu í reynsluakstur og mátaðu þig í Kodiaq eða Karoq litla bróður. Hlökkum til að sjá þig.
Škoda Kodiaq 4x4
Ambition / 1.5 TSI / Sjálfskiptur
Verð frá 5.790.000 kr.
Škoda Karoq 4x4
Ambition / 1.5 TSI / Sjálfskiptur
Verð frá 4.990.000 kr.
Škoda Karoq
Ambition / 1.6 TDI / Sjálfskiptur
Tilboðsverð 4.390.000 kr.
Listaverð 4.850.000 kr.
Afsláttur
460.000 kr.
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum
www.skoda.is
5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákveðnum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

# Er núna að uppskera laun erfiðsins

**Kylfingurinn Guðmundur Ágúst Kristjánsson náði í gær áfanga sem hann stefndi að þegar yfirstandandi keppnistímabil hófst. Hann vann sitt þriðja mót á tímabilinu í Nordic-mótaröðinni og tryggði sér þar með þátttökurétt á Áskorendamótaröð Evrópu.**

**GOLF** Guðmundur Ágúst Kristjánsson, kylfingur úr Golfklúbbi Reykjavíkur, bar í gær sigur úr býtum á Svea Leasing Open mótinu í Svíþjóð en mótið er hluti af Nordic mótaröðinni. Guðmundur Ágúst hefur nú borið sigurorð á þremur mótum á mótaröðinni á þessu keppnistímabili. Það með tryggði hann sér rétt til þess að keppa á Áskorendamótaröð Evrópu út yfirstandandi tímabil.

Hann lék þriðja og síðasta hringinn í gær á 67 höggum eða fimm höggum undir pari vallarins. Guðmundur Ágúst fékk sjö fugla á lokahringnum en hann lék hringina þrjá á 200 höggum eða 16 höggum undir pari. Hann varð fjórum höggum á undan næstu kylfingum þegar upp var staðið.



Guðmundur Ágúst Kristjánsson segir að vendipunktur hafi orðið á golfferli hans þegar Arnar Már Ólafsson byrjaði að þjálfa hann. MYND/SIGURÐUR ELVAR

**Þriðji íslenski kylfingurinn til að fá fullan þátttökurétt**

Áskorendamótaröðin er næst sterkasta mótaröð í Evrópu en Guðmundur Ágúst er þriðji íslenski kylfingurinn sem fær fullan þátttökurétt á mótaröðinni. Áður hafa Axel Bóasson og Birgir Leifur Hafþórsson náð þeim áfanga.

„Það er alveg yndisleg tilfinning að vera kominn inn á Áskorendamótaröðina, sérstaklega þar sem ég er að uppskera eftir þrotlausa vinnu síðustu þriggja ára. Ég fékk nýjan þjálfara, Arnar Má Ólafsson, árið 2016 og með honum hef ég gengið í gegnum mjög mikla tæknivinnu," segir Guðmundur Ágúst í samtali við Fréttablaðið um áfangann sem hann náði í gær.

„Ég lærði í rauninni að slá upp á nýtt eftir að ég byrjaði að æfa undir handleiðslu Arnars Más og ég næ að spila mun afslappaðra og betur tæknilega útfært golf. Hann kenndi mér að slá lengra og tók í gegn öll tækniieg atriði sem þarf til þess að bæta mig í golfi. Ég er í mínu besta formi þessa stundina og það að ná að vinna tvö mót á Nordic-mótaröðinni gerði það að verkum að ég kom fullur sjálfstrausts inn í þetta mót," segir kylfingurinn um ástæðu þess að hann er að spila svona vel þessa stundina.

> **Ég lærði í raun að slá upp á nýtt þegar ég byrjaði að æfa undir handleiðslu Arnars Más Ólafssonar árið 2016.**

**Mun betri umgjörð á allan hátt**

„Ég náði góðri forystu eftir fyrstu tvo hringina og mér leið vel fyrir lokahringinn. Það var frábært að ná að landa þessum sigri og ég er mjög spenntur fyrir því að leika á Áskorendamótaröðinni. Ég fékk smjörþefinn af því að spila þar í síðustu viku og það var mjög gaman," segir Guðmundur Ágúst en hann fékk boð um að leika í móti sem er hluti af Áskorendamótaröðinni í Slóvakíu í upphafi þessa mánaðar.

Auk þess að leika þar og vinna þau þrjú mót á Nordic-mótaröðinni sem fleyta honum inn á Áskorendamótaröðina hefur Guðmundur Ágúst tekið þátt í móti á Evrópumótaröðinni, sterkustu mótaröð Evrópu, á tímabilinu. Það var í annað skipti sem hann leikur í móti á Evrópumótaröðinni.

„Það eru mun sterkari andstæðingar, betri aðstæður og umgjörð og hærra verðlaunafé á Áskorendamótaröðinni. Þangað hefur mig langað að komast í töluverðan tíma og nú er næsta markmiðið að festa mig í sessi þarna. Ég er á leiðinni heim núna í stutt stopp og svo tek ég þátt í móti á Áskorendamótaröðinni í Austurríki strax á þriðjudaginn. Ég get ekki beðið eftir því að spila þar," segir kylfingurinn um framhaldið. **hjorvaro@frettabladid.is**

# Jón Daði til þriðja enska liðsins

**FÓTBOLTI** Jón Daði Böðvarsson, landsliðsframherji í knattspyrnu, hefur fært sig um set frá Reading til Millwall en bæði liðin leika í ensku B-deildinni og voru í fallbaráttu deildarinnar á síðustu leiktíð.

Jón Daði er fimmti leikmaðurinn sem Neil Harris, knattspyrnustjóri liðsins, fær til liðs við sig í sumar. Þetta er þriðja enska liðið sem Jón Daði leikur með en hann hefur auk Reading leikið með Wolves.

Kaupverðið á Jóni Daða er 750.000 pund en ekki kemur fram í fréttinni á heimasíðu Millwall hversu langan samning hann geri við félagið.

Hann hélt í herbúðir Reading frá Wolves sumarið 2017 en Jón Daði skoraði 10 mörk á sinni fyrstu leiktíð með liðinu og svo sjö mörk á síðasta keppnistímabili.

Eftir síðasta tímabil gerði José Manuel Gomes, knattspyrnustjóri Reading, Jóni Daða ljóst að hann væri ekki í framtíðaráformum hans og í kjölfar þess var hann orðaður við Millwall. Nú hefur hann eytt óvissunni um framtíð sína og ákveðið að leika með Millwall.

Auk ensku liðanna hefur Jón Daði leikið með uppeldisfélagi sínu Selfossi, norska liðinu Viking Stavanger og þýska liðinu Kaiserslautern.



Jón Daði Böðvarsson er genginn til liðs við Millwall. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þá hefur hann leikið 41 landsleik og skorað í þeim leikjum tvö mörk en hann hefur leikið með íslenska liðinu á lokakeppni Evrópumótsins árið 2016 og heimsmeistaramótsins sumarið 2018.

„Ég heyrði af áhuga Millwall fyrir nokkru síðan og ég er sáttur við að félagaskiptin séu gengin í gegn. Ég er spenntur fyrir því að hitta nýju liðsfélagana mína og byrja að æfa með liðinu. Ég hlakka mikið til fyrsta leiks tímabilsins og vona innilega að okkur gangi vel á næsta tímabili," segir Jón Daði um skiptin til Millwall og framhaldið. **– hó**

Canada
EMBASSY OF CANADA
TWO YEAR RENTAL
The Embassy of Canada in Reykjavik seeks an apartment containing 2 bedrooms, living-dining room kitchen, toilet-bathroom with washer/dryer & refrigerator
Please contact:
rkjvk@international.gc.ca
tel. +354-575-6503

AFMÆLIS TILBOÐ
35 ára




35 ára afmælistilboð allt að 45% afsláttur út Ágúst



- Hjólsagarblöð
- Bandsagarblöð
- Tifsagarblöð
- Fræsitennur
- Fræsihakar
- Hefiltennur
- Dósaborar
- Þrepaborar
- Handfræsitennur
- Fræsitannahausar
- Sagarblöð fyrir plastparket

freud.



Skerping ehf.
Smiðjuvegi 11 200 Kópavogi Sími. 564 2488 Gul Gata
www.skerpingehf.is

# SUMARTILBOÐ!
# BRIMBORGAR

**EINNIG:**
**SUMARTILBOÐ Á NOTUÐUM BÍLUM**

**OPIÐ Í DAG KL. 12-16**




## VOLVO V40 CROSS COUNTRY
**D2 Momentum Edition**
**120 hestafla dísil vél, 5 dyra og sjálfskiptur**

Búnaður innifalinn í D2 Momentum Edition umfram ríkulegan staðalbúnað er: Momentum útfærsla, leðuráklæði, málmlitur, leiðsögukerfi, Sensus Connect hljómtæki, 8 hátalarar, 7" skjár, Led aðalljós, Led lýsing í innréttingu, nálægðarskynjari að aftan og bakkmyndavél.

Verð: 5.238.000 kr.
**Sumartilboð: 4.390.000 kr.**

**-848.000 kr.**

**TAKMARKAÐ MAGN!**



## MAZDA CX-5 VISION
**2.0 bensín, 165 hö, sjálfskiptur, FWD**

SkyActiv spartækni, snjallhemlunarkerfi, blindpunktsaðvörun, háþróuð i-Activsense árekstrarvarnartækni og brekkuaðstoð gerir það að verkum að Mazda CX-5 er búinn öllu því besta frá Mazda. Auk þess er Mazda CX-5 með veglínuskynjara með hjálparátaki, ökumannsvaka og hraðastilli. Einnig fáanlegur fjórhjóladrifinn.

Verðlistaverð: 5.290.000 kr.
**Sumartilboð: 4.790.000 kr.**

**-500.000 kr.**



**GEGGJUÐ TILBOÐ!**

## FORD KUGA TITANIUM S AWD
**2.0 TDCi, dísil, 150 hö, 5 dyra og sjálfskiptur**

Leðuráklæði á sætum, upphitanlegt stýri, lyklalaust aðgengi og starthnappur, rafdrifinn afturhleri með skynjara, Apple CarPlay og Android Auto, SYNC3 raddstýrt samskiptakerfi, leiðsögukerfi með Íslandskorti, 8" snerti/litaskjár í miðjustokk, Easy Fuel án skrúfaðs bensínloks, dökklitaðar rúður í farþegarými, LED dagljós, bakkmyndavél, bílastæðaaðstoð, nálægðarskynjari að framan og aftan, brekkuaðstoð, upphitanleg framrúða. Öryggispakki sem innifelur m.a.: Árekstrarvörn, veglínuskynjara, ökumannsvaka og umferðarskiltalesara. Aukabúnaður: Málmlitur, 10 Sony hátalarar og bassakeila í farangursrými.

Verð með málmlit: 6.400.000 kr.
**Sumartilboð: 5.790.000 kr.**

**-610.000 kr.**



## CITROËN C4 CACTUS SHINE
**1.2 bensín, 110 hö, sjálfskiptur**

Stíll C4 Cactus bílsins er ögrandi og nútímalegur. Einstaklega þægileg sæti og ný þjóðrunartækni lætur þér líða eins og þú svífir. Shine útgáfan er vel búin. Bakkmyndavél, GPS vegaleiðsögukerfi, tölvustýrð miðstöð og raffellanlegir speglar eru aðeins dæmi um ríkulegan staðalbúnað. Komdu og prófaðu örugg gæði Citroën.

Verðlistaverð með aukabúnaði 3.990.000 kr.
**Sumartilboð: 3.640.000 kr.**
Innifalinn aukabúnaður: Shine pakki, 17" álfelgur og málmlitur

**-350.000 kr.**



**GEGGJUÐ TILBOÐ!**

## PEUGEOT 2008 ALLURE
**1.2 bensín, 110 hö, sjálfskiptur**

Peugeot 2008 Allure er glæsilegur og staðalbúnaður ríkulegur. Sætisstaðan er há og þú sest beint inn sem eykur þægindin. Vel fer um alla farþega. i-Cockpit ökumannsrýmið er einstakt og farangursrýmið er stærra en hjá mörgum sambærilegum bílum. Veghæðin er mikil, eða 16,5 cm undir lægsta punkt.

Verðlistaverð með aukabúnaði 3.650.000 kr.
**Sumartilboð: 3.250.000 kr.**

**-400.000 kr.**



***Komdu í Brimborg strax í dag og tryggðu þér nýjan bíl á geggjuðu Sumartilboði!***

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Bíldshöfða 8
Sími 515 7040

**brimborg.is**

# Framsóknarmenn fengju kjöt í karrí




**Af öllum stjórnmálaleiðtogum myndu flestir vilja fara út að borða með Katrínu Jakobsdóttur. Hún heldur þemaboð og leggur mikið upp úr trúverðugleika hvers boðs.**



Aðalheiður Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is

Tæpur þriðjungur þátttakenda í könnun Zenter fyrir Fréttablaðið vill fara með Katrínu Jakobsdóttur út að borða, frekar en með öðrum stjórnmálaleiðtoga.

Sem stjórnmálaleiðtogi nýtur hún einnig meiri vinsælda í eigin flokki en nokkur annar leiðtogi stjórnmálaflokks en 80 prósent stuðningsmanna VG vilja helst borða með henni.



**30,7%**
**Katrín Jakobsdóttir**

„Fólk finnur greinilega á sér að það skemmtilegasta sem ég geri er að fá fólk í mat. Ég held oft þemaboð og síðast var ég til dæmis með breskan mat. Ég tek þau þemu mjög alvarlega og legg mikið upp úr því að vera með trúverðugt boð.

Ég miða að sjálfsögðu matseðilinn við gestina hverju sinni. Ef ég væri til dæmis með framsóknarmenn í mat er engin spurning að þeir fengju kjöt í karrí.“

### Hnífjafnar með 13 prósent

**Þórhildur Sunna** og **Þorgerður Katrín** eru hnífjafnar að vinsældum. 13 prósent þeirra sem tóku afstöðu vilja helst borða með Þórhildi Sunnu og 13 prósent vilja helst borða með Þorgerði Katrínu. Þær eru báðar vinsælli meðal kvenna en karla og enginn teljandi munur á vinsældum þeirra eftir aldurshópum.

Þorgerður Katrín skarar hins vegar fram úr hjá háskólamenntuðu fólki og fólki með hærri tekjur en fólk með lægri tekjur og minni menntun kýs frekar að fara út að borða með Þórhildi Sunnu.

Þá eru áhangendur Þorgerðar líklegri til að styðja stjórnina en stjórnarandstöðuna ólíkt áhangendum Þórhildar Sunnu sem koma nær allir úr stuðningshópi stjórnarandstöðu.

Sem leiðtogar sinna flokka standa þær ágætlega. Um það bil helmingur flokksmanna velur þær umfram aðra við kvöldverðarborðið. Þorgerður er vinsælli meðal stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar en andstæðinga hennar. Allar vinsældir Þórhildar Sunnu koma hins vegar frá andstæðingum stjórnarinnar.



Þorgerður 13,1%



Þórhildur 13,2%



**Bjarni Benediktsson** 11,1%

Bjarni er mun vinsælli meðal karla en kvenna. Aðeins 35 prósent Sjálfstæðismanna vilja helst fara út að borða með formanni flokksins en 25 prósent þeirra vilja helst borða með Katrínu.



**Sigmundur Davíð** 10,4%

Áhangendur Sigmundar koma nær allir af landsbyggðinni en fáir í borginni kjósa hann sem borðherra umfram aðra. Hann nýtur hins vegar mikilla vinsælda í eigin flokki en 65 prósent Miðflokksmanna vilja borða með honum frekar en öðrum stjórnmálaleiðtogum.



**Logi Einarsson** 9,8%

Háskólamenntað fólk vill mun frekar borða með Loga en fólk með minni menntun. Rúm 40 prósent stuðningsmanna Samfylkingarinnar vilja borða með honum frekar en öðrum. Athygli vekur hve mikilla vinsælda bæði Katrín og Þórhildur Sunna njóta í hans flokki því 40 prósent stuðningsmanna flokksins skiptast jafnt í kvöldverðarboð með annarri hvorri þeirra.



**Sigurður Ingi** 6,3%

Þeir sem vilja helst borða með Sigurði Inga dreifast mjög víða um þjóðfélagið og koma úr öllum þjóðfélagshópum. Þeir koma úr ýmsum stjórnmálaflokkum og til dæmis vilja 10 prósent Sjálfstæðismanna helst borða með honum. Í hans eigin flokki er Katrín Jakobsdóttir hins vegar vinsælli en sjálfur formaðurinn. Rúm 28 prósent völdu hann sem borðherra en forsætisráðherra hefur tveggja prósenta forskot á hann, með 30 prósent.



**Inga Sæland** 5,5%

Það þarf ekki að koma á óvart vinsældir Ingu Sæland komi úr tekjulægstu hópunum og meðal elstu þátttakenda könnunarinnar enda berst hún með kjafti og klóm fyrir bættum lífskjörum þessara hópa. Rúm 55 prósent stuðningsmanna Flokks fólksins vilja helst fara út að borða með Ingu, en Sigmundur Davíð er líka nokkuð vinsæll meðal kjósenda flokksins. Rúm 15 prósent velja hann sem borðherra.

Pay

Nú getur þú greitt hratt og örugglega
með korti frá Íslandsbanka og Apple Pay






# 30% AFSLÁTTUR

## ALBA

Hægindastóll með eða án skemils. Svart, ljósgrátt eða brúnt leður. Blátt, sinnepsgult, ljós- eða dökkgrátt áklæði. Þægilegur og stílhreinn hægindastóll á góðu verði.

LA-Z-BOY *Live life comfortably.*



20% AFSLÁTTUR

## PINNACLE

La-Z-Boy hægindastóll. Vínrautt, svart, hvítt, ljósbrúnt eða dökkbrúnt leður.
Stærð: 84 x 97 x 107 cm

**143.992 kr.** ~~179.990 kr.~~

# LOKAH

# ENN MEIRI AFSLÁTTU



20% AFSLÁTTUR

## DEVON

Tungusvefnsófi úr slitsterku gráu eða dökkgráu áklæði. Með vinstri eða hægri tungu.. Svefnsvæði 145 × 205 cm. Góð geymsla undir tungu. Stærð: 220 x 160 x 86 cm

**151.992 kr.** ~~189.990 kr.~~



## CASPERIA

Þægilegur svefnsófi. Bleikt (Dusty Rose) sléttflauel eða dökkgrátt áklæði. Stærð: 232 × 88 × 84,5 cm

**82.493 kr.** ~~109.990 kr.~~



25% AFSLÁTTUR

## EASY

Rúmgóður u-sófi í dökkgráu slitsterku áklæði. Stílhrein hönnun. Stærð: 310 × 205 × 86 cm

**194.993 kr.** ~~259.990 kr.~~

## RIA

Nettir og einstaklega þægilegir 2ja og 3ja sæta sófar. Grátt eða dökkgrátt, slitsterkt áklæði



25% AFSLÁTTUR

2ja sæta: 152 × 83 × 79 cm

**59.993 kr.** ~~79.990 kr.~~

3ja sæta: 192 × 83 × 79 cm

**67.493 kr.** ~~89.990 kr.~~

**Reykjavík** Bildshöfði 20 — **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga

**Akureyri Dalsbraut 1** — **10 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is** 558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Gildir til 14. júlí 2019 eða á meðan birgðir endast.*







70%
AFSLÁTTUR

**MANLEY**
Hægindastóll úr dökkbláu slétt-flaueli með svörtum viðarfótum.

8.097 kr. ~~26.990 kr.~~



40%
AFSLÁTTUR

# HELGIN

## R AF VÖLDUM VÖRUM

afsláttur

**CALAIS**
Hægindastóll með skemli. Svart, ljósgrátt, ljós- eða dökkbrúnt leður.

77.940 kr. ~~129.990 kr.~~





15%
AFSLÁTTUR

**SCOTT**
Hornsófi úr sterku, koniaksbrúnu, bonded leðri (leðurblöndu). Innra byrði púðanna er úr kaldpressuðum (mjög endingargóðum) svampi, trefjafyllingu og loks mjúku yfirlagi. Fæturnir eru sterkir úr svörtu járni. Fæst með hægra eða vinstra horni (ekki færanlegt). Stærð: 293 x 217 x 85 cm

229.492 kr.
~~269.990 kr.~~



30%
AFSLÁTTUR

**OPUS**
Hægindastóll.
Svart leður og krómaður fótur.

118.993 kr. ~~169.990 kr.~~

HÚSGAGNA
HÖLLIN

# Átök fylgja pólitík

**Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir**, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, segir tækifæri fólgin í þrengri stöðu ferðaþjónustunnar eftir fall WOW air. Hún segir Reykjavíkurbréfin ekki hafa mikil áhrif á sig.



Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is



Ef þú spyrð mig þá sá ég það ekki fyrir að fara í pólitík. Ef þú hefðir hins vegar spurt æskuvinkonur mínar, var það samdóma álit þeirra að ég myndi hvergi annars staðar enda," segir Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ráðherra dómsmála, ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar og varaformaður Sjálfstæðisflokksins. Mikið hefur gengið á innan flokksins, þriðji orkupakkinn hefur reynst erfiður og tveir fyrrverandi formenn fara mikinn í gagnrýni sinni á forystuna; sérstaklega ritstjóri Morgunblaðsins. Þá tók Þórdís Kolbrún við dómsmálunum eftir að Sigríður Andersen vék úr embætti eftir að Mannréttindadómstóll Evrópu komst að þeirri niðurstöðu að pottur hefði verið brotinn við skipan fimmtán dómara við hinn nýstofnaða dómstól, Landsrétt. Þórdís tók við ráðuneytinu. „Þetta er tímabundin ráðstöfun. Við stefnum á að vera komin með nýjan ráðherra með haustinu," segir Þórdís, sem vill ekkert gefa upp um eftirmann sinn.

Hún var 19 ára gömul þegar hún hóf þátttöku í stjórnmálum og hefur gegnt embætti formanns Þórs, Félags ungra Sjálfstæðismanna á Akranesi, verið í stjórn Sambands ungra Sjálfstæðismanna, framkvæmdastjóri þingflokksins, aðstoðarmaður Ólafar Nordal heitinnar í innanríkisráðuneytinu, síðar þingmaður og loks ráðherra. Hún var samt ekki alin upp í Sjálfstæðisflokknum en segist hafa verið alin upp til að vera sjálfstæð. „Nei, málefnin voru alveg tekin heima og rædd, en það var ekki á flokkspólitískum nótum."

Hún þróaði náið samband með Ólöfu og segir hana hafa kennt sér margt. „Þetta geta orðið merkileg sambönd, ráðherra og aðstoðarmanna. Ráðherrar alla jafna leggja töluvert traust á þá sem vinna fyrir þá, að minnsta kosti gerði Ólöf það og ég geri það sjálf. Við Ólöf náðum vel saman og ég kannski gerði mér ekki grein fyrir því fyrr en seinna, að það var ekki bara ég sem hafði hlutverk gagnvart henni, heldur var hún að sinna ákveðnu hlutverki gagnvart mér. Fyrir það er ég þakklát og finn hvað ég bý alltaf að því að hafa unnið fyrir hana."

### WOW hrun?

Ferðamannabransinn hefur tekið stakkaskiptum undanfarin ár. Þórdís hefur leitt málaflokkinn síðan í byrjun árs 2017. Síðan hafa miklar breytingar orðið á landslaginu, aðallega með falli WOW air. Íslenskt efnahagslíf hefur að mörgu leyti verið talað niður eftir fall flugfélagsins og áhrif þess á ferðamannabransann. *Hvað heldur þú með framtíð ferðamennsku á Íslandi?*

„Ég hef mikla trú á henni. Það hefur margt gott gerst í greininni. Við höfum undanfarin ár verið að byggja ofan á greinina og undirstöður. Ég hef frá því að ég kom í ráðuneytið verið mjög skýr með þá sýn mína að fjöldi ferðamanna er ekki það sem skiptir öllu máli. Þessi vöxtur sem hefur verið var ósjálfbær. Það er ekki hægt að byggja upp atvinnugrein eins og þessa með 25 prósent vöxt ár eftir ár. Það að WOW hafi horfið af markaði er högg fyrir greinina og afleidda starfsemi sömuleiðis, atvinnuleysi og högg fyrir ríkissjóð. Það eru og verða afleiðingar af þessari breytingu, en í viðbrögðum við þeirri stöðu þá skiptir máli að missa ekki sjónar á þeirri langtímasýn sem ég tel ferðaþjónustuna þurfa. Sú sýn grundvallast á virði framar fjölda ferðamanna, ávinningi heimamanna um allt land, skýrum leikreglum og fyrirsjáanleika, gæðum og fagmennsku og loks þessu jafnvægi á milli verndar og hagnýtingar. Þetta er grunnurinn í leiðarljósum ferðaþjónustunnar sem unninn var með fulltrúum greinarinnar og sveitarstjórnarstigsins."

### Anda í kviðinn

Sumir sérfræðingar hafa sagt að fall WOW muni ekki hafa teljandi áhrif. WOW kom með fólkið á tíma þegar við vorum að halda og gerði vel í því. Nú er búið að byggja upp innviðina, reynslan og þekkingin er til staðar og við erum að fá betur borgandi ferðamenn, þótt þeir séu færri. *Hvað finnst þér um það?*

„Þetta er alltaf spurning um hvort glasið er hálftómt eða hálffullt. Það eru tækifæri í þessari stöðu eins og alltaf þegar staðan verður erfið. Við þurfum að nýta þau. Við sjáum að ferðamenn eru að dvelja lengur, meðaleyðsla þeirra er að aukast og við erum þannig ferðamannaland að við stefnum ekki á fjöldann með sama hætti og aðrir kunna að gera. Við eigum að byggja ferðaþjónustuna þannig upp að verð og gæði haldist í hendur. Við erum 350 þúsund og erum með sjö ferðamenn á hvern íbúa. Það er ein jafna sem þarf að horfa til. Staðan er sú að með aðgerðum stjórnvalda, en fyrst og fremst með einkaframtakinu, erum við að koma okkur í góða stöðu. Það eru að byggjast upp framúrskarandi fyrirtæki, afþreying og þjónusta. Það eru flott hótel að byggjast upp. Það er mín staðfasta trú að ef við höldum rétt á spöðunum, sköpum réttar aðstæður, þá kemur rest. Við eigum að anda aðeins ofan í kviðinn og hugsa, hvað viljum við?" spyr Þórdís.

„Ég setti til að mynda af stað verkefni sem heitir Jafnvægisásinn sem gengur út á að finna hver þolmörk okkar eru út frá efnahagslegum, umhverfislegum og samfélagslegum þáttum. Ég vildi búa til eitthvað sambærilegt fiskveiðistjórnunarkerfinu nema fyrir ferðaþjónustu – þó svo að ferðaþjónusta sé eðlisólík. Þetta eru manneskjur sem eru að heimsækja landið og það snertir á öllum helstu innviðum og fólkinu sem hér býr. En ég held að við eigum heilmikið inni, ekki síst úti á landi. Fall WOW var högg, en engin endalok heldur," útskýrir Þórdís.

> SJÁÐU BARA HÓPINN SEM ER AÐ BYGGJA EDITION. ÉG ER EKKI VISS UM AÐ ALLIR ÁTTI SIG Á ÞVÍ HVAÐ ÞETTA ER STÓRT.

### Sjálfsprottin byggðaaðgerð

„Við eigum að vera óhrædd við að vera selektív á ferðamenn og markaði," segir hún. „Það þarf að stýra aðgengi að ferðamannastöðum, þannig dreifist ferðaþjónusta um landið og árstíðir. Það er stórmerkilegt að fara um landið og sjá það berum augum hverju ferðaþjónustan hefur skilað. Blómlegri byggðir úti um allt land, meiri þjónusta, menning, veitingastaðir, afþreying. Þetta er sjálfsprottin byggðaaðgerð. Það skiptir máli að vel takist til. Okkur hefur tekist að dreifa ferðamönnum yfir árið, en eigum mikið inni varðandi dreifingu um landið. Ég trúi því að þau svæði verði eftirsóknarverðari með tímanum, en við þurfum að markaðssetja þau. Símar og samfélagsmiðlar breyttu „word of mouth" þannig að í stað þess að einn vinur ferðamannsins heyri af frábæru ferðalagi til Íslands upplifa það svo miklu fleiri í beinni útsendingu," segir Þórdís og bætir við að það sé mikilvægt að elta ekki eftirspurn á öllum stöðum án þess að taka meðvitaða ákvörðun um hvaða staði við viljum byggja upp með innviðum.

„Sumir staðir eru bara þannig og eiga að vera þannig áfram að þú byggir ekki upp. Hlutverk mitt er að skapa réttar aðstæður – passa að ríkið sé ekki fyrir. Kæfandi umsvif hins opinbera skila engu. Ferðaþjónustan er eitt besta dæmið um hverju einkaframtakið getur skilað. Ég hef mikla trú á ferðaþjónustunni. Þótt við þurfum að fara í ákveðnar aðgerðir til þess að takast á við næsta vetur, því það urðu vissulega sviptingar, þá bara förum við í það."

### Ekki endilega afsláttur

Hún á ekki endilega við um afslátt af lendingargjöldum eða annað sem hefur verið rætt í samhengi við fall WOW. „Aðallega markaðssetningu á landinu. En það má ekki gleymast að við höfum verið í samfelldu markaðsátaki síðan 2010. Stundum er eins og fólki tali um Inspired by Iceland í þátíð en það er enn þá í gangi. Það er búið að vera svo gott sem á fullum afköstum frá því fór að gjósa."

*Var þetta Inspired by Iceland myndband endilega besta markaðssetningin? Var það ekki einmitt gosið í Eyjafjallajökli sem setti okkur á kortið? Myndbandið hvatti til utanvegaaksturs og þess að fólk baðaði sig í sjóðheitum hverum.*

Þórdís hlær. „Við höfum auðvitað lært mikið og erum farin að markaðssetja landið miklu meira í samhengi við náttúruvernd og ábyrga ferðahegðun. Við erum á réttri leið. Heimagistingarvaktin er dæmi um það," segir Þórdís og á þar við átaksverkefni á vegum ráðuneytis hennar um ólöglega skammtímaleigu á borð við Airbnb.

„Að ná tökum á nýjum veruleika. Það hefur skilað sér í því að ríkissjóður fær út úr þessu meira en það sem við lögðum í verkefnið. Og það réttir af samkeppnisstöðu fyrirtækja í greininni sem eru að borga skatta og skyldur. Svo hefur það þau afleiddu áhrif að fleiri íbúðir eru að fara á sölu og í langtímaleigu."

### Edition er stórmál

Þórdís hefur frá mörgu að segja þegar ferðaþjónustan er annars vegar. „Sjáðu bara hópinn sem er að byggja Edition-hótelið við Hörpu.

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir er ráðherra ferðamála, iðnaðar, nýsköpunar og dómsmála. FRÉTTABLAÐIÐ/ ANTON BRINK


KRÓNAN
Pylsa eða pulsa,
löööng eða stutt?
þitt er valið!
Ódýrt
BARA
PYLSUR 10 STK.
Bara pylsur, 10 stk.
399 kr. pk.
Ketó Grískar Feta pylsur
Gríska feta pylsur, 8 stk.
1199 kr. pk.
Silver Spring
Jalapeño Mustard
Beer'n Brat Horseradish Mustard
Honey Mustard
Silver Spring sinnep, 269 g
379 kr. stk.
GRILL
ROOOOSALEGA LÖÖÖNG PYLSU BRAUÐ
Rooosalega löng pylsubrauð, 2 stk.
369 kr. pk.
GRILL
ROOOOSALEGA LAAANGAR PYLSUR
PYLSUR 100% ÍSLENSKT
Krónan mælir með!
Rooosalega langar pylsur, 4 stk. með Cheddar osti og karmeluðum lauk
899 kr. pk.
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.



**Þórdís Kolbrún segir mikilvægt fyrir forystu flokksins að fá nýtt fólk til fylgis við sig. Hún fór í pólitík til að hafa áhrif á flokkinn til framtíðar, ekki fortíðar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ég er ekki viss um að allir átti sig á því hvað þetta er stórt. Það segir mikið um hvers konar áfangastaður við erum. Svona verkefni eru að setja ferðaþjónustu upp á næsta stig," segir Þórdís, en hönnuðurinn Ian Schrager er maðurinn á bak við Edition-hótelin. Schrager hefur verið kallaður „faðir boutique-hótelanna" og „Steve Jobs hótelbransans". Upphaflega öðlaðist hann frægð fyrir að hafa stofnað næturklúbbinn margrómaða Studio 54 í New York á áttunda áratug síðustu aldar.

*Eiga ferðamálin hug þinn allan?*

„Fyrst fór mestur tími í ferðamálin og við höfum komið miklu til leiðar. Ragnheiður Elín [Árnadóttir, fyrrverandi ráðherra ferðamála] setti sumt af stað, sem við höfum með tímanum og aukinni þekkingu sett í fastari skorður. Ábyrgðin er skýrari. Málaflokkarnir sem ég ber ábyrgð á eru ótrúlega spennandi; nýsköpunarmálin sem eru grundvöllur frekari verðmætasköpunar og fara um allt. Orkumálin sem eru í mikilli gerjun."

## Ekki hægt að beygja sig alltaf

*Talandi um orkumál, það hefur reynst þér og þínum flokki erfitt að innleiða þriðja orkupakkann.*

„Það er augljóst að það er deilt um orkupakkann. Ég hef lagt mig fram um að koma upplýsingum á framfæri. Ég hef átt hreinskiptin samtöl við alls konar Sjálfstæðisfólk og aðra um orkupakkann. Við höfum lagt í mikla vinnu, breytt málinu og brugðist við áhyggjum. Það að vera stjórnmálamaður snýst ekki um að hlusta á skoðanakannanir eða beygja sig fyrir þeim eða þegar einhver skrifar um mál með ákveðnum hætti heldur að hlusta á sína sannfæringu og klára mál, þó þau séu erfið. Ég fór ekki í pólitík af því að ég héldi að það væri auðvelt. Þriðji orkupakkinn er hluti af öðru, stærra samhengi. Hluti af því að standa vörð um EES."

*En landsfundarályktun flokksins sagði að flokkurinn hafnaði frekara framsali á orkuauðlindum.*

„Við erum með engu móti að framselja auðlindir í innleiðingu á orkupakkanum," segir Þórdís. „Ég myndi aldrei styðja mál sem fæli það í sér. Málið snýst um réttindi neytenda og upplýsingaskyldu orkufyrirtækja sem eru að mestu opinber. Umræðan hefur að miklu leyti snúist um sæstreng. Alveg óháð þriðja orkupakkanum væri hægt að leggja sæstreng. Það er jafn erfitt að gera það núna og áður. En vegna umræðunnar höfum við girt fyrir það að hægt sé að leggja sæstreng með ákvörðun eins ráðherra einhvern tíma í framtíðinni. Nú er það allt Alþingi sem þarf að samþykkja slíka framkvæmd og opnað hefur verið á þjóðaratkvæðagreiðslu um framkvæmdina ef einhvern tímann kæmi til þess að slík framkvæmd kæmist á dagskrá. Því hún er ekki á dagskrá þessarar ríkisstjórnar."

Þórdís Kolbrún segir það nauðsynlegt að regluverk EES þróist. „Við hefðum ekki viljað að regluverkið á fjarskiptamarkaði hefði staðið í stað – hann er núna miklu ódýrari, neytendur meðvitaðri um rétt sinn. Þetta er það sem þarf að gerast í orkumálum. Sjálfstæðisflokkurinn er á móti ESB-aðild og þess þá heldur er EES-samningurinn mikilvægur. Við þurfum að vera með sterka hagsmunagæslu fyrir Íslands hönd í því samstarfi. Það er það sem við erum að auka í okkar tíð í utanríkisráðuneytinu. Það er ekki þannig að við tökum allt beint af kúnni eins og það kemur frá Evrópusambandinu og innleiðum hér," útskýrir Þórdís.

## Sviptivindar

*Tölum aðeins um flokkinn. Það hefur margt gengið á. Sigríður Andersen víkur úr ráðherrastóli og þú tekur við. Hvernig hefur það verið?*

„Það kom upp staða sem þurfti að bregðast við og ég var tilbúin. Ég tek það verkefni alvarlega og hef gert mitt besta til að vanda til verka."

*En þetta hlýtur að taka á, með alla þessa málaflokka og svo mikil átök innanflokks? Hvernig sérðu fyrir endann á þessum átökum? Er ekki erfitt þegar svo virðist sem verið sé að rífast um grundvallarplagg eins og EES-samninginn?*

„Ég er þeirrar skoðunar að EES-samningurinn sé einn okkar mikilvægasti fjölþjóðasamningur. Það var Sjálfstæðisflokkurinn sem leiddi okkur inn í það samstarf undir forsæti Davíðs Oddsonar. Það var heillaskref. Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins er þeirrar skoðunar að EES-samningurinn sé mikilvægur. Flokkurinn byggir mjög á alþjóðasamstarfi. Það er svo alveg eðlilegt að ræða stöðu samningsins og stöðu okkar innan hans. Það er ekki bannað að ræða um EES, hvar á að stíga niður fæti og hvernig hann þróast," segir Þórdís.

## Tímarnir breytast

Hún segir engan flokk búa við jafn öfluga og þétta grasrót og Sjálfstæðisflokkinn, en: „Það eru fleiri og fleiri kjósendur sem skuldbinda sig ekki ákveðnum flokki. Við þurfum að hafa kjark til þess að tala við alla kjósendur og ná eyrum almennings. Ég fór í pólitík til að hafa áhrif á flokkinn til framtíðar, ekki til fortíðar. Það eru tugir þúsunda Íslendinga sem eru á kjörskrá í dag sem voru það ekki árið 2005. Við verðum að vera óhrædd við að fá nýtt fólk til fylgis við okkur. Þá þarf maður að tala skýrt," útskýrir Þórdís.

„Flokkurinn okkar er 90 ára gamall og verður til úr Íhaldsflokknum og Frjálslynda flokknum. Alla tíð hafa þessir tveir armar unnið saman. Það hefur verið farsælt í þessi 90 ár enda hvort tveggja gott. Ég er að hluta til íhaldssöm, þó að ég sé oft staðsett í „frjálslynda armi" flokksins. Íhaldssemi er góð. Sjálfstæðisflokkurinn er breiðfylking og hefur verið kjölfestan í íslenskum stjórnmálum frá stofnun. Það er áskorun fyrir flokkinn að nú séu átta flokkar á þingi. Þegar Sjálfstæðisflokkur fór fyrst á þing voru þeir þrír. Pólitíkin hefur breyst undanfarin ár. Ég ætla ekkert að gerast spámaður um það hvernig þetta þróast en það er búið að umbylta upplýsingagjöf og hvernig fólk hefur samskipti og kemur skoðunum sínum á framfæri. Allir hafa rödd, fréttatímar hafa öðru hlutverki að gegna en áður, blöðin, samfélagsmiðlar, vefmiðlar. Það kann að vera að einhverjum þyki eftirsóknarvert að stofna nýjan flokk sem oft er einhvers konar einnar raddar flokkur og spreyta sig. Mér finnst skipta máli að Sjálfstæðisflokkurinn starfi áfram á sínum forsendum en ekki forsendum smáflokka. Það þýðir að það verða skoðanaskipti innan flokksins. Hörð skoðanaskipti hafa alltaf verið hluti af Sjálfstæðisflokknum, það hefur verið styrkur hans," segir hún og lýsir því hvernig hún gekk til liðs við flokkinn.

> **ÞAÐ ER AUÐVITAÐ NÝ STAÐA AÐ VERA MEÐ TVO ÖFLUGA FYRRVERANDI FORMENN SEM TALA Í EINSTAKA MÁLUM GEGN FORYSTUNNI**

## Þykir vænt um flokkinn

„Ég fann mig í Sjálfstæðisflokknum út frá stefnunni og grundvallarsjónarmiðunum. Mér þykir vænt um flokkinn og um grasrótina, fólk sem leggur á sig til að vinna flokknum framgang og mæta á fundi og taka að sér trúnaðarstörf. Mér þykir vænt um stefnuna. Þetta snýst um jafnvægi milli íhaldssamra sjónarmiða og þeirra frjálslyndu og að mínu viti eiga sum svið að vera íhaldssöm og önnur ekki. Réttindi fólks, hvað fólk má heita, hvernig það skilgreinir sig eða hvaða fólk það elskar, í mínum huga á það að vera mjög frjálslynt. Hlutverk stjórnmálamanna er ekki að segja fólki hvert það er. Svo má tala til dæmis um réttarríkið, sem er í eðli sínu íhaldssamt kerfi og á að vera það. Þannig að skoðanaskipti í flokknum út frá einstaka málum eða um forystuna eru ósköp eðlileg.

*Finnurðu semsagt ekki fyrir neinu kynslóðabili innan flokksins?*

„Það eru svo mörg mál almennt þar sem er hægt að lesa afstöðumun eftir aldri, búsetu, stundum eftir kyni og svo framvegis. Það þýðir ekki að svarið sé að stofna enn einn flokkinn sem tekur utan um þann afstöðumun," segir hún og segir samfélagið breytast hratt.

„Manneskjan er þannig gerð að hún er almennt ekki tilbúin í miklar breytingar á skömmum tíma. Ég á í góðu samtali við eldri Sjálfstæðismenn eins og yngri. Það að einstakir menn séu að skrifa greinar í blöð með ákveðnum hætti, hefur ekki meiri áhrif á mig en samtal við ungan Sjálfstæðismann. Þetta snýst um að hafa tilfinningu fyrir því hvernig hjartað slær í flokknum og í samfélaginu. Ég fer reglulega á fundi hjá SES, Sambandi eldri sjálfstæðismanna, þar mæta hátt í 100 manns í hverri viku. Þetta eru oft mjög dýnamískir fundir; fólk sem er algjörlega með puttann á púlsinum, miklar skoðanir og uppbyggilegt sjónarhorn á hlutina. Oft manns helsta stuðningsfólk."

## Formenn senda pillur

*Hvað með Reykjavíkurbréfin? Ertu orðin þreytt á þessum pillum?*

„Það er auðvitað ný staða fyrir Sjálfstæðisflokkinn að vera með tvo öfluga fyrrverandi formenn sem tala í einstaka málum og reglulega gegn eða að minnsta kosti með ólíkum hætti um þau mál en forysta og þingflokkur Sjálfstæðisflokksins. Það er bara staðan. En ég veit fyrir hvað ég stend og ég vinn samkvæmt því. Það hefur verið gott veganesti hingað til. Á meðan ég hef umboð til þess að vinna áfram þá geri ég það á grunni þess sem ég trúi á. Með skýra sýn á þá málaflokka sem ég ber ábyrgð á, almennt í pólitík og sem varaformaður Sjálfstæðisflokksins. Flokkur sem ætlar að eiga 90 ára framtíð eins og 90 ára sögu, forysta þess flokks þarf líka að hafa hugrekki til þess að standa á sínu og bera það á borð hvert hún vill fara," segir Þórdís Kolbrún.

„Auðvitað vil ég að fólki, sem er í raun sammála grundvallarstefnu flokksins, finnist það geta átt heima í flokknum. Ég vona að í framtíðinni muni fleiri sem hafa yfirgefið Sjálfstæðisflokkinn, í hvaða átt sem þeir fóru, finni sig aftur í flokknum."

Hún segist hvergi af baki dottin, þrátt fyrir að gefi stundum á bátinn. „Ég hef gert mitt besta til að vinna vel þau verkefni sem ég hef fengið, vandað mig og verið auðmjúk gagnvart þessum verkefnum en samt fylgt minni sannfæringu og dómgreind. Ég hef reynt að raða í kringum mig góðu fólki sem vegur mig upp og oft er mér ósammála. Ég veit fyrir hvað ég stend og ég er óhrædd við það."

# 10 nýjungar frá Ella's Kitchen




Fingra-
matur







Ávaxta- og
grænmetis-
skvísur










Grænmetis-
skvísa

Kvöldverða-
skvísa













Ella's kitchen organic

# Þar munu göldróttir og goð lifa

Veglegt tjald setur nú svip á Seljanes, milli Ingólfsfjarðar og Ófeigsfjarðar á Ströndum. **Elín Agla Briem**, þjóðmenningarbóndi og hafnarstjóri í Norðurfirði, á það og reisti með góðra manna hjálp. Tjaldið hefur vakið tortryggni virkjunarsinna og því er vert að spyrja hana hvað hún hyggist fyrir.



Elín Agla efnir til veislu í tjaldinu í dag, handverksfólki til heiðurs. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Elín Agla Briem, hafnarstjóri í Norðurfirði, kveðst lengi hafa átt sér þann draum að stofna þjóðmenningarbýli og -skóla í Árneshreppi. „Ég er þjóðmenningarbóndi en vantaði jarðnæði. Í fyrra fékk ég styrk til að kaupa mongólskt tjald og líka leyfi hjá Drangamönnum til að setja það upp á Seljanesi. Tjaldið kom norður í fyrrasumar og undirbúningur fyrir uppsetningu þess hófst 19. maí í vor. Seljanes er svolítið utan alfaraleiðar, þangað er um hálftíma keyrsla frá Norðurfirði og ég hefði aldrei getað þetta nema af því að margt gott fólk hefur hjálpað mér. Það komast engar vinnuvélar á svæðið heldur er bara handaflið sem gildir en það er mikil gleði í þessu verkefni því allir hjálpast að og það kveða við dillandi hlátrasköll. Svo er hitað kaffi og sumir fá sér rauðvín.

Tjaldið er sem sagt þjóðmenningarbýli sem ber nafnið Þetta Gimli og þar er fyrirhugað að halda námskeið og veislur, rifja upp handverk, segja sögur, fara með kveðskap, syngja og spila tónlist, allt það sem hefur gætt líf okkar gleði og gildum gegnum aldirnar. Það er það sem við erum að hlúa að.“

Einhverra hluta vegna bitu virkjanasinnar þó í sig að helsta ógn við virkjunina væri þetta tjald, að sögn Elínar Öglu. „Fyrst heyrði ég sögusagnir um að tjaldið ætti að verða mótmælendabúðir og maður á níræðisaldri sem erfði hluta af Seljanesi, en á ansi bágt með skapið í sér, hótar mér lögreglu og vinnuflokki til að taka tjaldið niður – á minn kostnað.“

Þú hefur þó ekki verið áberandi undanfarið í baráttu gegn virkjuninni, bendi ég á. „Nei, alls ekki og hef í raun aldrei barist gegn henni. Þegar fyrst var talað um virkjun fylgdi sögunni að nýr vegur yrði lagður í hreppinn og einhver störf sköpuðust í sveitinni, og úr því samfélagsáhrifin áttu að verða svona jákvæð setti ég mig ekki upp á móti henni. En fyrir opinberan fund í hreppnum á vegum VesturVerks í apríl 2017 settist ég yfir skýrslur um málið og sá að þessar forsendur voru fallnar svo ég fylltist efasemdum. Ég bý jú þarna og kannski má ég hafa skoðun á þessu. Við Valgeir Benediktsson í Árnesi stóðum fyrir málþingi í júní þetta ár þar sem öllum var gert kleift að tjá sig, þar voru fulltrúar frá Orkubúinu og Landsneti og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, sem þá var formaður Landverndar en nú umhverfisráðherra. Sama sumar kom ég í viðtal í Fréttablaðinu. Síðan hef ég ekki tjáð mig, hvorki á Fésbók né nokkurs staðar svo að gera mig að forystumanni alls andófs og þann sem verður að taka niður til að virkjunin fái framgang sýnir bara að menn eru gengnir af göflunum – ég er nýbúin að læra að það þýðir að hús hrynji og bara gaflarnir standi eftir. Við erum bara að tala um mongólskt tjald sem stendur í tvo mánuði, gegn milljarða framkvæmd og hundruðum ferkílómetra sem fara undir. Þetta eru andstæðurnar.“

### Fagnaður í dag í tjaldinu

Tjaldið var reist 30. júní og Elín Agla kveðst búin að sofa í því. „Það var bara dásamlegt,“ segir hún brosandi. Kveðst svo hafa skutlast í bæinn til að sækja tvær vinkonur sínar frá Kanada sem ætli að taka þátt í samkomu í tjaldinu í dag, 13. júlí. „Þá bjóðum við til fagnaðar handverksfólki til heiðurs, bæði úr sveitinni og víðar að, það er fyrsti viðburðurinn.

Það næsta sem gerist er að Stephen Jenkinson, sem ég hef gengið í skóla hjá í Kanada síðustu sjö ár, er að koma í þessum mánuði í þriðja sinn í Árneshrepp. Hann kom með 80 manns í fyrra frá Bretlandi á fimm daga námskeið en nú er hann að túra með hljómsveit um Bandaríkin, Ástralíu og England og ásamt honum koma fjórir úr hljómsveitinni. Þeir kalla prógrammið Nights of Grief & Mystery, það snýst um tónlist og sögur sem Stephen segir.

Stephen er mesta kraftaskáld og umbreytingarafl sem ég þekki, skrifar bækur og heldur fyrirlestra úti um allan heim. Hann mun fjalla um sögu okkar frá landnámi til okkar daga, um baráttuna í heiminum sem snýst um ágang á auðlindir jarðar, að græða og rifa á hol jörðina, um stóru átökin og erfiðar hliðar mannlífsins.

Þetta er lokabaráttan og eins og annað kemur hún síðast í Árneshrepp. Rafmagnið kom þangað ekki fyrr en 1977, vegurinn ekki fyrr en 1966. Allt kemur síðast þangað, þess vegna lifir eitthvað þar sem er dáið annars staðar, þar er fólk fætt af þessu landi og hefur verið þar kynslóð fram af kynslóð og yrkt landið í auðmýkt. Nú á að breyta Árneshreppi í gull. Í Völuspá er okkur sagt hvernig þetta gerist, lokastríðið kviknar út af gullinu og í ragnarökum brennur jörðin. Stríðið stendur á mörgum stöðum, núna er það í Árneshreppi og á sama tíma og lokaorrustan geisar rís tjald sem heitir Þetta Gimli því Gimli er staður í ragnarökum þar sem hlé er frá eldinum. Þar munu göldróttir og goð lifa. Þetta er ekki ný saga.“




„Það komast engar vinnuvélar á svæðið heldur er bara handaflið sem gildir en það er mikil gleði í þessu verkefni,“ segir Elín Agla um uppsetningu tjaldsins.

**AÐ HANN SKULI FARA SVONA GEGN MÉR OG ÞESSU LITLA TJALDI ER BARA ÓTRÚLEGT.**

### Sleit sambandi við náttúrusinna

Elín Agla tekur fram að íbúar Árneshrepps séu almennt ekki að hljóta gull með þessari virkjun, ekki nema landeigandinn, hann sé líka reiðastur allra. „Að hann skuli fara svona gegn mér og þessu litla tjaldi er bara ótrúlegt og ég held að enginn af sveitungunum taki undir hans sjónarmið, því þeir eru vinir mínir. Ég hef búið hér í tólf ár og barnið mitt er fætt hér. Þegar náttúruverndarbaráttan hófst 2017 vildu margir eigna sér mig – hafa íbúann með sér – en þegar ég heyrði á tal öfgafullra náttúrusinna, hvernig þeir töluðu um fólkið í Árneshreppi þá sleit ég öllu sambandi við þá, því það var mjög óþægilegt. Þess vegna hef ég ekki sagt orð eða tekið þátt í neinu starfi. Ég set ekki nafn mitt við þannig öfgar.

Ég hef unnið að því síðustu tvö ár að reyna að viðhalda þorpsvitund og samfélagi, þannig að það að ráðast gegn mér ber vott um mikla hugsanavillu og rembu. En þessar deilur hafa óhjákvæmilega afleiðingar í samfélaginu. Það er ekki hægt að taka allt til baka sem sagt er. Sumt hefur orðið og mun alltaf hafa orðið.“

bauhaus.is

# BAUHAUS®

BLACK+DECKER RYOBI BOSCH DEWALT STANLEY FATMAX AEG TJEP Makita metabo Real Bosch! Fein



7.195.-

RYOBI

**Skrúfvél Ergo 4V**

Þessi litla netta skrúfvél er hentug fyrir flest verkefni á heimilinu, til dæmis þegar setja þarf saman ný húsgögn eða svipuð verkefni. 10 x mismunandi skrúfstykki (Hex). 1 x hleðslutæki.



12.595.-

RYOBI

**Kastaraljós**

2 LED-ljós með snúning upp á 270 gráður sem ekki verða heit. Þessi blendingslampi er hluti af ONE-vörulínunni. ONE+-kerfið.



15.695.-

RYOBI

**One+ fjölverkfæri**

R18MT-0. Fjölverkfæri, 18V. Mismunandi hraði í 6 þrepum. Snúðu höfði í 4 stöður. Sveifluhraði 110.000-20.000 snún./mín. Gúmmíklætt handfang. Rafhlaða og hleðslutæki fylgja ekki.

## VERIÐ VELKOMIN Í NÝJA OG STÓRGLÆSILEGA VERKFÆRADEILD Í VERSLUN OKKAR. ÞAR FÁST ÖLL HELSTU MERKIN Á EINUM STAÐ OG EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF RAFMAGNSVERKFÆRUM.



RYOBI

**Iðnaðarmannasett**

R18DD3. Snúningsvægi 50 Nm. 2 gírar. 0-500/0-1800 snún./mín. 13 mm slitþolin borpatróna. Inniheldur 2 stk. 1,3 Ah Li-Ion rafhlöður, 2,0 Ah hraðhleðslutæki og sterkbyggða verkfæratösku.

29.995.-





Makita

**Borvél 18V**

Góð vél fyrir heimili og fyrir létta atvinnustarfsemi. Með 2 Ah Li-ion rafhlöður. Hraði 1 0-400 t.p.m. Hraði 2 0-1400 t.p.m. Kraftur 42 NmStærð patrónu 13 mm. Þyngd 1,7 kg. Kemur í tösku með aukahlutum t.d. veglegu bitasetti og LED-ljósi. Góð taska fylgir með.

29.995.-



STANLEY FATMAX

**Bor-/skrúfvél**

Stanley Fatmax. 18 V. Með ljósi, 2 x 2,0 Ah rafhlaða, í tösku.

40.995.-



BOSCH

**Fræsari**

POF 1200 AE. 1.200 vött. 11.000-28.000 snún./mín., Hám. högglengd 55 mm. Inniheldur snældu og útblástur.

14.195.-

## MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

## OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

**BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is**




Sunna Dís Másdóttir og Guttomur Þorsteinsson með stafla af vinsælum bókum á Bókasafninu í Sólheimum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Guðrún frá Lundi, Potter og Andrés önd

Blaðamanni Fréttablaðsins lék forvitni á að vita hvaða bækur njóta mestra vinsælda á bókasöfnum á höfuðborgarsvæðinu. Gott fólk lagði honum lið og hér birtast niðurstöðurnar.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Metsölulistar byggðir á sölu í bókabúðum landsins birtast reglulega en hvaða bækur eru það sem áhugasamir lesendur næla sér í á bókasöfnum? Blaðamaður ákvað að forvitnast um það. Sunna Dís Másdóttir, sem nýverið lét af starfi verkefnastjóra bókmennta á Borgarbókasafninu, tók að sér á síðustu vikum sínum í starfi að rýna í tölfræðina og tók saman lista yfir topp 10 bækurnar á sex bókasöfnum í Reykjavík: Grófinni, Kringlunni, Sólheimum, Spönginni, Árbæ og Gerðubergi. Bækurnar eru flokkaðar í fullorðinsbækur, barnabækur og unglingabækur. Taka skal fram að hér er ekki um hávísindalega könnun að ræða, hún er gerð til skemmtunar en ætti þó um leið að vera nokkuð upplýsandi.

### Breytt hlutverk

Blaðamaður hitti Sunnu Dís og Guttorm Þorsteinsson bókavörð í Kringlunni og spurði þau um áhuga fólks á bókasöfnum og listarnir góðu komu vitanlega einnig til tals.

„Ég held að það fari ekki fram hjá neinum sem stunda bókasöfn að það hefur heilmikið breyst í starfi þeirra síðustu fimm til tíu árin. Alls konar viðburðahald hefur stóraukist og bókasöfnin vinna markvisst að því að vera menningarhús. Það eru mörg og fjölbreytt verkefni í gangi. Meðal nýjunga hjá Borgarbókasafninu má til dæmis nefna tilraunaverkstæði þar sem unnið er með tæknilæsi barna og þeim meðal annars kennt að forrita,“ segir Sunna Dís.

„Stór hluti af starfi mínu felst í að halda utan um viðburði sem eru orðnir að föstum liðum eins og leikhúskaffi, sögustundir og fyrirlestrar,“ segir Guttormur.

Þau segja alla hópa sækja söfnin, en einn hópur er þar afar áberandi. „Á bókasöfnum gildir það sama og á öllum menningarviðburðum landsins, það eru konur á miðjum aldri og uppúr sem halda uppi menningarlífinu,“ segir Guttormur. Sunna bætir við að mikið sé um að foreldrar komi með börn sín og nýti sér safnkostinn, en á söfnunum eru mjög góð svæði fyrir börnin. „Það er dálítið mismunandi eftir söfnum hvernig gestahópurinn er. Bókasafnið í Sólheimum er hverfissafn með fastagesti úr nánasta umhverfi, í Kringluna kemur mikið meira fólk sem er á leiðinni milli bæjarhluta og í Grófinni er mikið um ferðamenn og fólk sem sækir í miðbæinn,“ segir Sunna.

### Dalalíf á toppnum

En hvað vill fólk helst lesa? Topp 10 listarnir sýna það nokkuð vel. „Þegar kemur að bókum fyrir fullorðna kom ekki sérstaklega á óvart að einu sinni sem oftar er Dalalíf eftir Guðrúnu frá Lundi í efsta sæti í fjórum af sex söfnum. Undantekningin er Grófin þar sem eru myndasögur fyrir fullorðna í fjórum efstu sætunum, en þar er stærsta myndasögusafn á Íslandi og mikið stundað af þeim sem hafa áhuga á þeim. Svo tókst Jo Nesbø að skáka Guðrúnu frá Lundi í Árbænum,“ segir Sunna Dís. „Guðrún frá Lundi hefur verið vinsæl áratugum saman og manni finnst það fallegt og skemmtilegt að hún tróni á toppnum ár eftir ár. Við vorum með sýningu um hana sem hefur farið víða um land og þegar við vorum að setja hana upp í Grófinni fann maður hvað það er mikill áhugi á Guðrúnu.“



Guðrún frá Lundi hefur í áratugi notið gríðarlegra vinsælda meðal lesenda og ekkert virðist geta breytt því.

### Potter og Andrés önd

Þegar kemur að unglingabókum er myndasaga í efsta sæti, en Harry Potter og viskusteinninn er í öðru sæti og ekki munar miklu á þeim. Segja má að Harry Potter einoki listanna en fimm bækur í bókaflokknum eru á topp 10 listanum. Japanska manga myndasagan Fairy tail er gríðarlega vinsæl, þar er rétt að hafa í huga að þar er um að ræða mörg eintök úr seríunni – það er ekki ein og sama bókin sem er svo oft í útláni, heldur nokkrar bækur í flokknum.

Á barnabókalistanum eru Andrés önd, Einar Áskell og Kiddi klaufi hvað vinsælastir. Á bak við Andrés Önd eru ansi mörg eintök, og Syrpa 2014 nær til tólf eintaka, en þetta sýnir engu að síður að Andrés og félagar njóta gríðarlegra vinsælda hjá yngstu kynslóðinni. „Ég þekki þetta af eigin raun þar sem ég á einn svona splunkunýjan lesanda. Ég næ ekki sambandi við hann tímunum saman ef hann er með nefið ofan í syrpu – fyrir hann eru syrpurnar töfrahlið inn í lesturinn og ég þykist viss um að þær séu það fyrir fleiri,“ segir Sunna Dís.




### Barnabækur

| | |
|---|---|
| 1 | **Myndasögusyrpa** 2014 |
| 2 | **Dagbók Kidda klaufa: furðulegt ferðalag** Jeff Kinney |
| 3 | **Útsmoginn Einar Áskell** Gunilla Bergström |
| 4 | **Skrimsli á toppnum** Áslaug Jónsdóttir, Kalle Güettler, Rakel Helmsdal |
| 5 | **Andrés Önd** 2014 |
| 6 | **Myndasögusyrpa** 2013 |
| 7 | **Skrimsli í vanda** Áslaug Jónsdóttir, Kalle Güettler, Rakel Helmsdal |
| 8 | **Dagbók Kidda klaufa** Jeff Kinney |
| 9 | **Einar Áskell og ófreskjan** Gunilla Bergström |
| 10 | **Andrés Önd** 2013 |




### Unglingabækur

| | |
|---|---|
| 1 | **Fairy tail** Hiro Mashima |
| 2 | **Harry Potter og viskusteinninn** J.K. Rowling |
| 3 | **Harry Potter og leyniklefinn** J.K. Rowling |
| 4 | **Vertu ósýnilegur: Flóttasaga Ishmaels** Kristín Helga Gunnarsdóttir |
| 5 | **Harry Potter og eldbikarinn** J.K. Rowling |
| 6 | **Ég gef þér sólina** Jandy Nelson |
| 7 | **Harry Potter og fanginn frá Azkaban** J.K. Rowling |
| 8 | **Harry Potter og Fönixreglan** J.K. Rowling |
| 9 | **Vetrarfrí** Hildur Knútsdóttir |
| 10 | **Hin illa arfleifð** Thomas Enger |



### Fullorðinsbækur

| | |
|---|---|
| 1 | **Dalalíf** Guðrún frá Lundi |
| 2 | **Myrkrið veit** Arnaldur Indriðason |
| 3 | **Mistur** Ragnar Jónasson |
| 4 | **Ekki vera sár** Kristín Steinsdóttir |
| 5 | **Óvelkomni maðurinn** Jónína Leósdóttir |
| 6 | **Þorsti** Jo Nesbø |
| 7 | **Saga Ástu** Jón Kalman Stefánsson |
| 8 | **Sonurinn** Jo Nesbø |
| 9 | **Gatið** Yrsa Sigurðardóttir |
| 10 | **Elín, ýmislegt** Kristín Eiríksdóttir |

# Fólk Helgin

LAUGARDAGUR 13. JÚLÍ 2019



Brynhildur Oddsdóttir, söngkona og gítarleikari, stofnaði Beebee and the bluebirds árið 2010. Nýtt lag var að koma frá hljómsveitinni sem er frábrugðið öðrum lögum frá henni. →4

**Mömmumatur og meira til!**



**Fjölskyldubröns um helgar**
**Kynningarverð 1.990 kr.**

Íspinni fyrir krakkana í eftirmat 6-12 ára hálft verð, frítt fyrir þau yngstu

Opið 11-15 um helgar

**Matarbarinn**
Heimilismatur – Mom's food

Laugavegi 178 – matarbarinn.is



# Hera er flutt heim og ný plata að koma út

Söngkonan Hera Hjartardóttir er flutt heim til Íslands eftir 25 ára búsetu á Nýja-Sjálandi. Hún er að leggja lokahönd á plötu sem hefur verið í vinnslu í þrjú ár og nýtur lífsins hér á landi. →2

Hera er hugfangin af íslenskri náttúru og hlakkar til að ferðast um landið á næstu vikum.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Framhald af forsíðu ➭

Hera segist afar sátt við að vera flutt hingað til lands. Hér liggja ræturnar. „Ég kom í maí en á undanförnum árum hef ég mikið verið á flakki á milli Nýja-Sjálands og Íslands,“ segir hún. Hera var á ferð um gullna hringinn með vinafólki frá Nýja-Sjálandi þegar við náðum tali af henni. „Ég hef verið að vinna plötuna mína með Barða Jóhannssyni auk þess sem ég hef unnið með tónlistarmönnum frá Nýja-Sjálandi og Bandaríkjunum. Núna er loksins farið að sjá fyrir endann á þessu verkefni og platan nánast tilbúin. Útgáfudagur er ekki negldur niður en vonandi í lok sumars. Ég er að byrja að túra um landið og fyrstu tónleikarnir verða í Skyrgerðinni í Hveragerði 18. júlí. Þaðan fer ég á Djúpavog og í Neskaupstað en síðan ætla ég að halda áfram í kringum landið,“ segir hún.

Öll ellefu lögin á plötunni eru eftir Heru og eru þau flutt á ensku. Á tónleikunum mun hún flytja eitthvað af nýju lögunum í bland við eldri tónlist. „Ég hef unnið með mörgum frábærum listamönnum að þessari plötu. Svo er Barði alveg yndislegur en hann útsetur plötuna. Þetta er fyrsta platan mín í rúm átta ár.“

## Á flakki um heiminn

Hera hefur verið mikið á flakki um heiminn að undanförnum árum. Hún hefur starfað með ýmsum þekktum tónlistarmönnum á Nýja-Sjálandi, séð um undirbúning og skipulagningu tónleikaferða og tónleikahátíða. Hún hefur sömuleiðis starfað sem umboðsmaður og skipuleggjandi. Unnið með fjöllistamönnum í Ástralíu og fór með þeim til Filippseyja en heimildarmynd var gerð um það ferðalag. Þá hefur hún spilað á Balí og komið fram í New York. Hera kom fram í dúett á Airwaves árið 2014.

„Ég hef unnið við fjöldann allan af tónlistartengdum verkefnum auk þess að kenna lagasmíðar. Það er alltaf nóg að gera hjá mér. Nú hlakka ég mest til að kynna nýju plötuna og halda tónleika fyrir Íslendinga. Ég verð ein til að byrja með en þegar platan kemur út fæ ég fleiri í lið með mér,“ segir hún. „Annars finnst mér ekkert eins skemmtilegt og að ferðast um og spila.“

Hera segir að lögin á nýju plötunni hafi nýtt sánd miðað við fyrri lög hennar. „Þetta er nýr hljóðheimur sem lögin eru sett í og ég hef aldrei áður tekið jafn langan tíma í vinnslu. Ég mun kynna plötuna seinna á Nýja-Sjálandi og í öðrum löndum. Ég hlakka mikið til að ferðast um fallega Ísland á næstu vikum. Íslensk náttúra gefur manni innblástur og það verður gaman að koma á nýja staði. Hér er ótrúlega mikill sköpunarkraftur og orka í fólkinu. Það er aðeins meiri kyrrð á Nýja-Sjálandi en hér,“ segir hún.



Lögin á nýju plötunni eru persónuleg og Hera segist aldrei áður hafa gefið svona mikið af sér.



Eftir að hafa búið í 25 ár á Nýja-Sjálandi er Hera nú flutt heim.



Hera hefur verið í tónlist frá unglingsárum.

## Alltaf útlendingur

„Það er annars alveg sama hvar ég er í heiminum, ég er alltaf útlendingur. Hér er ég alltaf stelpan frá Nýja-Sjálandi en þar er ég alltaf Íslendingurinn,“ útskýrir Hera og bendir á að Nýsjálendingar séu mun rólegra fólk en Íslendingar. Hera fæddist á Íslandi árið 1983 en árið 1991 ákvað fjölskyldan að fara til Nýja-Sjálands í tíu mánaða frí. „Við fluttum alfarin árið 1994 og okkur hefur líkað vel þar. Reyndar varð gríðarlegur jarðskjálfti þar fyrir átta árum og enn er verið að byggja borgina eftir þær hamfarir. Annars er margt mjög líkt á Íslandi og Nýja-Sjálandi, landslagið og þetta dramatíska að búa á eyju en það magnar sköpunarkraftinn í fólkinu. Öllum sem hingað koma frá Nýja-Sjálandi líður eins og þeir séu heima. Ég á stóra fjölskyldu hér, frænkur og frændur,“ segir Hera en þess má til gamans geta að það tekur 29 klukkustundir að ferðast til Nýja-Sjálands. Þegar Hera kom heim í maí fór hún fyrst í gegnum Singapúr og síðan London til að komast hingað.

## Herasing á Instagram

Hera ætlar að setja myndbönd á Instagram-síðu sína og bendir fólki á að fylgja sér þar undir instagram.com/herasings. „Þegar ég var fjórtán ára var stúlka sem var að setja upp heimasíður sem merkti mig alltaf sem Hera Sings og það festist við mig,“ útskýrir hún. Hera lærði fyrst á klassískan gítar sem barn og hélt áfram námi á Nýja-Sjálandi hjá djassgítarleikara. Hún var aðeins sextán ára þegar hún byrjaði að koma fram opinberlega. „Nýja platan mín verður númer tíu en er samt númer eitt. Ég hef gefið út þó nokkuð en aldrei gert plötu á þennan hátt áður. Mér finnst hún alveg einstök enda mikil vinna sem liggur að baki. Ég er rosalega ánægð með útkomuna og Barði er snillingur. Á plötunni er strengjasveit en sá hluti var tekinn upp í Bandaríkjunum. Einnig eru þrír gítarleikarar frá Nýja-Sjálandi og bakraddir þaðan auk píanóleikara. Platan er tekin upp á fimm stöðum í heiminum og sett saman í Bretlandi. Það er allt hægt í dag,“ segir hún. „Ég er líka tilbúin með myndband.“

> **Undanfarin ár hafa verið tími breytinga hjá mér. Lífið hefur snúist í að minnsta kosti fjóra hringi. Margt hefur breyst og lögin eru persónuleg. Ég hef aldrei áður gefið svona mikið af mér í lögin.**
>
> Hera Hjartardóttir

## Persónuleg lög

Þegar Hera er spurð hvort lögin fjalli um eitthvað sérstakt, svarar hún því játandi. „Undanfarin ár hafa verið tími breytinga hjá mér. Lífið hefur snúist í að minnsta kosti fjóra hringi. Margt hefur breyst og lögin eru persónuleg. Ég hef aldrei áður gefið svona mikið af mér í lögin. Það verður auðvelt að lesa í þau,“ segir hún. „Allt sem skiptir máli hjá mér er að lifa í núinu, ekki hafa áhyggjur af fortíðinni eða framtíðinni. Við erum hérna – núna,“ ítrekar hún. „Ég er mjög hamingjusöm og þykir ofboðslega vænt um að fá að ferðast um Ísland, syngja og segja sögur. Það veitir manni hlýju í magann,“ segir Hera.




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Benedikt Bóas Hinriksson,** benediktboas@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Ásta Eir Árnadóttir,** astaeir@frettabladid.is, s. 550 5764 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Sólrún Freyja Sen,** solrunfreyja@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

# Það er betra að vera með allt á hreinu fyrir sumarfríið

## Astaxanthin getur minnkað exem og dregið úr líkum á sólbruna ásamt því að vera gott fyrir flesta líkamsstarfsemi. Eplaedik er vatnslosandi og gott fyrir meltinguna.


Það er að ýmsu að huga áður en haldið er í frí og þá sérstaklega ef förinni er heitið til framandi landa þar sem sólin er sterkari, maturinn öðruvísi og freistingar oft á hverju strái. Þá er ágætt að hafa Apple Cider með sér.




Það er að ýmsu að huga áður en haldið er í frí og þá sérstaklega ef förinni er heitið til framandi landa þar sem sólin er sterkari, maturinn öðruvísi og freistingar oft á hverju strái. „Við getum gert ýmislegt til að undirbúa líkamann fyrir breytingarnar og auðveldað þannig aðlögun hans að breyttum aðstæðum,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir heilsumarkþjálfi.

### Astaxanthin fyrir húðina

Astaxanthin er gríðarlega öflugt andoxunarefni sem virkar vel á mörg kerfi líkamans og veitir vörn gegn geislun með því að draga úr þeim skaða sem útfjólubláir geislar sólarinnar geta valdið (sólbruni). Það blokkar hins vegar ekki UV-geislana þannig að það kemur ekki í veg fyrir að UVB-geislarnir breytist í D-vítamín í húðinni/líkamanum.

Astaxanthin getur einnig dregið úr bólgum og nýtist það vel gegn nánast hvaða bólguástandi sem er, hvort sem það er í liðum, húð eða vöðvum og er vel þekkt að íþróttafólk nýti sér þetta efni þar sem það getur stuðlað að auknum styrk og þoli við æfingar. Astaxanthin er talið:

- Stuðla að heilbrigðri hjartastarfsemi og bæta ónæmiskerfið
- Styðja heila-, húð-, lið-, vöðva- og augnheilbrigði
- Vernda frumur gegn oxunarskemmdum

Gott er að hefja inntöku a.m.k. fjórum vikum áður en haldið er í sólina og halda áfram í fríinu, jafnvel allt árið!

### Eplaedik er vatnslosandi og bætir meltinguna

Eplaedik sem oft hefur verið kallað lífsins elexír getur bætt meltinguna og hjálpað til við þyngdartap en það er þekkt fyrir að vera vatnslosandi og að geta hindrað að bakteríur í líkamanum nái að fjölga sér. Apple Cider töflurnar frá New Nordic njóta mikilla vinsælda en ásamt eplaediki eru þistilhjörtu og túnfífill í blöndunni sem er m.a. þekkt fyrir að geta eflt meltinguna og stutt við lifrarstarfsemi. Að lokum er króm en það getur hjálpað til við blóðsykursjafnvægið í líkamanum og slær þannig á sykurlöngun.

Sýran í eplaedikinu getur haft áhrif á viðkvæmar tennur og svo finnst mörgum bragðið ekki gott. Með því að taka það inn í töfluformi er hægt að komast alveg hjá þessu tvennu. Það getur verið gott að hefja inntöku nokkrum vikum áður en farið er í fríið og halda því svo áfram til að auka líkur á góðri meltingu og vellíðan ásamt því að draga úr líkum á vatnssöfnun í líkamanum.

### „Ég fer í fríið“ – glæsileg pakkning á kaupaukatilboði

„Ég fer í fríið“ er glæsileg pakkning sem inniheldur íslenskt hágæða astaxanthin frá Algalíf og Apple Cider frá New Nordic fylgir með í kaupunum. Nældu þér strax í þessa kaupaukatvennu og ef þú ert ekki á leið á sólarströnd, þá er það í góðu lagi þar sem kostir þessara bætiefna ná langt út fyrir það að vera bara góðir fyrir sólarfrí.

### Tékklistinn

„Það eru nokkrir hlutir sem ég tek alltaf með mér í sólarfrí eða lengri ferðalög um heiminn því það er fátt verra en að missa heilsu vegna magakveisu, flugnabits, bruna eða annars sem getur hent. Við getum kannski ekki útilokað að eitthvað gerist en við getum klárlega minnkað líkurnar,“ segir Hrönn.

**Góðgerlar:** Allir ættu að taka inn öfluga gerla, helst alltaf en sérstaklega þegar haldið er á framandi slóðir þar sem bæði matur og hitastig er annað en við erum vön og svo kemst oft meiri óregla á matartíma og mataræði. Bio Kult Candéa inniheldur 7 örverustofna (asídófílus þar á meðal), hvítlauk og GSE (greipkjarnaþykkni) sem er gott fyrir þarmana og ónæmiskerfið. Prógastró Gull er öflugur asídófílus sem reynist mörgum vel og svo er til Pro-Travel frá Natures Aid sem inniheldur öfluga samsetningu gerla ásamt góðu B-vítamíni sem getur haft fælingarmátt á bitvarginn.

**Flugnafæla:** Effitan er náttúrulegt og inniheldur m.a. ilmkjarnaolíur eins og Tea Tree, Eucalyptus og Citronella sem bitvargur þolir oft illa. Einnig er gott að eiga þessar ilmkjarnaolíur og blanda þeim í vatn og setja í lítinn spreybrúsa og búa til sína eigin flugnafælu. Það eru þó nokkar olíur sem hafa góðan fælingarmátt. Aðrar fælur eru t.d. Mostidouse fælurnar sem eru bæði til með og án Deet.

**Sólarvörn:** Veljið 30 spf eða meira og vandið valið. Berið alltaf vel á andlit og þá staði sem sólin skín nánast alltaf á. Athugið að það getur verið gott að leyfa sólinni að skína aðeins á kroppinn áður en vörnin er sett á til að hlaða upp D-vítamíni þar sem sólarvörnin ver okkur gegn því líka.

**„Sjúkrabuddan“:** Oftast er auðvelt að komast í apótek en það er alltaf gott að vera með það allra nauðsynlegasta til að redda málum: Nokkra plástra, kláðastillandi (á flugnabit), verkja- og ofnæmistöflur. Eitthvað gegn bráðum niðurgangi og svo góð sölt (steinefni) en það er yfirleitt mikið vökvatap sem fylgir niðurgangi/uppköstum og svo skolast oft lífsnauðsynleg sölt út með svitanum og við getum orðið slöpp. Til eru bæði freyðitöflur og duft til að setja í vatn og það getur hreinlega gert gæfumuninn að drekka svoleiðis daglega í hitanum.

Svo er bara að muna eftir passanum, peningunum, símanum og góða skapinu.
Eigið yndislegt sumar og góða ferð, hvert sem förinni er heitið.


BetterYou™
Vegan Health



Sérstaklega samsett bætiefnablanda fyrir þá sem eiga erfitt með að taka upp B12 og járn úr fæðunni og þá sem neyta ekki dýraafurða.

Hámarksupptaka tryggð þegar úðað er út í kinn.
Hröð og mikil upptaka.
Betra og öruggara en töflur eða hylki.
Pakkningar gerðar úr endurunnu plasti úr sjónum
48 skammtar

- Vegan D3
- B12
- Járn & Joð




Valið BESTA NÝJA BÆTIEFNIÐ á Natural & Organics í London 2019

Útsölustaðir: Öll apótek, heilsuverslanir og heilsuhillur stórmarkaðanna



Brynhildur Oddsdóttir er aðallagahöfundur hljómsveitarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Popp og rokk í Beebee and the bluebirds



Sum lögin fara alla leið í blúsrokkið. MYND/PALLI KRISTMUNDSSON

**Beebee and the bluebirds gáfu út nýtt lag um daginn sem ber titilinn Dance with me.**

Sólrún Freyja Sen
solrunfreyja@frettabladid.is

Brynhildur Oddsdóttir, söngkona og gítarleikari hljómsveitarinnar, stofnaði Beebee and the bluebirds árið 2010. Hún segir að nýja lagið sé frábrugðið öðrum lögum sem hljómsveitin hefur gefið út. Í laginu spilar Eyþór Gunnarsson úr Mezzoforte á hljómborð og Hammond-orgel. Einar Scheving var svo fenginn til að spila á slagverk. Lagið er að sögn Brynhildar bæði poppað og rokkað á köflum.

Brynhildur er með fallega og tilfinningaþrungna rödd sem fær að njóta sín í margbreytilegum lögum hljómsveitarinnar. Það er skemmtileg spennutilfinning í tónlistinni sem brýst fram í gítarsólóum og gítarriffum að hætti gamla skólans. Hljómsveitarmeðlimir fyrir utan Brynhildi eru Sara Mjöll Magnúsdóttir hljómborðsleikari, Brynjar Páll Björnsson bassaleikari og Ásmundur Jóhannsson er á trommum.

### Túra í Svíþjóð

Brynhildur hefur verið í tónlistarnámi frá barnsaldri. „Ég lærði á fiðlu þegar ég var barn, síðan fór ég í söngnám og út frá því byrjaði ég að spila á gítar því mig vantaði undirspil. Ég hef líka stundað tónsmíðanám og söngnám í Listaháskóla Íslands og gítarnám í FÍH.“ Sjálf kennir hún gítarleik og tónfræði meðfram því að koma fram og semja fyrir hljómsveitina.

Plata frá hljómsveitinni er væntanleg á þessu ári og verður það þriðja platan sem hljómsveitin gefur út. Hljómsveitin mun spila á ýmsum stöðum á landinu í sumar. Til dæmis munu Beebee and the bluebirds koma fram á Eldi í Húnaþingi og fara Vestfjarðatúr með hljómsveitinni Bellstop í byrjun ágúst. Í haust heldur hljómsveitin svo út til Svíþjóðar í tónleikaferðalag.

Beebee and the bluebirds spilar þá með tónlistarmanninum Erik Hanson sem hefur áður komið til Íslands og spilað á tvennum tónleikum með hljómsveitinni. Þar fyrir utan verður Svíinn Andreas Helkvist með í för en hann er Hammond-orgelleikari. „Hann er algjör Hammond-snillingur. Við kynntumst þeim báðum í gegnum íslenskan ljósmyndara sem býr í Svíþjóð og ætlum að spila með þeim á tónleikum úti.“

### Bland í poka

Brynhildur, sem er aðallagahöfundur hljómsveitarinnar, segir að það sé ekki hægt að einskorða sveitina við eina tónlistarstefnu. Í lögunum hefur alltaf verið ákveðinn blúsblær, sum lög fara út í blúsrokk en líka sálartónlist. „Ég festi mig ekki við eina stefnu, tónlistin sem ég hef verið að semja er bland í poka.“



Hljómsveitin var stofnuð árið 2010 og gefur út þriðju plötuna í ár. MYND/SPESSI

Þegar hljómsveitin var stofnuð hélt Brynhildur sig fyrst og fremst við sönginn áður en hún fór að taka oftar í gítarinn. Á fyrstu plötunni tóku aðrir gítarleikarar sólóin í lögunum en Brynhildur segist í dag búin að færa sig alfarið á það svið. „Það er mikið af gítarsólóum í lögunum okkar, sem er kannski óvanalegt í tónlist í dag. Í flestum lögunum erum við með einhver gítarriff eða sóló sem ég spila.“

Hljómsveitin mun næst halda tónleika á Bryggjunni Brugghúsi á Granda á laugardaginn næsta, ásamt blúsaranum Begga Smára. Það verður eflaust brjáluð stemning eins og hljómsveitin hefur náð að halda uppi hingað til.

HJÓLABLAÐ

Þriðjudaginn 23. júlí gefur Fréttablaðið út Hjólablað

Í þessu skemmtilega blaði er fjallað um allt sem viðkemur hjólreiðum á Íslandi. Allir sem stunda hjólreiðar að einhverju marki munu finna áhugavert efni í blaðinu.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



Nánari upplýsingar um blaðið veitir
Arnar Magnússon sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5652 / arnarm@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

# Ferðir

LAUGARDAGUR 13. JÚLÍ 2019

**Kynningar:** Úrval Útsýn, Fótboltaferðir



## Utanlandsferðir fyrir vandláta

Íslendingar eru fróðleiksfúsir og vilja kynnast heiminum. Ferðaskrifstofur eru því sífellt að finna nýja og spennandi ferðamöguleika. Í haust og vetur verða margar frábærar ferðir í boði hjá Úrvali Útsýn. →2

Ingibjörg Elsa Eysteinsdóttir, forstöðumaður hjá Úrval Útsýn, segir að sumarið hafi verið mjög gott ferðasumar hjá Íslendingum. FRETTABLAÐIÐ/STEFÁN



Epernay er höfuðstaður kampavínsframleiðslunnar í Frakklandi. Þangað er ferðinni heitið í haust með Úrvali Útsýn.


Mikill og vaxandi áhugi er meðal Íslendinga á alls kyns siglingum.


Golfið er alltaf jafnvinsælt. Í haust er hægt að fara í styttri eða lengri ferðir til Spánar þar sem boðið er upp á glæsilega golfvelli. Aðstaðan á El Plantio fyrir kylfinga er alveg meiriháttar og margir fara þangað aftur og aftur.


Hreyfiferðir eru í uppáhaldi hjá mörgum. Fjölbreytt úrval hreyfiferða verður í boði hjá Úrval Útsýn í vor, meðal annars rafhjólaferðir.

**Framhald af forsíðu**

Ingibjörg Elsa Eysteinsdóttir, forstöðumaður hjá Úrval Útsýn, segir að sumarið hafi verið mjög gott ferðasumar hjá Íslendingum. Margir sæki til sólarlanda og Kanarí hafi aukið mikið vinsældir sínar að undanförnu. Tenerife hefur um árabil verið einn vinsælasti áfangastaðurinn en nú sækir Kanarí á enda hefur mikil breyting og uppbygging átt sér stað þar síðustu ár. „Það eru sífellt fleiri sem velja að dvelja á Meloneras-svæðinu þar sem glæsileg hótel hafa risið, en þar eru einnig golfvellir og margir góðir veitingastaðir. Verðið á hótelgistingu á Kanarí er mjög gott og þar af leiðandi getum við boðið frábært verð til Kanarí,“ segir Ingibjörg Elsa. „Þótt Tenerife sé enn mjög vinsæll staður þá finnum við fyrir mikilli aukningu og áhuga á Kanarí,“ segir hún. „Þessir tveir staðir eru vinsælir allt árið líkt og Alicante. Fólk á öllum aldri sækir á þessa staði og fer aftur og aftur.“



## Löng helgi í Alicante

Ingibjörg segir að það sé sífellt að færast í aukana að fólk sé að fara í styttri ferðir til Alicante. „Það er flug þangað oft í viku sem leiðir til þess að fólk skreppur í langa helgi til Alicante. Margir dvelja í borginni frá fimmtudegi til þriðjudags enda hefur Alicante upp á svo ótrúlega margt að bjóða. Í borginni eru fjölmargir tapasstaðir, flottir veitingastaðir og góð hótel. Borgin er sérstaklega falleg og úrval verslana með hagstæðu verði. Sumir eru t.d. að skreppa í golf yfir langa helgi en við bjóðum meðal annars upp á gistingu og golf á El Plantio vellinum sem er rétt fyrir utan Alicante. En aðstaðan á El Plantio fyrir kylfinga er alveg meiriháttar. Við erum sömuleiðis með skipulagðar glæsilegar lengri golfferðir í september og október.

Frá Alicante er stutt að fara til Benidorm, Albír og Calpe. En þar bjóðum við upp á vandaða íbúðagistingu og glæsileg hótel. Við getum í raun útvegað fólki gistingu hvert sem það langar að fara,“ segir Ingibjörg Elsa.

Almería er sömuleiðis vinsæll áfangastaður og fólk fer þangað sumar eftir sumar. „Verðlagið er einstaklega hagstætt enda sækja Spánverjar mikið þangað í frí. Í Almería eru margir frábærir tapas-staðir og fjölskyldur njóta þess að vera þar saman. Staðurinn er fjölskylduvænn og rólegur en flest hótelin eru með sérsniðna skemmtidagskrá alla daga. Við höfum boðið Almería í nokkur ár og staðurinn er alltaf jafn vinsæll.“

## Siglingar um fljót og höf

Í haust og vetur verður boðið upp á margvíslegar borgarferðir en einnig ferðir til fjarlægari landa eins Taílands, Balí og Egyptalands. „Það hefur orðið mikil aukning í siglingum á skemmtiferðaskipum og við munum bjóða margar spennandi ferðir, bæði Miðjarðarhafið sem og Karíbahaf. Einnig bjóðum við sérsniðnar fljótasiglingar fyrir vandláta en þær geta verið í Rússlandi, Frakklandi, Þýskalandi, Suður-Afríku eða Víetnam til Kambódíu, allt eftir óskum hvers og eins. Þetta eru lúxusferðir í samstarfi við AmaWaterways sem er eitt fremsta fljótasiglingafyrirtæki heims,“ segir Ingibjörg og bendir fólki á að hafa samband við starfsfólk Úrvals Útsýnar vilji það forvitnast frekar um slíkar siglingar.

## Kampavínssmakk í Frakklandi

Þá bendir hún á borgarferðir til Austur-Evrópu eins og Riga sem verða í boði í haust og vor. Þær hafa verið mjög vinsælar sem og Gdansk. Ferð til Epernay í Frakklandi er nýjung. „Epernay er lítill bær um 130 km frá París. Hann er umkringdur vínekrum við ána Marne. Bærinn er kallaður höfuðborg kampavínsins og þarna eru margir bestu kampavínsframleiðendur heims. Gatan Avenue de Champagne er heimili frægra kampavínsframleiðanda eins og Moët et Chandon, De Castellane og Mercier. 200 ára neðanjarðargöng eru þarna þar sem kampavínið fær að þroskast. Þetta er ferð fyrir þá sem vilja smakka gott kampavín og borða á litlum, sætum veitingahúsum. Fólk vill ferðast og njóta í styttri ferðum,“ segir hún. „Við erum með mjög breitt úrval af borgarferðum sem henta jafnt einstaklingum og hópum.“

## Hjólað, gengið eða skíðað

„Næsta vor verður fjölbreytt úrval af svokölluðum hreyfiferðum. Það eru skipulagðar rafhjóla- eða gönguferðir. Þetta verða skemmtilegar ferðir þar sem fólk fær hreyfingu en um leið er það að upplifa og njóta. Mikil eftirspurn er eftir svona ferðum og komum við til með að bjóða upp á þó nokkrar ferðir. Til dæmis að hjóla í kringum Gardavatnið á Ítalíu eða vötnin í Austurríki. Það má því segja að ýmislegt spennandi verði í boði,“ segir Ingibjörg og bætir við að skíðaferðirnar verði að sjálfsögðu í janúar og febrúar. „Madonna á Ítalíu er alltaf gríðarlega vinsæll staður enda er hann frábær. Góð hótel og veitingahús auk þess sem skíðasvæðið er frábært. Við verðum með tvo nýja fararstjóra sem verða í Madonna í vetur. Þetta eru þau Helgi Geirharðsson og Kristín Helga Gunnarsdóttir (Dinna) sem eru algjörir reynsluboltar á skíðum og útivistarfólk. Madonna hentar fyrir byrjendur á skíðum sem lengra komna en einnig er boðið upp á skíðaferðir til Austurríkis.“


Strandlífið heillar alltaf. Tenerife og Gran Canarí eru vinsælir áfangastaðir.

**Tenerife hefur um árabil verið einn vinsælasti áfangastaðurinn en nú sækir Kanarí mjög á enda hefur mikil breyting og uppbygging átt sér stað þar síðustu ár. Glæsileg hótel og veitingastaðir.**

Ingibjörg Elsa Eysteinsdóttir

Hægt er að skoða allar ferðir á heimasíðunni urvalutsyn.is eða hafa samband í síma 585 4000. Úrval Útsýn er í Hlíðasmára 19, Kópavogi.

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, | Veffang: frettabladid.is

# Enn meiri upplifun með Fótboltaferðum

Félagarnir Kristinn F. Birgisson og Atli Freyr Kristjánsson hjá Fótboltaferðum ehf. bjóða upp á skemmtilegar ferðir þar sem upplifunin nær hámarki.



Kristinn og Atli bjóða upp á skemmtilegt úrval af frábærum ferðum. MYND/EYÞÓR

Fótboltaferðir ehf. hafa verið að bjóða upp á ferðir í tæplega þrjú ár. Aðaláherslan hefur verið ferðir á leiki í enska boltanum en að undanförnu hefur verið bætt við ferðum á leiki í ítalska, þýska og spænska boltanum og verða þær í boði í vetur. Einnig bjóða Fótboltaferðir upp á spennandi golfferðir og lúxusferð til Sardiníu.

## Einstök upplifun með þínu liði

„Til að byrja með vorum við helst að bjóða upp á ferðir á leiki Liverpool og Manchester United, þar sem það eru vinsælustu liðin hér á landi, en svo fórum við að fá fyrirspurnir og beiðnir um að bjóða upp á ferðir á leiki hjá fleiri liðum, þannig að við svöruðum því kalli,“ segir Kristinn Birgisson, annar eigenda Fótboltaferða ehf.

Sérstakir VIP-miðar eru í boði í langflestum ferðunum hjá flestum liðum í Evrópu. „VIP-miðarnir eru mjög veglegir og þeir hafa notið mikilla vinsælda hjá viðskiptavinum okkar,“ segir Kristinn.

Áhuginn fyrir ferðum á leiki í spænsku, þýsku og ítölsku deildinni er að aukast hjá Íslendingum. „Við getum boðið upp á flesta leiki í þessum deildum, svo ef leikurinn sem fólk vill sjá er ekki til sölu á heimasíðunni okkar þá er um að gera að heyra í okkur og við gerum tilboð. Við viljum að fólk fari út og horfi á sitt uppáhaldslið.“

Fótboltaferðir bjóða upp á æfingaferðir fyrir íslensk fótboltalið á La Manga við topp aðstæður. „Stærstu lið Evrópu eru oft að æfa þarna, og þar má nefna Liverpool, sem æfði á þessu svæði fyrir seinasta tímabil.“

## Spennandi golfferðir

Golf er gríðarlega vaxandi sport hér á landi og golfferðum til útlanda hefur fjölgað mjög á undanförnum árum. Fótboltaferðir bjóða upp á ferðir til La Manga á Spáni og Sand Valley í Póllandi.

La Manga Club Golf er rétt fyrir sunnan Murcia og liggur á milli Miðjarðarhafs og Mar Menor. „Svæðið er þekkt út um allan heim fyrir þá þrjá framúrskarandi 18 holu golfvelli sem La Manga Club býður upp á. Einnig er stórglæsilegur 18 holu par 3 æfingavöllur á svæðinu,“ segir Kristinn. Hotel Principe Felipe er einstaklega fallegt fimm stjörnu hótel staðsett við golfvellina. Falleg hótelherbergi eru með útsýni yfir golfsvæðið.

Sand Valley golfvöllurinn var valinn besti golfvöllur Póllands 2019. Sand Valley er í 40 mínútna akstursfjarlægð frá Gdansk. Á svæðinu er 18 holu heimsklassa golfvöllur og sex holu par 3 völlur auk æfingasvæðis og stór púttvöllur. „Sand Valley er margverðlaunaður golfvöllur og er meðal annars titlaður einn af 100 flottustu völlum Evrópu. Völlurinn hentar bæði áhuga- og atvinnukylfingum.“

> Áhuginn fyrir ferðum á leiki í spænsku, þýsku og ítölsku deildinni er að aukast hjá Íslendingum.
>
> **Kristinn F. Birgisson**

Þórdís Geirsdóttir er fararstjórinn í ferðunum, en hún er gríðarlega reynslumikill golfari. Hún byrjaði að spila golf árið 1976 og hefur unnið marga titla á sínum ferli. Þórdís er einnig reynslumikill fararstjóri og kann vel á ferðir líkt og þessar.

## Paradísareyjan Sardinía

Sardinía er falin paradísareyja í Miðjarðarhafinu og er hún hluti af Ítalíu. „Allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi og er eyjan meðal annars þekkt um alla Evrópu hjá hjólreiðafólki og fyrir framúrskarandi aðstæður til klifurs, landslagið, tæran sjó og óaðfinnanlegar strendur,“ segir Kristinn.

„Okkar viðkomustaður er strandbærinn Cala Gonone en þar búa um 1.200 manns og hentar þessi ferð bæði fyrir þá sem eru að leita að afslöppun eða allri þeirri afþreyingu sem staðurinn hefur upp á að bjóða.“

Karítas Eik Sandholt er fararstjórinn í skipulögðum hópferðum. „Hún talar málið, þekkir til heimamanna og eyjunnar fögru.“

*Allt um ferðir Fótboltaferða er hægt að finna á heimasíðu þeirra, fotboltaferdir.is.


La Manga Club Golf er einn sá glæsilegasti í Evrópu.


Sand Valley golfvöllurinn var valinn besti golfvöllur í Póllandi 2019. Útsýni af hótelinu út á golfvöllinn.


Sardinía er þekkt fyrir tæran sjó og fallegar strendur. Þar er bæði hægt að slappa af og njóta afþreyingar.

# Hver einasti dagur er ný upplifun

**Rannveig Snorradóttir fararstjóri skellti sér í ævintýraför með mömmu sinni og vinkonu hennar.**



Rannveig í um það bil 4.300 metra hæð, nýkomin yfir Barranco-vegginn og nálgast toppinn.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Rannveig, móðir hennar, Birna Hauksdóttir, og vinkona hennar, Auður Yngvadóttir, eru nýkomnar heim frá Tansaníu. Þar eyddu þær nokkrum dögum í að klífa hæsta fjall Afríku, Kilimanjaro, en hæsti tindur þess er tæpum 6.000 metrum yfir sjávarmáli.

„Við mamma höfum alltaf verið mjög afrískar í okkur. Við bjuggum í Namibíu með fjölskyldunni og keyrðum í gegnum alla Afríku árið 1996. Ég vinn sem fararstjóri í dag og fer í ferðir með Íslendinga um Namibíu,“ segir Rannveig.

Það var fyrir ári síðan sem mæðgurnar fengu þá hugmynd að klífa Kilimanjaro. „Besta vinkona mömmu fór með okkur svo við urðum á endanum þrjár. Ég verð að viðurkenna að við undirbjuggum okkur ekkert rosalega vel. Við hentum okkur bara út í þetta ævintýri,“ útskýrir Rannveig.

Ferðin var alls ekki auðveld og segir Rannveig að hver dagur hafi verið sigur út af fyrir sig. Sumir dagar voru erfiðari en aðrir þar sem við vorum að venja líkamann við breytt loftslag. Því hærra sem við komum því erfiðara verður hvert skref. „Auður vinkona mömmu handleggsbrotnaði vikuna fyrir ferðina en hún lét það sko ekki stoppa sig! Hún fór þetta bara með höndina í gifsi. Þá var gott að hafa mig og mömmu með til að renna upp úlpum, reima skó og hjálpa við að pakka.“

Sjálf fékk Rannveig slæma matareitrun svo að fyrstu þrír dagarnir af sjö voru sérlega erfiðir. Þrátt fyrir þetta er Rannveig ánægð með ferðina. „Aðstæður þarna eru rosalega flottar. Við vorum heppnar að fara rétt á undan helsta ferðamannastraumnum svo það var ekki troðið af fólki. Hver einasti dagur var algjört ævintýri því við völdum fallegustu leiðina upp á toppinn. Það eru margar leiðir til að fara þarna upp. Við völdum klárlega ekki þá auðveldustu. Við byrjuðum á að labba einn dag gegnum regnskóg. Svo breyttist umhverfið eftir því sem við komum hærra og það varð kaldara með hverjum deginum. Af því að Kilimanjaro er eldfjall þá fór heill dagur í að ganga gegnum hraun, á svæði sem kallast Lava Tower. Þar eru alveg geggjaðir hraunveggir, þetta minnti svolítið á umhverfið á Íslandi. Þegar við snerum niður aftur gengum við í gegnum gjörólíkt svæði með trjám og blómum sem líkjast engu sem ég hef séð áður.“

## Þurftum að klifra á fjórum fótum

Rannveig segir að einn dagur í ferðinni hafi staðið alveg sérstaklega upp úr. „Það er stór veggur þarna, um 260 metra hár. Leiðsögumennirnir bentu okkur á hann og sögðu: Þetta er Barranco-veggurinn frægi. Við störðum hver á aðra og svo leiðsögumennina og sögðum: Þið eruð ekki að fara að láta okkur klifra þetta. Við fengum alveg í magann þegar við sáum veginn frá búðunum. En svo var þetta bara hápunktur ferðarinnar. Maður þarf svo mikið að klifra og klöngrast og þetta var svo ævintýralegt. Við þurftum stundum að klifra á fjórum fótum. Auður komst upp vegginn handleggsbrotin og mamma, með mestu lofthræðslu sem ég hef kynnst, tæklaði hann með stæl.“

Starfsfólk sá um að bera allan farangurinn svo þær gátu einbeitt sér alveg að göngunni. „Það er magnað að sjá hvernig þau bera hlutina. Ekki bara töskur heldur öll tjöldin, svefnpoka, matartjald og klósett. Þau voru að hlaupa fram og til baka fram hjá manni allan daginn og þegar við komum í búðirnar í lok dags þá var bara búið að setja allt upp fyrir okkur. Svefntjöldin, matartjald og klósetttjald.“

Þær komust því miður ekki alla leið á toppinn en voru nálægt því. „Gifsið hennar Auðar fraus og leiðsögumennirnir ráðlögðu henni að halda ekki áfram. Mamma fékk í magann og þrátt fyrir að vilja halda áfram gat hún það ekki. Ég var svo óheppin að fá háfjallasýki þegar við vorum nema 200 metrar eftir upp á toppinn. Ég byrjaði að sjá ofsjónir og finna fyrir ógleði og leiðsögumaðurinn skipaði mér að hlaupa niður,“ segir Rannveig.

Þrátt fyrir þetta segir Rannveig að hana langi að reyna aftur. „Það eru ekki nema 60% þeirra sem leggja af stað upp á Kilimanjaro sem komast alla leið. Háfjallasýkin getur slegið hvern sem er. En ég verð að láta á það reyna að ná toppnum og vona að háfjallasýkin grípi mig ekki aftur.“




Rannveig, Birna og Auður ánægðar að vera komnar niður fjallið.

> Af því að Kilimanjaro er eldfjall þá fór heill dagur í að gtanga í gegnum hraun. Það minnti svolítið á Ísland.



HAFNAREYRI

## Vélvirki / Járnsmiður
## Ný tækni - Ný tækifæri

Hafnareyri ehf. óskar eftir að ráða vélvirkja eða járnsmið til starfa á þjónustuverkstæði fyrirtækisins. Um er að ræða fjölbreytt störf í öflugum hópi starfsmanna sem vinnur m.a. við tæki, eftirlit, viðhald, þróun og endurbætur.

**Við leitum að starfsmanni:**

- Sem getur unnið sjálfstætt og með lausnamiðaða hugsun.
- Með áhuga á tækni og nýjungum.
- Með menntun, reynslu eða í námi sem nýtist í starfi.
- Sem er stundvís og með góða samskiptahæfileika.

Hafnareyri býður upp á margbreytileg störf og fjölbreytt verkefni þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Framtíð okkar byggist á framúrskarandi starfsfólki sem skapar öruggan og eftirsóttan vinnustað. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

Nánari upplýsingar veitir Trausti Hjaltason, framkvæmdastjóri í síma 488 8000 eða á netfangið trausti@vsv.is. Umsókn ásamt ferilskrá skal skilað með tölvupósti á netfangið: trausti@vsv.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 19. júlí nk.**

*Hafnareyri ehf. er alhliða þjónustufyrirtæki við sjávarútveg sem rekur frystigeymslu, ísframleiðslu, löndunarþjónustu og þjónustuverkstæði. Hjá fyrirtækinu starfa að jafnaði 45 starfsmenn. Hafnareyri ehf. er dótturfyrirtæki Vinnslustöðvarinnar hf. í Vestmannaeyjum.*

***Hafnareyri ehf.***
***Hafnargötu 2, 900 Vestmannaeyjum***

## Lögfræðingur á sviði upplýsingaréttar

**Forsætisráðuneytið auglýsir laust til umsóknar starf lögfræðings á skrifstofu löggjafarmála til að gegna starfi ritara úrskurðarnefndar um upplýsingamál.**

**Helstu verkefni og ábyrgð**
Ritaraþjónusta úrskurðarnefndar um upplýsingamál, þ.m.t. samnings draga að úrskurðum í kærumálum, umsjón með málaskrá nefndarinnar, störfum nema og verktaka fyrir nefndina, samskipti við málsaðila og opinbera aðila sem í hlut eiga. Stefnumótun á sviði upplýsingaréttar og stuðningur við stefnumótun á sviði stjórnsýsluréttar. Gerð árlegrar skýrslu um framkvæmd upplýsingalaga og stuðningur við aukna birtingu upplýsinga að frumkvæði stjórnvalda. Önnur verkefni á málefnasviðum skrifstofunnar samkvæmt ákvörðun skrifstofustjóra hverju sinni.

Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Einstaklingar eru hvattir til að sækja um starfið óháð kyni. Starfshlutfall er 100%.

**Umsóknarfrestur er til og með 29. júlí 2019.**

Nánari upplýsingar um starfið má finna á Starfatorgi og heimasíðu Capacent.

**Stjórnarráð Íslands**
Forsætisráðuneytið

GEÐHJÁLP

## Framkvæmdastjóri Geðhjálpar

*Félagið Geðhjálp var stofnað 9. október 1979 og er baráttu- og hagsmunasamtök einstaklinga sem glíma við geðheilbrigðisvandamál, aðstandenda þeirra og annarra sem láta sig málaflokkinn varða.*

*Tilgangur félagsins er að vinna að geðheilbrigðismálum með valdeflingu og með bættan hag barna og fullorðinna sem eiga við geðheilbrigðisvandamál að stríða að leiðarljósi. Félagið vinnur að tilgangi sínum meðal annars með því að sinna hagsmunagæslu, að standa vörð um mannréttindi og eflingu samtakamáttar.*

*Gildi félagsins eru:*
***Hugrekki - Mannvirðing - Samhygð.***

***Nánari upplýsingar um félagið má finna á www.gedhjalp.is***

Félagið Geðhjálp óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra.
Framkvæmdastjóri heyrir undir stjórn félagsins. Starfshlutfall er 100%.

**Ábyrgðarsvið:**

- Daglegur rekstur og umsjón með starfi félagsins
- Talsmaður félagsins, ásamt stjórn á opinberum vettvangi
- Þátttaka í nefndum og hópum fyrir hönd félagsins
- Fjáröflun og áætlanagerð

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Áhugi á geðheilbrigðismálum
- Þekking á stjórnsýslu og starfsemi hins opinbera
- Færni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti sem og gott vald á ensku
- Reynsla af stefnumótun, áætlanagerð og verkefnastjórnun æskileg
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð

*Nánari upplýsingar veita Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) og Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 6. ágúst 2019. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi í starfið. Gætt er trúnaðar varðandi fyrirspurnir og umsóknir.*
***Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

BORGARBÓKASAFNIÐ MENNINGARHÚS

Reykjavíkurborg

## Viltu taka þátt í að breyta ímynd Borgarbókasafnsins?

**Laus er til umsóknar staða verkefnastjóra kynningar- og markaðsmála hjá Borgarbókasafninu.**
Borgarbókasafnið hefur markað sér skýra og metnaðarfulla framtíðarsýn og miklar breytingar eru í farvatninu hvað varðar starfsemi, ímynd og miðlun bókmennta og allra þeirra fjölbreyttu viðburða sem boðið er upp á. Lögð er áhersla á alþýðumenningu, barnamenningu og fjölmenningu, með samveru, upplifun, miðlun og menningarlæsi að leiðarljósi.
Verkefnastjóri heyrir undir fræðslu- og miðlunardeild og vinnur þvert á allar starfsstöðvar Borgarbókasafnsins og hefur frumkvæði að og umsjón með verkefnum á sviði kynningar- og markaðsmála, stefnumótun, skipulagningu og hugmyndavinnu og sinnir þjónustu við notendur Borgarbókasafnsins.
Verkefnastjóri tekur virkan þátt í framkvæmd og þróun verkefna er tengjast stefnumótun Borgarbókasafnsins og því breytingaferli sem almenningsbókasöfn ganga nú í gegnum.

**Hæfniskröfur**
- háskólapróf á meistarastigi sem nýtist í starfi
- þekking og reynsla af kynningar- og markaðsstörfum á sviði menningarmála, reynsla á sviði fjölmiðlunar kostur en ekki skilyrði
- skapandi hugsun sem sjáist í öllu starfi
- frumkvæði og geta til að fylgja hugmyndum og verkefnum eftir
- mikil og góð hæfni í mannlegum samskiptum
- mjög góð almenn tölvukunnátta og þekking á nýmiðlun
- þekking og reynsla af myndatökum, gerð myndbanda og myndvinnslu kostur en ekki skilyrði.
- framúrskarandi íslenskukunnátta, góð enskukunnátta og geta til að tjá sig í ræðu og riti / kunnátta í fleiri tungumálum kostur en ekki skilyrði
- geta til að vinna undir álagi og sinna mörgum verkefnum í einu
- mjög góðir skipulagshæfileikar og fagmennska í vinnubrögðum

**Nánari upplýsingar um helstu verkefni og ábyrgð er að finna á vef Reykjavíkurborgar.**

Launakjör eru samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 16. september n.k.

Upplýsingar um starfið gefur Guðrún Dís Jónatansdóttir, deildarstjóri fræðslu og miðlunar, gudrun.dis.jonatansdottir@reykjavik.is **Umsóknarfrestur er til og með 5. ágúst n.k.** Umsóknir skulu sendar á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf.

***Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í. Reykjavíkurborg vinnur gegn mismunun á vinnumarkaði og hvetur innflytjendur, fatlað fólk, hinsegin fólk og fólk á öllum aldri til að sækja um störf hjá borginni.***

## Umsjón með þrifum og innkaupum

Þekking hf. leitar að hressum og þjónustulunduðum einstaklingi til að sinna fjölbreyttu starfi umsjónaraðila með skrifstofu okkar að Urðahvarfi 6, Kópavogi.

Um er að ræða 30% starfshlutfall og er unnið 3 stutta daga í viku. Ákjósanlegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. ágúst en eigi síðar en 1. september.

Viðkomandi starfsmaður mun sinna þrifum en einnig sinna eldhúsi og sjoppu starfsfólks, þ.e. útbúa innkaupalista matvöru, sinna innkaupum og vera í samskiptum við starfsfólk um innkaup.

**Starfssvið:**
Sjá um ræstingu og þrif á skrifstofu
Umsjón með innkaupum á matvörum
Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**
Jákvæðni og góð mannleg samskipti
Sýnir frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
Líkamleg hreysti til að sinna ræstingum
Reynsla af ræstingum kostur
Góð íslensku- eða enskukunnátta
Gilt bílpróf og kostur ef viðkomandi hefur bíl til umráða
Hreint sakavottorð

Starfið hentar einkar vel fyrir aðila sem er að minnka við sig, eru heimavinnandi eða námsmönnum.

Senda skal umsóknir á **atvinna@thekking.is**
Frekari upplýsingar hjá Ástu Bærings í síma 460 3166

**thekking.is 460 3100** Akureyri Hafnarstræti 93-95 Kópavogur Urðarhvarfi 6 ISO 27001 vottað fyrirtæki

ÞEKKING

KALDRANANESHREPPUR 4902

Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps var stofnuð 1. febrúar 2011. Fjögur sveitarfélög sameinast um félagsþjónustuna en það eru Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð og Reykhólahreppur. Félagsmálastjóri hefur aðsetur á Hólmavík en hefur auk þess haft fasta viðveru á Reykhólum einn dag í viku. Sex málaflokkar heyra undir félagsmálastjóra en þeir eru:

**Barnavernd • Félagsleg heimaþjónusta • Félagsleg ráðgjöf**
**Fjárhagsaðstoð • Málefni aldraðra • Málefni fatlaðra**

# FÉLAGSMÁLASTJÓRI

Félagsþjónusta Stranda- og Reykhóla auglýsa lausa til umsóknar stöðu félagsmálastjóra frá 1. september 2019.

### Starfið

Félagsmálastjóri hefur umsjón með framkvæmd stefnumörkunar í þeim málum sem heyra undir hans málaflokk og eftirlit með framkvæmd samninga, laga og reglugerða um félagsþjónustu. Hann situr í verkefnahópi Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks, hefur yfirumsjón með barnaverndarmálum samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 og sér um eftirfylgd og ráðgjöf samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Félagsmálastjóri vinnur náið með sameiginlegri velferðarnefnd sveitarfélaganna fjögurra, hefur yfirumsjón með fundum nefndarinnar auk þess að sitja í þverfaglegum teymum og ráðum.

Félagsmálastjóri ber ábyrgð á rekstri Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps, gerð fjárhagsáætlana auk annarra tilfallandi verkefna sem heyra undir hans fagsvið. Starfið kallar því á talsverða teymisvinnu og samskipti við fagfólk og aðra á svæðinu auk sjálfstæðra vinnubragða.

### Helstu hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og framhaldsmenntun í stjórnun æskileg
- Reynsla af starfi við félagsþjónustu, málefni fatlaðra eða sambærileg störf mikilvæg
- Færni í mannlegum samskiptum auk forystu- og skipulagshæfileika
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Leitað er eftir einstaklingi sem hefur vilja og getu til að leiða áframhaldandi uppbyggingu og þróun á félagsþjónustu á svæðinu. Starfið krefst ferðalaga um svæðið og þarf félagsmálastjóri að hafa bílpróf og bíl til umráða.

**Upplýsingar veitir:**
**Geirlaug Jóhannsdóttir**, geirlaug@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 5. ágúst**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

HAGVANGUR hagvangur.is

elja

# Tæknimaður á verkstað

RIZZANI DE ECCHER

**Við leitum að öflugum tæknimanni í teymið okkar við uppbyggingu á Urriðaholtsstræti í Garðabæ. Í boði er áhugavert og krefjandi starf hjá alþjóðlegu fyrirtæki sem starfar víðs vegar í Evrópu.**

## Starfs- og ábyrgðarsvið

- Þátttaka í verkefnateymi við hönnun og undirbúning framkvæmda
- Gerð og eftirfylgni framkvæmdaáætlana
- Hönnunarrýni og samræming
- Áætlunargerð og eftirfylgni
- Gæðaeftirlit
- Samskipti við hagsmunaaðila innan sem utan fyrirtækisins

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun á sviði bygginga-, verk- eða tæknifræði
- Menntun sem iðnmeistari er kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun byggingaframkvæmda er kostur
- Mjög góð tölvukunnátta
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Kunnátta í Autocad er mjög æskileg
- Þekking og reynsla af öryggis- og umhverfismálum er kostur
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í samskiptum og virðing fyrir samstarfsmönnum og umhverfi
- Gott vald á íslensku og ensku, talaðri sem ritaðri

## Rizzani de Eccher

Ítalska verktakafyrirtækið Rizzani de Eccher tekur að sér alhliða verkefni á alþjóðlegum byggingamarkaði. Höfuðstöðvar þess eru í Udine á norðaustur Ítalíu og koma þar saman ýmis undirfyrirtæki þess sem sérhæfa sig í byggingaverkfræði, skipulagsgerð eða húsbyggingum.

# Gæðastjóri/Quality Manager

**RIZZANI DE ECCHER óskar eftir að ráða gæðastjóra. Gæðastjóri hefur umsjón með gæðamálum í verkefnum fyrirtækisins.**

## Starfs- og ábyrgðarsvið

- Ábyrgð á verkefnum á sviði gæðamála
- Ábyrgð og umsjón með stjórnkerfum gæðamála
- Fræðsla og ráðgjöf við stjórnendur og aðra starfsmenn
- Rýning og skráning verkferla
- Samræming og yfirumsjón með gæðavinnu
- Ábyrgð á gerð og viðhaldi handbóka og leiðbeininga
- Vinna að einföldun ferla og aukinni skilvirkni
- Samskipti við hagsmunaaðila innan sem utan fyrirtækisins

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Góð þekking og reynsla á sviði gæðastjórnunar
- Reynsla og þekking í rekstri stjórnunarkerfa skv. ISO 9001
- Reynsla af ISO 14001, 18001 og 27001 er æskileg
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur
- Góð almenn tölvufærni
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri og tileinka sér nýjungar
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í samskiptum og virðing fyrir samstarfsmönnum og umhverfi
- Gott vald á íslensku og ensku, talaðri sem ritaðri

**Umsóknarfrestur er til og með 1. ágúst**

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Elju, **www.elja.is**
Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um.

Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

**Nánari upplýsinga veita:**

Óskar Marinó Sigurðsson, **oskar@elja.is**

Arthúr Vilhelm Jóhannesson, **arthur@elja.is**

# Vélvirki

**Bílaumboðið Askja óskar eftir að ráða vélvirkja til starfa. Næsti yfirmaður er þjónustustjóri atvinnubílaverkstæðis.**

## Starfs- og ábyrgðarsvið

- Sérsmíði á ýmis konar búnaði fyrir ábyggingar á vörubifreiðar
- Járnsmíði og suðuvinna, bæði stál og ryðfrítt
- Viðhald á búnaði og tækjum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Gott vald á íslensku og ensku, talaðri sem ritaðri
- Almenn tölvukunnátta og geta til að tileinka sér tækninýjungar
- Ber ábyrgð á að framfylgja settum gildandi verklagsreglum og stöðlum og gæðakröfum framleiðanda

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Sveinspróf í vélvirkjun
- Reynsla af járnsmíði og reynsla af TIG-suðu
- Þekking og reynsla af vinnu með vökvakerfi er kostur
- Vinnuvélaréttindi eru kostur
- Samstarfs- og samskiptahæfni

## Bílaumboðið Askja

Askja er framsækið þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig m.a. í sölu og þjónustu á Kia og Mercedes-Benz bifreiðum. Markmið Öskju er að veita framúrskarandi þjónustu á öllum sviðum og í samræmi við gildi fyrirtækisins sem eru: metnaður, fagmennska, heiðarleiki og gleði.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. ágúst**

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Elju, **www.elja.is** Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um.

Með umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá.

**Nánari upplýsingar veitir:** Óskar Marinó Sigurðsson, **oskar@elja.is**



ÖLGERÐIN
EGILL SKALLAGRÍMSSON

# Tæknimaður í þjónustudeild

Ölgerðin leitar að duglegum og jákvæðum starfsmanni í þjónustudeild til að sinna fyrirbyggjandi viðhaldi og viðgerðum á kaffivélum ásamt öðrum tilfallandi verkefnum.

Ölgerðin er einn af stærstu aðilum á markaðnum í kaffi með vörumerki eins og illy, Gevalia, Piazza Doro, Café Noir o.fl.

**Umsóknarfrestur er til og með 24. júlí nk.**
Sótt er um á vefsíðu Ölgerðarinnar: umsokn.olgerdin.is

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Sjálfstæð vinnubrögð
- Þjónustulund, laghenti og stundvísi
- Góð íslensku- og ensku kunnátta
- Bílpróf
- Reynsla af sambærilegum störfum er kostur
- Áhugi á kaffi er kostur

olgerdin.is

## VACANT POSITIONS AT THE OFFICIAL RESIDENCE:

**HOUSEKEEPER (full time)**
**CHEF (full time)**

U.S. Ambassador's Residence is currently hiring one full time Housekeeper and one full time Chef preferably with knowledge of Japanese cuisine.

Please submit your CVs to ReykjavikOREVacancy@state.gov latest by **JULY 22, 2019.**

## Rennismiður óskast

Um er að ræða starf á verkstæði sem búið er bæði tölvu- (CNC) og handstýrðum(manual) rennibekkjum, fræsivélum og borvélum.

**Æskilegar starfskröfur sem við leitum að eru m.a.:**

- **Góð reynsla á rennibekk og/eða fræsivélum**
- **Forritunarreynsla í CAD/CAM**
- **Stundvísi og vandvirkni í starfi**
- **Sjálfstæð vinnubrögð**

Upplýsingar og móttaka umsókna er hjá Guðmundi Jenssyni verkstjóra, *gudmundur@arentsstal.is*

Erum einnig að leita að vönnum járniðnaðarmönnum og verkstjóra sem geta unnið sjálfstætt og góðir í verkstjórn og yfirumsjón

arents stál

Krókhálsi 5g, Járnhálsmegin • 822 1581 • arentsstal.is • arentsstal@arentsstal.is

## Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is

# Sæbýli ehf.
Tæknistjóri
**Uppsetning og rekstur lóðréttra eldiskerfa**
Vertical Farming

## Sæbýli ehf. óskar eftir að ráða kraftmikinn og útsjónarsaman tæknistjóra með reynslu af stjórnun og uppbyggingu pípu- og raflagnalagnakerfa.

## Um er að ræða uppsetningu og rekstur á hátæknieldiskerfum fyrir botnlæg sjávardýr.

**Hæfniskröfur**

- Menntun á sviði vélfræði / vélstjórnunar / verkfræði / pípulagna / raflagna eða sambærilegt nám sem nýtist í starfi.
- Starfsreynsla nauðsynleg.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Góð tölvufærni og kunnátta í ensku, rituðu og töluðu máli.
- Frumkvæði, jákvæðni, sjálfstæð vinnubrögð og góð samstarfshæfni er mikilvæg.

**Helstu verkefni**

- Verkefnastjórnun og vinna við uppsetningu á eldiskerfum.
- Áætlanagerð og eftirlit með verktökum.
- Daglegur rekstur eldiskerfa, uppfærsla og endurbætur.
- Upplýsingagjöf og utanumhald.

Tæknistjórinn þarf að hafa búsetu á Suðurlandi í nágrenni við Eyrarbakka. Dagleg starfsstöð er Búðarstígur 23, 820 Eyrarbakka.

Í boði er framtíðarstarf hjá mjög áhugaverðu nýsköpunarfyrirtæki sem býður upp á skapandi starfsumhverfi og góðan og skemmtilegan starfsanda.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ásgeir Guðnason, framkvæmdastjóri og skal senda umsóknir ásamt ferilskrá rafrænt á asgeir@saebyli.is, merkt; „tæknistjóri".

Sæbýli er hátæknifyrirtæki sem framleiðir sæeyru með nýrri lóðréttri eldisaðferð sem hönnuð hefur verið í félaginu á síðustu árum. Sæeyru eru með verðmætasta sjávarfangi sem upp úr hafinu kemur.

## MEÐFERÐARHEIMILIÐ Í KRÝSUVÍK

### óskar eftir að ráða staðarhaldara

Starfið er mjög fjölþætt, felst m.a. í akstri, umsjón bifreiða, almennu viðhaldi utan- og innanhúss. Þekking á 12 spora meðferð æskileg. Reglusemi, heiðarleiki og góð mannleg samskipti nauðsynleg.

Áhugasamir sendi umsóknir á netfangið soffiasmith@krysuvik.is

**Umsóknarfrestur er til 1. ágúst 2019.**




**Fjölbreytt og skemmtileg störf í boði.**

**Hjá leikskólum Kópavogs er óskað eftir** leikskólakennurum, deildarstjórum, mátráðum, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennurum.

**Í grunnskólum Kópavogs er óskað eftir** umsjónarkennurum og frístundaleiðbeinendum.

**Á velferðarsviði er óskað eftir** starfsfólki í félagslega heimaþjónustu og þroskaþjálfa í þjónustuíbúðir.

**Í sundlaugum Kópavogs er óskað eftir** kvenkyns starfsmanni.

**Kynntu þér fjölbreytt og spennandi störf á heimasíðu okkar www.kopavogur.is**

Kópavogsbær

kopavogur.is



## Deildarstjóri byggingadeildar LA

Launafl ehf (LA) auglýsir eftir deildarstjóra í byggingadeild LA. Um er að ræða fullt starf. Launafl ehf er iðnfyrirtæki í Fjarðabyggð með fjölbreytta starfsemi á flestum greinum sem lúta að iðnaði. Deildarstjóri byggingadeildar LA mun heyra undir verkefnastjóra LA.

**Helstu verkefni(starfssvið):**

- Verkefnstýring, áætlanir og stjórnun
- Byggingatæknileg umsjón og ábyrgð
- Starfsmannahald er ábyrgð deildarstjóra

**Hæfnis- og menntunnarkröfur:**

- Réttindi sem húsasmíðameistari
- Byggingafræðingur eða byggingaiðnfræðingur er kostur.
- Þekking, stjórnun og reynsla á byggingasviði
- Að minnsta kosti 3 ára starfsreynsla
- Góðir samskiptahæfileikar og öguð vinnubrögð
- Þekking á Autocad, Inventor og Project er kostur
- Hafa gott vald á íslensku og ensku í tali og riti.

**Umsóknarfrestur er til og með 25 júlí 2019.**
Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.

Umsóknir skulu sendar á netfang magnus@launafl.is

**Launafl ehf. – www.launafl.is – sími 414-9400.**

# Norræna húsið auglýsir eftir nýjum rekstraraðila í veitingarými hússins

### Frá og með 1. september 2019 er veitinga-rými Norræna hússins laust fyrir nýjan rekstraraðila. Í húsinu er veitingarými með einstöku útsýni og nánast fullbúnu eldhúsi.

Undanfarin fimm ár hefur Aalto Bistro starfað í Norræna húsinu og notið mikilla vinsælda. Um leið og við auglýsum eftir nýjum samstarfsaðila til þess að taka við rekstri veitingarýmisins þökkum við Aalto Bistro fyrir farsælt og ánægjulegt samstarf.

Norræna húsið í Reykjavík tók til starfa árið 1968 en húsið teiknaði finnski arkitektinn Alvar Aalto. Húsið er friðað og er ein af fáum perlum móderískrar byggingarlistar í Reykjavík, staðsett í friðlandinu í Vatnsmýrinni. Fjölbreytt menningarstarfsemi fer fram í Norræna húsinu, t.d. sýningar af ýmsu tagi, rekstur bókasafns, hljómleikar og sviðslistir. Auk þess tekur húsið virkan þátt í norrænni þjóð-félagsumræðu með málþingum og ráðstefnum. Árlega heimsækja húsið um 100.000 gestir.

Nýr rekstraraðili myndi:

- Vinna með markmið hússins að leiðarljósi, en þau eru norræn gildi, sjálfbærni, umhverfisvernd, fjölmenning og fjölskylduvænt samfélag.
- Vera með sama opnunartíma og Norræna húsið.
- Bjóða a.m.k hádegisverð auk þess að sjá um veitingar fyrir viðburði hússins.
- Vera áhugasamur um ræktun kryddjurta og nýta sér góða aðstöðu við húsið í þeim tilgangi.

**Fyrirspurnir, hugmyndir og umsóknir sendist Þórunni Stefánsdóttur fjármálastjóra Norræna hússins, thorunnst@nordichouse.is.**

**Umsóknarfrestur er til 15. ágúst 2019.**



Norræna húsið

**Opið alla daga vikunnar.**
**Viðburðardagatal á NORRAENAHUSID.IS**

Skóla- og velferðarþjónusta ÁRNESÞINGS

# Kennsluráðgjafi

**Staða kennsluráðgjafa fyrir leik- og grunnskóla á starfssvæði Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings er laus til umsóknar.**
Um er að ræða 100% stöðu. Á svæðinu eru sjö leikskólar, sex grunnskólar og tveir leik- og grunnskólar.

**Starfssvið**
- Forvarnarstarf og ráðgjöf um snemmtæka íhlutun með áherslu á sjálfbærni skóla við lausn mála sem upp koma.
- Þverfaglegt samstarf með starfsfólki leik- og grunnskóla.
- Fræðsla og/eða handleiðsla vegna einstaklinga eða hópa.
- Stuðningur við nýbreytni- og þróunarstarf skóla m.a. með ráðgjöf við stjórnendur og starfsmenn leik- og grunnskóla.
- Skipulagning á símenntun starfsfólks leik- og grunnskóla og stuðningur við starfsþróun.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Leyfisbréf sem grunnskólakennari.
- Framhaldsmenntun á sviði uppeldis- og menntunarfræða.
- Farsæl kennslureynsla í grunnskóla, kennslureynsla í leikskóla æskileg.
- Góðir skipulagshæfileikar,
- Lipurð í samskiptum, reynsla og áhugi á teymisvinnu.

Hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings starfar öflug liðsheild sérfræðinga sem vinnur í þverfaglegu samstarfi um málefni einstaklinga og hópa. Það eru forstöðumaður, teymisstjóri og kennsluráðgjafi, sálfræðingar, talmeinafræðingar og félagsráðgjafar.

Leitað er eftir metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn að taka þátt í þróun þjónustunnar og samstarfi, m.a við sérfræðinga ART teymis og heilbrigðisþjónustu.

**Umsóknarfrestur er til og með 5. ágúst 2019**

Umsóknir sendist rafrænt á netfangið hrafnhildur@arnesthing.is. Umsókninni skal fylgja ferilskrá um störf umsækjanda, menntun og nöfn tveggja umsagnaraðila. Einnig skal fylgja greinargerð þar sem fram koma hugmyndir umsækjanda um sérfræðiþjónustu og tilgreina þau verkefni sem viðkomandi hefur unnið að og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna starfinu. Í samræmi við jafnréttisstefnu sveitarfélaganna eru bæði karlar og konur hvött til að sækja um starfið. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélags Íslands. Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. september 2019 eða eftir samkomulagi. Nánari upplýsingar um starfið veitir Hrafnhildur Karlsdóttir teymisstjóri og kennsluráðgjafi hrafnhildur@arnesthing.is

# Verkefnastjóri atvinnu, markaðs- og menningarmála í Borgarbyggð



*Borgarbyggð auglýsir laust til umsóknar nýtt starf verkefnastjóra atvinnu, markaðs- og menningarmála. Starfið er 100% starf á stjórnsýslu- og fjármálasviði og er tímabundið til eins árs með möguleika á framtíðarráðningu.*

Leitað er eftir einstaklingi sem hefur metnað, reynslu af ímyndarmálum og upplýsingamiðlun og áhuga á eflingu sveitarfélagsins.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Umsóknarfrestur er til og með 28. júlí nk. Nánari upplýsingar um starfið veitir Eiríkur Ólafsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs í síma 433-7100.

Umsókn skal senda á netfangið borgarbyggd@borgarbyggd.is Henni skal fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
- Stefnumótun og markmiðasetning í atvinnu, upplýsinga- og menningarmálum
- Samstarf og samskipti við atvinnulíf
- Efla og samræma kynningar- og markaðsmál
- Upplýsingatækni og rafræn þjónusta
- Umsjón með menningarhátíðum og ýmsum menningarverkefnum
- Starfar fyrir atvinnu, markaðs- og menningarmálanefnd

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af störfum í upplýsingatækni, kynningar – og markaðsmálum
- Þekking og reynsla af verkefnum tengdum atvinnu- og menningarstarfi
- Gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð samstarfshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði og skipulagshæfileikar

BORGARBYGGÐ



# Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

**Stjórnendaleit**
Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

**Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga**
Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

**Almennar ráðningar á markaði**
Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

**Sveigjanleg nálgun**
Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

**Matstæki**
Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikaþætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

**Ráðgjöf við starfslok**
Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

Þú finnur draumastarfið á job.is



Iðnaðarmenn



Heilbrigðisþjónusta



Veitingastaðir



Kennsla

GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU

job.is


# Vélamaður á þjónustustöð í Hafnarfirði

VEGAGERÐIN

*FAGMENNSKA*
*ÖRYGGI*
*FRAMSÝNI*

Starf vélamanns hjá þjónustustöð Vegagerðarinnar í Hafnarfirði er laust til umsóknar. Um 100% starf er að ræða.

**Starfssvið**

- Eftirlit með snjómokstri verktaka, eftirlit getur átt sér stað að nóttu til.
- Viðhald, þjónusta og nýbyggingar vega á starfssvæði Vegagerðarinnar í Hafnarfirði sem er höfuðborgarsvæðið og Reykjanesskaginn.
- Ýmis vinna í starfsstöð.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Almennt grunnnám.
- Almenn ökuréttindi og meirapróf bifreiðastjóra.
- Vinnuvélaréttindi.
- Reynsla af ámóta störfum æskileg.
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í hóp.
- Góðir samstarfshæfileikar.
- Gott vald á íslenskri tungu.



**Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.**
Umsóknarfrestur er til og með 5. ágúst 2019. Umsóknir berist Vegagerðinni á netfangið starf@vegagerdin.is
Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem óskað er eftir. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Bjarni Stefánsson, deildarstjóri umsjónardeildar í Hafnarfirði, bjarni.stefansson@vegagerdin.is eða í síma 552 1461.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

# SKÓLASTJÓRI **HOFSSTAÐASKÓLA**

## Laus er til umsóknar staða skólastjóra Hofsstaðaskóla sem er grunnskóli fyrir nemendur í 1. - 7. bekk.

Nemendur skólans eru ríflega 570. Megin markmið í starfsemi Hofsstaðaskóla er að öll börn hafi jafnan rétt til náms og líði vel í skólanum. Áhersla er lögð á hlýlegt umhverfi, glaðlegt viðmót, vel menntað og hæft starfsfólk. Í skólanum er lögð áhersla á samvinnu og samræmingu námskrár leik- og grunnskóla og unnið er eftir samstarfsáætluninni „Brúum bilið". Sjá nánar um skólastarfið á vef skólans, hofsstadaskoli.is.
Í Garðabæ er lögð rík áhersla á sjálfstæði skóla, fjölbreytni og valfrelsi sem felst meðal annars í því að foreldrar hafa fullt frelsi um val á skóla fyrir börn sín.
Skólastjóri tekur þátt í að móta metnaðarfullt skólasamfélag Garðabæjar með uppbyggilegum og framsýnum hætti.

**Helstu verkefni:**

- Að vera faglegur leiðtogi
- Að bera faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfi skólans, stjórna daglegri starfsemi og hafa forgöngu um mótun og framgang stefnu skólans
- Að vinna náið með starfsfólki að því að skapa frjótt námsumhverfi fyrir alla nemendur
- Að leiða og hvetja starfsfólk með það að markmiði að tryggja sem best vellíðan og árangur hvers og eins

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Kennaramenntun og leyfisbréf til kennslu í grunnskóla
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af kennslu
- Reynsla af starfsmannastjórnun og rekstri
- Frumkvæði og vilji til að leita nýrra leiða í skólastarfi
- Góðir skipulagshæfileikar, lipurð og færni í samskiptum
- Áhugi og reynsla í að leiða þróunarstarf ásamt sveigjanleika og víðsýni

Umsókninni skal fylgja ítarleg starfsferilskrá um störf umsækjanda og menntun, stjórnunarreynslu og verkefni sem hann hefur unnið að og geta varpað ljósi á færni hans til að sinna starfi skólastjóra.
Þá skal fylgja umsókninni greinargerð með hugmyndum umsækjanda um starfið og hvernig hann sér Hofsstaðaskóla þróast undir sinni stjórn.

Staðan er laus frá og með 1. ágúst 2019.
**Umsóknarfrestur er til og með 28. júlí 2019.**

**Nánari upplýsingar um starfið veita** Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, s. 525-8500. eirikurbjorn@gardabaer.is, og Katrín Friðriksdóttir, deildarstjóri skóladeildar, s. 525-8500, katrinf@gardabaer.is.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélags Íslands.

**Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.**
**Umsækjendur eru beðnir um að sækja um rafrænt á ráðningarvef Garðabæjar https://starf.gardabaer.is.**

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

Oculis

# Formulation Scientist

Oculis is currently seeking an innovative, highly motivated and energetic individual to join our team of formulation scientists in a new laboratory in Reykjavik.

RESPONSIBILITIES

- Ophthalmic formulation development based on Oculis' Soluble Nanoparticle Technology.
- Design and perform experiments for drug pre-formulation, formulation development, and process development.
- Documentation for product development report (PDR) and final product specifications.
- Evaluation of inactive raw materials and packaging components.
- Prepare technology transfer of developed processes and procedures for scale up activities.
- Review patents and external publications.
- Analytical method development.
- Other R&D related projects.

EXPERIENCE/COMPETENCIES

- A relevant university degree in, for example, pharmacy, pharmaceutical sciences, or chemical engineering with 2-5 years of relevant industry experience.
- Experience of formulation development, ideally of ophthalmic products.
- Strong hands-on expertise in analytical chemistry, incl. HPLC.
- In-depth understanding of chemical stability and characterization techniques.
- Thorough understanding of cGMP, pharmacopeia testing and regulatory requirements for drug development and approval.
- Good knowledge of written and spoken English.
- Good communication and team work skills.

For more details / information please contact: Gudrun Asgrimsdottir gudrun.asgrimsdottir@oculis.com or Thorsteinn Loftsson thorsteinn.loftsson@oculis.com Please send your CV to umsokn@oculis.com. Closing date 8th of August 2019.

Oculis ehf. is a rapidly expanding innovation company that is developing new eye drops for drug delivery to the anterior and posterior segments of the eye. The first product from Oculis is eye drops for diabetic macular edema which is currently in phase IIb trials. Oculis has offices in Reykjavík and Lausanne, Switzerland. Drug development takes place at a new laboratory in Reykjavik and the clinical trials program is performed in Europe and the United States. The Oculis team has long experience in ophthalmic drug development.

## MEÐFERÐARHEIMILIÐ Í KRÝSUVÍK

**óskar eftir að ráða staðarhaldara**

Starfið er mjög fjölþætt, felst m.a. í akstri, umsjón bifreiða, almennu viðhaldi utan- og innanhúss. Þekking á 12 spora meðferð æskileg. Reglusemi, heiðarleiki og góð mannleg samskipti nauðsynleg.

Áhugasamir sendi umsóknir á netfangið soffiasmith@krysuvik.is

**Umsóknarfrestur er til 1. ágúst 2019.**

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Hjúkrunarfræðingur í heimahj. | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Akureyri | 201907/1365 |
| Hjúkrunarfræðingur á Fossahlíð | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Seyðisfjörður | 201907/1364 |
| Verkfræðingur | Vegagerðin | Reykjavík | 201907/1363 |
| Vélamaður | Vegagerðin | Hafnarfjörður | 201907/1362 |
| Hjúkrunarfræðingar á bráðadeild | Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Ísafjörður | 201907/1361 |
| Sérfræðingur í myndgr.lækn. | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201907/1360 |
| Sjúkraliði í heimahjúkrun | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Fjarðabyggð | 201907/1359 |
| Sálfræðingur barna | Heilsugæslan Seltj.nesi og Vesturbæ | Seltjarnarnes | 201907/1358 |
| Yfirhjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201907/1357 |
| Sjúkraþjálfari | Landspítali, heila- tauga- og bækl.sk. | Reykjavík | 201907/1356 |
| Sérhæfður aðstoðarm. sjúkraþj. | Landspítali, sjúkraþjálfun, Landakoti | Reykjavík | 201907/1355 |
| Sérhæfður aðstoðarm. sjúkraþj. | Landspítali, sjúkraþjálfun, Fossvogi | Reykjavík | 201907/1354 |
| Sjúkraþjálfari | Landspítali, tauga- og bráðalyflækn. | Reykjavík | 201907/1353 |
| Sérfræðingur, fæðinga- og kvensj. | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201907/1352 |
| Sjúkraliði | Landspítali, Barnaspítali Hringsins | Reykjavík | 201907/1351 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, Barnaspítali Hringsins | Reykjavík | 201907/1350 |
| Sundl.vörður/sérhæfður starfsm. | Landspítali, Grensás | Reyjavík | 201907/1349 |
| Sjúkraþjálfari | Landspítali, sjúkraþjálfun, Landakoti | Reykjavík | 201907/1348 |
| Sérfræðingur í upplýsingadeild | Lyfjastofnun | Reykjavík | 201907/1347 |
| Sjúkraliði í heimahjúkrun | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Akranes | 201907/1346 |
| Lögfræðingur | Forsætisráðuneytið | Reykjavík | 201907/1345 |
| Móttökuritari | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201907/1344 |
| Lektor í sálfræði | Háskólinn á Akureyri | Akureyri | 201907/1343 |
| Lögreglufulltrúi | Ríkislögreglustjóri | Reykjavík | 201907/1342 |



Vantar þig starfsfólk?

HAGVANGUR

hagvangur.is

# RÁÐGJÖF RÁÐNINGAR RANNSÓKNIR



**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

# ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Vogabyggð 1 – fyrsti áfangi 2019. Gatnagerð og lagnir,** útboð nr. 14612

Nánari upplýsingar er að finna á
***www.reykjavik.is/utbod***

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

## Samstæða Orkuveitu Reykjavíkur

Allar auglýsingar vegna innkaupaferla eru birtar á

## utbodsvefur.is

Utbodsvefur.is er sameiginlegur auglýsingavettvangur opinberra útboða þar sem birtar eru auglýsingar og/eða tilkynningar um fyrirhuguð innkaup.

OR Orkuveita Reykjavíkur — Grunnur að lífsgæðum
VEITUR · GAGNAVEITA REYKJAVÍKUR · ON
Orkuveita Reykjavíkur • Bæjarhálsi 1 • 110 Reykjavík • www.or.is

MOSFELLSBÆR

## Tillaga að breytingu á deiliskipulagi

Mosfellsbær auglýsir hér með skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eftirtalda tillögu að breytingu á deiliskipulagi:

### Mosfellsbær, Vestursvæði - Höfðahverfi

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér breytingu á legu göngustígs milli Súluhöfða og golfvallar. Í stað þess að stígurinn tengist inn á gangstétt í neðstu götunni í Súluhöfða fer hann norð-vestur fyrir neðstu lóðirnar og tengist núverandi stíg sem liggur til vesturs og niður gegnum gólfvöllinn að strandstíg.

Tillagan verður til sýnis í þjónustuveri Mosfellsbæjar Þverholti 2, frá 15. júlí 2019 til og með 26. ágúst 2019, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér hana og gert við hana athugasemdir.

Tillagan verður einnig birt á heimasíðu Mosfellsbæjar á slóðinni: www.mosfellsbaer.is/skipulagsauglysingar

Athugasemdir skulu vera skriflegar og skal senda þær til skipulagsnefndar Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ eða í tölvupósti til undirritaðs eigi síðar en 26. ágúst 2019.

*13. júlí 2019*
*Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar*
*olafurm@mos.is*

# Verkfræðingur á hafnadeild í Reykjavík

VEGAGERÐIN

*FAGMENNSKA*
*ÖRYGGI*
*FRAMSÝNI*

Vegagerðin auglýsir eftir verkfræðingi á hafnadeild. Um er að ræða fullt starf á starfsstöð Vegagerðarinnar í Reykjavík. Í boði er spennandi, fjölbreytt og krefjandi starf þar sem áherslan verður á ýmiskonar rannsóknir og þróunarvinnu tengdri hafnargerð.

Við erum að leita eftir verkfræðingi sem hefur áhuga á að takast á við krefjandi verkefni á sínu fagsviði, frá frumstigum hönnunar til framkvæmda. Vinna við öldufarsrannsóknir og rannsóknar- og þróunarverkefni sem tengjast hafnargerð. Aðkoma að eftirliti- og hönnun hafnarmannvirkja.
Á hafnadeild vinna um 8 manns við ýmis hönnunar-, rannsóknar- og þróunarverkefni sem tengjast hafnagerð.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Umhverfis- eða byggingarverkfræðingur, M.Sc.
- Lágmark 5 ára starfsreynsla af hafnatengdum rannsóknar- og þróunarverkefnum.
- Þekking og reynsla af líkanagerð.
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu.
- Frumkvæði og faglegur metnaður.
- Skipulögð og öguð vinnubrögð í starfi.
- Góð íslenskukunnátta.
- Kunnátta í ensku og einhverju norðurlandamáli.



**Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.**
Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.
Umsóknarfrestur er til og með 5. ágúst 2019. Umsóknir berist á netfangið starf@vegagerdin.is.
Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem gerð eru til starfsins, þar með talið menntunar- og starfsferilsskrá.
Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.
Nánari upplýsingar um starfið veita Fannar Gíslason (fannar.gislason@vegagerdin.is ) eða Sigurður Sigurðsson (sigurdur.sigurdsson@vegagerdin.is ) eða í síma 522 1000
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

# Yfirþroskaþjálfi eða deildarstjóri óskast

Á Seltjarnarnesi búa um 4600 manns. Lögð er áhersla á að tryggja íbúum góða alhliða þjónustu.

## Félagsþjónusta Seltjarnarnesbæjar óskar eftir að ráða yfirþroskaþjálfa eða deildarstjóra til starfa á Sæbraut sem er íbúðakjarni fyrir fatlað fólk á aldrinum 25 til 40 ára

Starfshlutfall er 90% eða eftir samkomulagi og er vaktavinna hluti af vinnuskipulagi.

**Verkefni og ábyrgð:**

- Stjórnun og umsjón með framkvæmd þjónustu
- Samstarf við forstöðumann um faglega ábyrgð
- Ráðgjöf til starfsmanna ásamt forstöðumanni
- Þátttaka í þverfaglegu samstarfi
- Samstarf og samráð við íbúa og aðstandendur
- Þátttaka í þróunarstarfi og uppbyggingu þjónustu

**Menntun og hæfniskröfur:**

- Starfsleyfi sem þroskaþjálfi eða háskólamenntun á sviði félags- heilbrigðis- og/eða menntavísinda
- Þekking og reynsla af þjónustu við fólk með flóknar fatlanir og hegðunarfrávik
- Stjórnunarreynsla æskileg en ekki skilyrði
- Samviskusemi, gagnrýnin hugsun og frumkvæði
- Góð samskiptafærni, skipulagsfærni og sveigjanleiki
- Geta til að takast á við krefjandi vinnuumhverfi

*Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélaga.*
*Þeir sem ráðnir eru til starfa hjá Seltjarnarnesbæ þurfa að veita heimild til að leitað sé upplýsinga af sakaskrá.*
*Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf.*

Nánari upplýsingar um störfin gefur Aníta Ösp Gunnlaugsdóttir forstöðumaður í síma 867 5178
eða Halldóra Jóhannesdóttir Sanko deildarstjóri stuðningsþjónustu í síma 595 9100

**Umsóknarfrestur er til 28. júlí næstkomandi.**

Sótt er um störfin á vef Seltjarnarnesbæjar,
www.seltjarnarnes.is - **Störf í boði.**

seltjarnarnes.is

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

SELTJARNARNESBÆR

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

**Við finnum rétta einstaklinginn í starfið**

Capacent_
capacent.is






www.201.is

Glæsilegar íbúðir í tveimur 6 hæða fjölbýlishúsum m.lyftu við Sunnusmára 16-18 og 20-22. Alls er um að ræða 76 fjölbreyttar íbúðir, 2ja 3ja og 4ra herbergja. Íbúðirnar eru í hagkvæmum stærðum allt frá 44 fm upp í 125 fm og allt þar á milli. Flestum íbúðum fylgir stæði í bílgeymslu með hleðslustæði.

Íbúðirnar eru staðsettar í nýjasta hluta Smárans í Kópavogi sem er nútímalegt og afar vel skipulagt borgarhverfi þaðan sem stutt er í þjónustu og verslanir

**Íbúðum er skilað fullbúnum** Verð frá: **35,4 milljónir**

Nánari upplýsingar veita:


**Jón Rafn Valdimarsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is


**Þórhallur Biering**
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232
thorhallurb@miklaborg.is


**Jason Kr. Ólafsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is


**Atli S. Sigvarðsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178
atli@miklaborg.is


**Friðrik Þ. Stefánsson**
hdl. og aðst. fasteignasala
Sími: 616 1313
fridrik@miklaborg.is


**Þórunn Pálsdóttir**
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is












www.105midborg.is/miklaborg

105 MIÐBORG

Íslandssjóðir

ÍAV

Stuðlaborg er vandað fjölbýli með 77 íbúðum í fimm lyftuhúsum. Stærðir frá 58-254 fm.
Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist.
Stórbrotið útsýni yfir sundin blá, miðbæinn og borgina.
Fjöllin skarta sínu fegursta við sjóndeildarhringinn og örstutt er að skreppa í miðbæinn, sund eða gönguferð í Laugardalnum.

**Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi**
Áhersla á fjölbreytileika og gæði í hönnun, efnisvali og frágangi. Þýskar gylltar álklæðningar ásamt stórum swiss pearl steinplötum. Sérstök hljóðgólf í öllum íbúðum, þykkir veggir og full loftræsing skapa góða hljóðvist.
Gólfsíðir útsýnisgluggar í stofum skapa einstakt og óhindrað sjávarútsýni yfir Sundin, Esjuna, Akrafjall, Snæfellsjökul og innsiglinguna í Reykjavíkurhöfn.

Hin margverðlaunaða og heimsþekkta danska arkitektastofa Schmidt Hammer Lassen (SHL) hannar Stuðlaborg ásamt VA arkitektum.

**Byggingaraðili er ÍAV hf.** sem er eitt stærsta, elsta og öflugasta verktakafyrirtæki landsins.

Nánari upplýsingar um bygginguna á 105midborg.is

**Afhending áramótin 2019/2020** Verð frá: **41,9 millj.**

Opin hús á skrifstofu Mikluborgar á skrifstofutíma frá kl. 9 - 17


**Jason Ólafsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jason@miklaborg.is


**Páll Þórólfsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929
pall@miklaborg.is


**Gunnar S. Jónsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is


**Ásgrímur Ásmundsson**
hdl. og lögg. fasteignasali
Sími: 865 4120
asi@miklaborg.is


**Þórunn Pálsdóttir**
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is

**MIKLABORG** Með þér alla leið

# BUGÐUFLJÓT OG BRÚARFLJÓT

SÍMI:
**586 8080**
www.fastmos.is

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

## Atvinnulóðir á Leirvogstungumelum í Mosfellsbæ

***Flott staðsetning rétt við Vesturlandsveginn***




| | |
|---|---|
| **BUGÐUFLJÓT 1** | |
| *10.944 m2 lóð* | **V. 89,5 m** |
| **BUGÐUFLJÓT 3** | |
| 9.327 m2 lóð | **V. 75,9 m** |
| **BRÚARFLJÓT 1** | |
| 4.567 m2 lóð | **V. 39,0 m** |
| **BRÚARFLJÓT 3** | |
| 6.397 m2 lóð | **V. 55,0 m** |
| **BRÚARFLJÓT 4** | |
| 6.481,8 m2 lóð | **V. 70,0 m** |
| **BRÚARFLJÓT 5** | |
| 5.719,2 m2 lóð | **V. 49,0 m** |
| **BRÚARFLJÓT 6** | |
| 7745,3 m2 lóð | **V. 84,0 m** |
| **BRÚARFLJÓT 7** | |
| 6085,5 m2 lóð | **V. 52,0 m** |
| **BRÚARFLJÓT 8** | |
| 8145,3 m2 lóð | **V. 88,0 m** |

## Bugðufljót og Brúarfljót - 270 Mosfellsbær

**Heimilt er að reisa á svæðinu byggingar fyrir þjónustu- og verslunarstarfsemi, léttan mengunarlausan iðnað, hátækni- og vísindafyrirtæki og hverskonar aðra starfsemi, sem uppfyllir kröfur um vandaðan frágang bygginga og lóða. Ekki verða innheimt gatnagerðargjöld af þegar samþykktu byggingarmagni.**

**Allar nánari upplýsingar fást hjá Fasteignasölu Mosfellsbæjar í síma 586 8080.**

**Svanþór Einarsson**
Löggiltur fasteignasali, 698-8555,
svanthor@fastmos.is

**Sigurður Gunnarsson**
Löggiltur fasteignasali S: 899-1987
sigurdur@fastmos.is





FASTEIGNASALA MOSFELLSBÆJAR • KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • EINAR PÁLL KJÆRNESTED LÖGG. FAST.


NÝ SENDING AF SUNDFÖTUM
Í STÆRÐUM 14-28 EÐA 42-56
SJÁÐU ÚRVALIÐ Í NETVERSLUN WWW.CURVY.IS
EÐA KOMDU Í VERSLUN OKKAR VIÐ GRENSÁSVEG
SUNDKJÓLL
- 12.990 KR
SENDUM FRÍTT
HVERT Á LAND
SEM ER!
BIKINÍ TOPPUR
- 6.990 KR
SUNDBOLUR
- 11.990 KR
BIKINÍ BUXUR
- 5.990 KR
Curvy
Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is

# Með ferðaapótek til fjarlægari landa

**Það hefur aukist mikið að Íslendingar ferðist til fjarlægari landa eins og Afríku, Kína, Taílands, Balí, Víetnams, Kambódíu og fleiri staða. Það er ágætt að hafa í huga að nauðsynlegt er að verja sig.**

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Bólusetningar eru nauðsynlegar þegar farið er til framandi landa. Pantið tíma með góðum fyrirvara á heilsugæslustöð í bólusetningu. Enginn vill veikjast á ferðalögum og þess vegna er gott að huga að fyrirbyggjandi aðgerðum. Sömuleiðis hvað þarf að hafa með sér í ferðaapótekinu. Á mörgum stöðum er salernisaðstaða bágborin, hvorki pappír né vatn. Á slíkum stöðum er nauðsynlegt að hafa með sér sótthreinsandi blautklúta og þurrkur. Í Kína eru til dæmis salernin aðeins hola í gólfinu víðast hvar. Reynið að þvo hendur oft og reglulega þegar hreint vatn er til staðar á slíkum ferðalögum. Það skiptir mjög miklu máli að þvo hendurnar áður en matar er neytt.

Farið varlega í mataræði á framandi slóðum. Ekki borða ávexti og salat sem hefur staðið á borðum. Reynið að skola ávexti með hreinu vatni ef mögulegt er. Drekkið mikið vatn. Veljið vatn í viðurkenndum umbúðum. Ekki drekka vatn sem kemur í könnu á borðið. Það gæti verið mikill klór í því. Ekki bursta tennur með rennandi vatni úr krana, eingöngu úr flöskum. Áfengi er ekki gott gegn þorsta í miklum hita.

Munið að bera á ykkur sólarvörn með mikilli vörn. Ef þið gistið á hóteli passið upp á að hafa ekki of mikinn kulda frá loftkælingu. Það er vont fyrir líkamann að skipta úr miklum hita yfir í kalt loft. Verið vel tryggð á ferðalögum um framandi lönd ef eitthvað kæmi fyrir. Læknisheimsóknir geta verið mjög dýrar.



Víetnam hefur verið gríðarlega vinsæll áfangastaður enda óskaplega fallegt þar og íbúar gestrisnir.

### Ferðaapótekið ætti að samanstanda af

- Verkjalyfjum
- Hitamæli
- Plástri, sárasmyrsli og sáraumbúðum
- Litlum skærum og naglaklippum
- Nefúða
- Sjóveikitöflum
- Lyfi við niðurgangi
- Ofnæmislyfi
- Ofnæmiskremi
- Lyfi gegn sveppasýkingu
- Kælandi kremi við sólbruna
- Sólarvörn
- Sótthreinsandi blautþurrkum

> **Á mörgum stöðum er salernisaðstaða bágborgin, hvorki pappír né vatn. Á slíkum stöðum er nauðsynlegt að hafa með sér sótthreinsandi blautklúta og þurrkur. Í Kína eru til dæmis salernin aðeins hola í gólfinu víðast hvar.**



Taíland er vinsæll áfangastaður margra Íslendinga. Ef ferðast er um landið þarf að gæta að mataræði og hreinlæti. NORDICPHOTOS/GETTY



Það er gaman að koma til Peking og kíkja á Kínamúrinn í leiðinni. Ógleymanlegur staður. Einnig er nauðsynlegt að fá sér Peking-öndina í borginni.

# Ert þú með bakflæði?

## Lansoprazol Krka 15 mg - Nýtt lyf án lyfseðils við brjóstsviða og súru bakflæði.

Margir þjást af brjóstsviða og súru bakflæði og hefur það áhrif á líðan og líf einstaklingsins. Hjá sumum er brjóstsviði hreinlega fylgifiskur þess að borða," segir Sigrún Sif Kristjánsdóttir, lyfjafræðingur hjá LYFIS.

Brjóstsviði og súrt bakflæði stafa oftast af því að súr magavökvi flæðir frá maga upp í vélinda vegna þess að lokuvöðvinn í vélindanu starfar ekki eðlilega. Þegar magasýrur flæða ítrekað þessa leið getur það leitt til þess að bólgur og skemmdir verða á slímhúð í vélinda.

„Lansaprozol Krka inniheldur virka efnið lansoprazol sem hefur áhrif á seytingu magasýru. Það hemur magasýrumyndun með því að hamla virkni ákveðins ensíms í saltsýrufrumum magans," segir Sigrún Sif.

Lansoprazol Krka 15 mg er til í tveimur pakkningastærðum; 28 hylki og 56 hylki. Meðferð við brjóstsviða og súru bakflæði er 1 – 2 hylki á dag. Lyfið er ætlað fullorðnum.

Salan hófst 1. september og er Lansaprozol Krka 15 mg komið í sölu í flestum apótekum en hingað til hefur eingöngu verið hægt að fá þetta lyf gegn ávísun frá lækni.

**Lansoprazol Krka 15 mg**

- Magasýruþolin hörð hylki
- Meðferð við brjóstsviða og súru bakflæði
- Skammtur: 1 – 2 hylki á dag
- Hylkin skal taka að minnsta kosti 30 mínútum fyrir mat
- Pakkningastærðir: 28 stk. og 56 stk.




Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.



**Brjóstsviði, einkenni:**

- Bruna- eða sviðaóþægindi undir bringubeini
- Súrt óbragð í munni
- Kyngingarerfiðleikar
- Brjóstverkur
- Hæsi og hósti

LYFIS
Traust í lyfjum

# SPORT 24

## Íþróttavöruverslun




adidas
NIKE
hummel
PUMA
Champion
ellesse
FILA

**Opnunartími**
Virka daga 11-18
Laugardaga 12-15

**Sundaborg 1** Sími 553 0700

NÆG BÍLASTÆÐI VIÐ VERSLUN

Fylgdu okkur á facebook



**Plovdiv er talin vera elsta borg Evrópu.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Skuggalandið Búlgaría

Búlgaría er æ vinsælli ferðamannastaður. Þar eru sólríkar strendur, ódýr matur og drykkur, falleg menning og fornar byggingar til að skoða. Búlgaríska borgin Plovdiv er talin vera ein elsta borg Evrópu en hún er meira en 6.000 ára gömul. Búlgaría er kallað Land rósanna þar sem meirihluti framleiðslu rósaolíu í heiminum kemur þaðan. Fyrir utan það er landið stórtækt í framleiðslu á lavenderolíu sem fælir burt lúsmý. Fyrir þá sem þekkja lítið til Búlgaríu lýsir bókin The Shadowland eftir bandaríska höfundinn Elizabeth Kosdova landslaginu og menningunni vel. Bókin fjallar um unga bandaríska konu að nafni Alexandra Boyd, sem flytur til Búlgaríu til að kenna ensku. Fyrir slysni endar hún með duftker í eigu gamalla hjóna sem inniheldur ösku Stoyan Lazarov. Alexandra reynir að hafa uppi á hjónunum og kynnist um leið sögu mannsins sem er bæði sorgleg og falleg. Sagan lýsir vel margbreytilegri stemningunni í Búlgaríu á 20. öldinni í tengslum við aldagamla sögu landsins, stalínismann og hvernig landið rís hratt úr ösku Sovétríkjanna sálugu.




**Sólarvörnin er gríðarlega mikilvæg fyrir húðina.**

## Ekki gleyma sólarvörninni

Ef þú ert á leiðinni í sólarfrí í útlöndum máttu ekki gleyma sólarvörninni. Það er ekki hægt að segja það nógu oft hversu mikilvæg sólarvörnin er, hvað þá fyrir okkur Íslendingana.

Það hefur verið lengi í tísku að vera sólbrúnn. Þegar hugsað er einungis um sólbrúnku en ekki húðina getur skaðinn orðið mikill. Sólarvarnir koma ekki í veg fyrir að húðin taki lit, sólarvarnir verja húðina fyrir skaðlegum geislum sólarinnar sem brenna á okkur húðina, skaða frumur húðarinnar sem sjá okkur fyrir teygjanleika og flýtir þannig fyrir öldrun húðarinnar.

Með því að nota sólarvörn endist liturinn lengur og er fallegri á húðinni. SPF-stuðull á sólarvörn segir ekki til um hversu mikla vörn þú færð, heldur hversu lengi vörnin er virk.

Nota má sömu sólarvörnina á andlitið og líkamann, en stundum er venjuleg sólarvörn of feit fyrir andlitið, sérstaklega fyrir þá sem eru með rósroða eða tilhneigingu til að fá bólur. Þá er oft gott að nota sólarvörn án olíu á andlitið.

## Góð ráð fyrir ferðalagið

Þegar ferðast er til útlanda er ýmislegt sem hafa ber í huga. Oft er nóg að taka bara með sér litla tösku og vegabréfið, og ekki gleyma evrópska sjúkratryggingarkortinu, það borgar sig þó stoppið sé stutt. En þegar lengra er haldið þarf að hugsa að fleiri atriðum. Lönd utan Schengen krefjast flest vegabréfsáritunar þegar ferðast er frá Íslandi. Oft getur afgreiðsla vegabréfsáritana tekið tíma og því borgar sig að sækja um tímanlega.

Í sumum löndum eru landlægir sjúkdómar sem finnast ekki á Íslandi. Þegar ferðast er á fjarlægar slóðir borgar sig að athuga hvort og hvaða bólusetningar er nauðsynlegt hafa til að fyrirbyggja smit. Eins borgar sig að vera vel sjúkratryggður, sérstaklega ef ferðast er þangað sem evrópska sjúkratryggingakortið gildir ekki.

Ef planið er að keyra er líka ráð að athuga hvort íslenska ökuskírteinið dugi ekki örugglega til. En hægt er að sækja um alþjóðlegt ökuskírteini hjá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda.

Þó að oft sé hægt að bjarga sér bara með greiðslukorti er ekki víst að það sé jafn auðvelt alls staðar. Það borgar sig því að hafa alltaf með sér einhvern gjaldeyri í seðlum. Svo er bara að muna eftir góða skapinu. Góða ferð!



**Undirbúningur fyrir ferðalög mikilvægur.** NORDICPHOTOS/GETTY


# DRAUMASIGLINGAR
## MEÐ NORWEGIAN CRUISE LINE

FREE AT SEA
ALLT INNIFALIÐ Í ÖLLUM SIGLINGUM
EKKI BORGA MEIRA EN ÞÚ ÞARFT
WORLD TRAVEL AWARDS

### ASÍA - SINGAPORE TIL TOKYO
11. APRÍL - 5. MAÍ 2020

Verð frá kr. 810.000 á mann í 2ja manna innklefa með PREMIUM ALLT INNIFALIÐ




ÍSLENSK FARARSTJÓRN • GIST Í 4 NÆTUR Í SINGAPORE OG 3 Í TOKYO • HO CHI MINH Í VÍETNAM
HONG KONG OG SHANGHAI Í KÍNA • HIROSHIMA, KOCHI, KOBE, SHIMIZU, YOKOHAMA OG TOKYO Í JAPAN

**JÓL Í KARÍBAHAFINU**
20. des. 2019 - 4. jan. 2020
Costa Maya í Mexíkó, Harvest Caye Roatán í Hondúras, Cozumel í Mexíkó
Verð frá kr. 375.000 á mann

**PANAMASKURÐURINN**
11. febrúar - 5. mars 2020
Great Stirrup Cay, Cartagena Puntarenas, Puerto Quetzal, Puerto Vallarta, Puerto San Lucas, Los Angeles
Verð frá kr. 545.000 á mann

**KARÍBAHAFIÐ**
19. mars - 2. apríl 2020
Costa Maya í Mexíkó, Harvest Caye Roatán í Hondúras Cozumel í Mexíkó
Verð frá kr. 330.000 á mann

**PÁSKAR Í KARÍBAHAFINU**
11. - 24. apríl 2020
Great Stirrup Cay, Ocho Rios á Jamaíku, Georg Town og Cozumel í Mexíkó
Verð frá kr. 398.000 á mann

**ATLANTSHAFIÐ**
20. apríl - 10. maí 2020
Azoreyjar, Lissabon, Cadiz (Sevilla) Malaga, Mallorka, Barcelona, Cannes Livorno, Civitavecchia, Róm
Verð frá kr. 440.000 á mann

**GRÍSKA EYJAHAFIÐ**
12. - 26. maí 2020
Kotor í Svartfjallalandi, Korfu, Santorini Aþena, Ródos, Mykonos í Grikklandi Dubrovnik í Króatíu, Feneyjar
Verð frá kr. 435.000 á mann

**MIÐJARÐARHAFIÐ**
28. maí - 8. júní 2020
Napolí, Civitavecchi, Livorno Flórens, Písa, Cannes, Palma á Mallorka, Barcelona
Verð frá kr. 380.000 á mann

**EYSTRASALTIÐ**
16. - 25. júní 2020
Warnemunde í Þýskalandi, Tallin St. Pétursborg í Rússlandi, Helsinki Nynashamn og Kaupmannahöfn
Verð frá kr. 365.000 á mann

**MIÐJARÐARHAFIÐ**
4. - 15. sept. 2020
Napolí, Cvitavecchi, Livorno Flórens, Písa, Cannes, Palma á Mallorka, Barcelona
Verð frá kr. 370.000 á mann

**ÍTALÍA OG EYJAHAFIÐ**
7. - 21. sept. 2020
Kotor, Svartfj.landi, Dubrovnik Króatíu, Corfu, Santorini, Mykonos, Grikklandi, Napolí, Livorno, Ítalíu
Verð frá kr. 450.000 á mann

**KARÍBAHAFIÐ**
19. nóv. - 1. des. 2020
Puerto Plata í Dóminíska lýðveldinu, St. Thomas, Tortola og Great Stirrup Cay
Verð frá kr. 330.000 á mann

**JÓL Í KARÍBAHAFINU**
18. - 30. des. 2020
Cozumel og Costa Maya í Mexíkó Roatán í Hondúras Harvest Caye
Verð frá kr. 410.000 á mann

NCL NORWEGIAN CRUISE LINE®
Besta skipafélagið í Evrópu 11 ár í röð og 6 ár í Karíbahafi
NORRÆNA FERÐASKRIFSTOFAN
Sími 570 8600
www.norræna.is
Stangarhyl 1, 110 Rvk.

# Sérmeðferðir fyrir þá sem gera kröfur um raunverulegan árangur !






Snyrtistofan Hafblik býður upp á hinn vinsæla Supreme Hollywood-meðferðarkúr sem gefur raunverulegan árangur. Þessi náttúrulega og kröftuga viðgerðarmeðferð á andliti er raunhæf leið til að eldast með fullri reisn. Staðreyndin er að það tekur okkur mörg ár að mynda djúpar hrukkur og aðrar skemmdir í húð. Þær hverfa ekki á einni nóttu. Það er engin skyndilausn til. Supreme Hollywood-meðferðarkúr er langtímaferli og þ.a.l. raunveruleg viðgerð sem vinnur á ótímabærri öldrun húðar, vinnur á litabreytingum og öldrunarblettum og styrkir og stinnir húðvefinn. Starfsemi húðar verður sterkari, heilbrigðari og virkari.

**Glæsilegir tilboðspakkar í boði og allt frá 55 þús. upp í 150 þús. kr. afsláttur !**

## Við bjóðum einnig: Háræðaslitsmeðferðir

### HENDUR – ANDLIT – HÁLS – BRINGA




**Hljóðbylgjumeðferð**
Fjarlægir háræðaslit í andliti, háræðastjörnur, blóðblöðrur og skemmdir í húð eftir rósroða.

**Hversu margar meðferðir þarf?**
Algengt er 2-4 skipti, en misjafnt er hversu margar meðferðir þarf til að fjarlægja háræðaslit endanlega.

Fyrir þá sem gera kröfur um gæði og árangur

**Bókið frían tíma í skoðun/viðtal**

*Snyrtistofan Hafblik*

Hlíðasmára 9 • Kópavogi • S. 893 0098 • snyrt@snyrt.is • www.snyrt.is

# Gott með sumarkaffinu

**Það er alltaf ástæða til að fá sér eitthvað gott með kaffinu. Ekki er verra ef hægt er að drekka það utandyra í góðu veðri. Hér eru tvær uppskriftir en báðar innihalda þær epli.**

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Hvort langar þig frekar í vöfflur með karamellueplum eða einfalda eplaköku með rjóma? Hér eru uppskriftir sem vert er að prófa með kaffinu.

### Vöfflur með karamellueplum

Vöfflur er svakalega góðar og það má líka borða þær með alls konar ávöxtum eða kjöti eftir því hvort þær eru bakaðar fyrir kaffitíma eða kvöldmatinn. Belgískar vöfflur eru gjarnan bakaðar sem meðlæti með kjöti en þessar venjulegu eru frekar með sultu, rjóma, ís eða ávöxtum.

Hér er frábær uppskrift að vöfflum með karamelluеplum og mascarpone. Uppskriftin er miðuð við fjóra.

### Vöfflur

**4 dl hveiti**
**2 msk. sykur**
**1 tsk. lyftiduft**
**1 tsk. vanilludropar**
**4 dl mjólk**
**5 egg**
**100 g brætt smjör**

Ein uppskrift gefur tíu vöfflur. Setjið öll þurrefnin í skál og bætið síðan mjólkinni saman við hægt og rólega á meðan hrært er. Þá eru eggin sett út í og loks smjörið. Þegar blandan er kekkjalaus og fín er hún látin standa í hálfa klukkustund. Ef blandan er of þykk má blanda meiri mjólk saman við.

### Karamelluepli

**2 msk. smjör til steikingar**
**3 epli**
**200 g sykur**
**½ dl vatn**
**50 g smjör**
**1 ½ dl rjómi**
**½ tsk. salt**

### Mascarpone-krem

**Fræ úr ½ vanillustöng**
**3 dl rjómi**
**90 g flórsykur**
**1 dós mascarpone-ostur**
**50 g hvítt súkkulaði**
**Ber**
**40 g ristaðar heslihnetur**

Skrælið eplin og skerið þau í bita. Bræðið smjör á pönnu og setjið eplabitana út á. Setjið síðan á disk á meðan karamellan er búin til.



**Það er hægt að borða vöfflur með alls kyns gúmmelaði.**

Setjið sykur og vatn á pönnu. Bræðið sykurinn og gætið að því að hann brenni ekki. Setjið smjör saman við, síðan rjóma og salt. Lækkið hitann og setjið eplabitana út í karamelluna. Geymið þar til vöfflurnar eru klárar.

Setjið hvíta súkkulaðið á bökunarpappír á ofnskúffu. Bakið í 150°C heitum ofni í 10 mínútur. Kælið súkkulaðið og brjótið það síðan í litla bita. Blandið því saman við fersk ber og grófhakkaðar hnetурnar.

Hrærið vanillufræin saman við þeyttan rjóma og flórsykur. Hrærið mascarpone-ostinn í annarri skál þar til hann verður mjúkur. Bætið rjómablöndunni saman við. Geymið í ísskáp þar til verður notað. Berið fram heita vöfflu með karamelluеplum, mascarpone-kremi og súkkulaði-og hnetumulningnum.

### Einföld eplakaka

Þessi kaka er einstaklega góð með kaffinu og það er mjög einfalt að útbúa hana. Epla- og kanilbragðið passar vel saman. Það er hægt að breyta kökunni og setja nokkra litla karamellubita með eplunum en þá fæst epla- og karamellubragð. Einnig er hægt að taka nokkrar gerðir af hnetum og möndlum, hakka og setja saman við deigið. Þá er enn ein útfærslan að setja smá marsipan með eplunum. Þannig má breyta þessari köku eftir því hvernig stuði maður er í. Hér er uppskrift að einföldustu gerðinni

**100 g smjör**
**100 g sykur**
**2 egg**
**1 tsk. vanilludropar**
**150 g hveiti**
**1 tsk. lyftiduft**
**½ tsk. kanill**
**3 epli**

Hitið ofninn í 180°C. Hrærið smjör og sykur svo blandan verði létt og ljós. Bætið eggjum saman við einu í einu og vanilludropum. Því næst er hveiti, lyftiduft og kanill sett saman við.

Skrælið eplin og skerið þau í bita. Hrærið síðan eplabitunum saman við deigið.

Setjið í hringlaga form sem hefur verið smurt og dreifið kanilsykri yfir. Kakan er bökuð í 40 mínútur. Berið fram volga með þeyttum rjóma eða ís.




# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



SUZUKI FJÓRHJÓL. Fjórhjólin eru með power stýri, 100% driflæsingu. Létt, lipur, meðfærileg í notkun og eyða auk þess afar litlu eldsneyti.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

KRÓKUR

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

### Bílar til sölu



Toyota Rav 2005. Keyrður 140.000. þús. Uppl. í 6914202 Tilboð óskast.

### Vörubílar



**VAGNASMIÐJAN AUGLÝSIR:**
Getum nú afgreitt með skömmum fyrirvara okkar grimmsterku skúffur úr Hardox 450 stáli, bæði á 4ra öxla bíla og trailer vagna. Getum einnig afgreitt samskonar palla, með sturtugrind, tjakk og öllu, tilbúna að setja á bæði notaða og nýja 3ja og 4ra öxla bíla á grind. Gerum líka við palla.
**Vagnasmiðjan Eldshöfða 21 R.vík s. 894-6000.**




### Húsbílar



FIAT Hobby T70 árg. 2017. Ekinn 17 þús. km. Sjálfskiptur og hlaðinn aukabúnaði. 2 rúm. Glæsilegur bíll. Er til sýnis hjá Vagnahöllinni. Verð 11.500 þús. Engin skipti. Uppl. í síma 777-6766

### Hjólhýsi



Til sölu Kip-4,20 hjólhýsi árg '90. Ný innflutt og vel með farið. Fortjald-innbyggt salerni og innbú fylgir, frekari upplýsingar í síma 699-4329



Hobby 560 UL árg. 2011,Isabella fortjald fylgir, teppi, sjónvarp, ný skoðað til 2021.Uppl. s:899-0675

### Fellihýsi



**FLOTT FELLIHÝSI**
Fleetwood Americana Santa Fe árgerð 2007, með fortjaldi, markhýsu, tv og fl. Tilboð. Uppl. í s. 663 3313

## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA**
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
**Uppýsingar í síma 868-2055**

Pípulagningarmeistari. Getur bætt við sig verkefnum smáum sem stórum. Vanir menn. Sími: 820-9396

### Garðyrkja

**Lárkot ehf**
Sandur, mold og jarðvinna.
Mætum og gerum tilboð.
Uppl. í s. 892 2257
Geymið auglýsinguna.

**HELLULAGNIR**
LÓÐAFRAMKVÆMDIR
- Jarðvinna
- Drenlagnir
- Hellulagnir
- Þökulagnir

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

### Bólstrun

**Svampur.is**
Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:
• Tjaldvagninn • Fellihýsið • Húsbílinn • Bátinn • Hjólhýsið • Sumarhúsið • Heimilið o.m.fl!
Fljót og góð þjónusta
Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321

### SMÁVÉLAVIÐGERÐIR




Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**MÁLARAR.**
Faglærðir Málarar. Tökum að okkur alla almenna málningarvinnu. Sanngjarnt verð. S. 696 2748 / loggildurmalari@gmail.com




# STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

**535-1000**
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
*LÖGGILTUR FASTEIGNASALI*



ÞORLÁKUR ÓMAR EINARSSON
Framkvæmdastjóri
löggiltur fasteignasali
GSM 820 2399



STEFÁN HRAFN STEFÁNSSON
Sölustjóri. Hdl.
Löggiltur fasteignasali
GSM 895 2049



SARA MARÍA KARLSDÓTTIR
Fjármálastjóri
GSM 697 5524



ERLA DRÖFN MAGNÚSDÓTTIR
Lögfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 692 0149



MATTHILDUR SUNNA ÞORLÁKSDÓTTIR
Lögfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 690 4966



ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON
MBA Rekstrarhagfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 663 2508



KJARTAN ÍSAK GUÐMUNDSSON
B.Sc. Viðskiptafræðingur
Nemi til lögg. fast.
GSM 663 4392

## OPIÐ HÚS LAUGARDAGINN 13. JÚLÍ OG SUNNUDAGINN 14. JÚLÍ MILLI KL 13:00-15:00

# BRÍETARTÚN 9-11 - NÝBYGGING



**VIÐ ERUM Í SAMNINGSSTUÐI – VIÐ FINNUM BESTU LAUSNINA FYRIR ÞIG**

FALLEGAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR - AFHENDAST VIÐ KAUPSAMNING

SÉRSTAKLEGA VANDAÐAR INNRÉTTINGAR. STUTT Í ALLA ÞJÓNUSTU, VERSLUN, VEITINGASTAÐI OG SAMGÖNGUR.

ÍS OG LEIKTÆKI FYRIR BÖRNIN
emmessís
*Rjóminn af ísnum*

**NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA**

Matthildur Sunna Þorláksdóttir
Lögfræðingur og
lögg. fasteignasali
Sími 690 4966
matthildur@stakfell.is

Kjartan Ísak Guðmundsson
Viðskiptafræðingur og
aðstoðarmaður fasteignasala
Sími 663 4392
kjartan@stakfell.is





GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI

# LEIKVANGURINN

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is

**Megan Rapinoe og liðsfélagar hennar tryggðu sér heimsmeistaratitilinn í fótbolta með 2-0 sigri á Hollandi, hún var valin besti leikmaður mótsins og varð einnig markahæst en hún skoraði sex mörk á mótinu. Þetta er í fjórða sinn sem bandaríska kvennalandsliðið vinnur heimsmeistaratitilinn.**

Megan er 34 ára gömul og hefur leikið fyrir sjö félagslið í þremur heimsálfum. Hún er glaðlynd baráttukona sem hefur barist ötullega fyrir jöfnum kjörum karla og kvenna í fótbolta og mannréttindum hinsegin fólks.

Mesta athygli hefur hún vakið fyrir að standa uppi í hárinu á Donald Trump Bandaríkjaforseta. „Ég ætla ekki í fjandans Hvíta húsið,“ sagði hún í júnímánuði spurð hvort hún væri spennt fyrir heimsókn þangað. Í viðtali á CNN horfði hún beint í myndavélina og talaði til forsetans: „Skilaboð þín útiloka fólk. Þú útilokar mig, þú útilokar fólk sem lítur út eins og ég, þú útilokar litað fólk og þú útilokar jafnvel fólk sem styður þig,“ sagði hún. „Þú dásamar tímabil sem var ekki frábært fyrir alla – það var kannski frábært fyrir nokkra útvalda og kannski eru Bandaríkin frábær fyrir nokkra einstaklinga núna, en þau eru það ekki fyrir alltof marga Bandaríkjamenn.“

Megan og liðsfélagar hennar ákváðu einnig að beita hörðu og lögsækja bandaríska knattspyrnusambandið vegna launamisréttis. Kvennalandsliðinu hefur gengið mun betur en karlalandsliðinu þar í landi en þrátt fyrir það fá karlarnir mun meiri peninga frá bandaríska knattspyrnusambandinu. Þetta þykir Megan og félögum hennar eðlilega hið megnasta óréttlæti. Bandaríska knattspyrnusambandið borgar konum 38% af því sem það borgar körlunum og ekki er hægt að beita rökum sem algeng eru sem réttlæting fyrir misréttinu víða um heim, sem er minna áhorf og minni tekjur. Því velgengni kvennanna skilar sambandinu milljón dollurum meira í tekjur.

Bandarísku þingkonurnar Dianne Feinstein og Patty Murray notuðu tækifærið eftir sigur landsliðsins og lögðu fram frumvarp um sanngjörn laun íþróttafólks. Verði það samþykkt verður það ólöglegt hjá bandarískum íþróttasamböndum að mismuna eftir kyni.

Megan hefur einnig beint spjótum sínum að Alþjóðaknattspyrnusambandinu, FIFA og gagnrýnt það að heildarfjárhæðin sem lið í karlaflokki fengu fyrir þátttöku á heimsmeistaramótinu var 400 milljónir dollara en lið í kvennaflokki fengu aðeins tæpar 30 milljónir dollara.

Landsliðskonur fylktu liði á Manhattan í vikunni og fögnuðu með íbúum New York og þar hélt Megan ræðu sem vakti athygli um allan heim því hún bað fólk um að sýna samstöðu þrátt fyrir ólíkar skoðanir og lífsstíl. „Þetta er mitt ákall til allra, við verðum að gera betur. Við verðum að elska meira, hata minna. Við verðum að hlusta meira og tala minna. Við verðum að átta okkur á því að þetta er ábyrgð okkar allra.“

Í kjölfarið skrifaði Andrew Mark Cuomo, ríkisstjóri New York, undir frumvarp um sömu laun fótboltafólks í New York-ríki. Laun knattspyrnukarla- og kvenna verði héðan í frá jöfn. „Það eru engin rök fyrir því hvers vegna konurnar eru með lægri laun en karlarnir. FIFA og bandaríska knattspyrnusambandið hafa komið illa fram við landsliðskonurnar,“ sagði hann í ræðu sinni.



Donald Trump varð heldur viðskotaillur þegar Megan sagðist ekki myndu þiggja boð í Hvíta húsið og tísti á Twitter að hún þyrfti nú að vinna fyrst. Þessi svipur segir framhaldssöguna. MYND/GETTY

# Áhrif Megan

Megan Rapinoe, fyrirliði bandaríska kvennalandsliðsins í fótbolta, skýtur fast og ekki bara innan vallar, því hún hefur skotið föstum skotum bæði á Donald Trump, bandaríska knattspyrnusambandið og FIFA. Árangurinn lætur ekki á sér standa.


Megan og kærasta hennar, Sue Bird, í Seattle snemma á árinu. NORDICPHOTOS/GETTY

## Megan Rapinoe

**Aldur:** 34 ára
- Ólympíumeistari 2012
- Franskur meistari, bikarmeistari og vann Meistaradeild Evrópu með Lyon árið 2013
- Deildarmeistari með Reign FC árin 2014 og 2015.
- Heimsmeistari 2015 og 2019
- Markahæsti leikmaður HM 2019

## Móðgaður

Donald Trump sármóðgaðist ekki þegar Megan sagðist ekki myndu þiggja boð í Hvíta húsið. Hún þyrfti nú að vinna fyrst! Svipinn á Megan á myndinni hér að ofan gætu margir túlkað sem þögult svar til hans vegna þeirra ummæla. Hann hefur gagnrýnt Megan á Twitter fyrir að sýna Hvíta húsinu og þjóðfánanum vanvirðingu.



## Álitsgjafar Fréttablaðsins velja bestu leikmenn Heimsmeistaramótsins



**Þorsteinn Þorvaldsson**
**Aldur:** 12 ára **Lið:** KR

**Uppáhaldsliðið**
Bandaríkin

**Uppáhaldsleikmenn**
**1.** Megan Rapinoe
**2.** Alex Morgan
**3.** Ellen White

Mér finnst Megan Rapinoe hafa verið best því hún skoraði flest mörkin ásamt Alex Morgan og Ellen White. Og svo var Megan bara mjög góð heilt yfir í öllum leikjunum.



**Halla Elísabet Viktorsdóttir**
**Aldur:** 11 ára **Lið:** KR

**Uppáhaldsliðið**
Bandaríkin

**Uppáhaldsleikmenn**
**1.** Alex Morgan
**2.** Megan Rapinoe
**3.** Betsy Hassett

Betsy Hassett frá Nýja-Sjálandi spilar með liðinu mínu KR á Íslandi.



**Óttar Sveinsson**
**Aldur:** 9 ára **Lið:** Víkingur

**Uppáhaldsliðið**
Holland

**Uppáhaldsleikmenn**
**1.** Alex Morgan
**2.** Megan Rapinoe
**3.** Sari van Veenendaal

Ég fylgdist langmest með hollenska markmanninum, kannski af því að ég er sjálfur markmaður.



**Sólveig Harpa Magnúsdóttir**
**Aldur:** 11 ára **Lið:** ÍR

**Uppáhaldsliðið**
England

**Uppáhaldsleikmenn**
**1.** Megan Rapinoe
**2.** Lucy Bronze
**3.** Ellen White

Hélt með Englandi, frekar svekkt að þær næðu ekki á pall. Samt glöð fyrir hönd USA að þær skyldu vinna því þær voru líka mjög flottar.



**Þórbergur Rúnarsson**
**Aldur:** 10 ára **Lið:** Víkingur

**Uppáhaldsliðið**
Bandaríkin

**Uppáhaldsleikmenn**
**1.** Megan Rapinoe
**2.** Sari van Veenendaal
**3.** Crystal Dunn

Megan var besti leikmaðurinn Líka markmaður Hollendinga, hún var svaka góð og Crystal stóð sig vel í vörninni.

LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 37. STARFSÁR





# ALÞJÓÐLEGT ORGELSUMAR Í HALLGRÍMSKIRKJU

## 22. JÚNÍ- 28. ÁGÚST 2019

### HELGARTÓNLEIKAR MEÐ ALÞJÓÐLEGA VIÐURKENNDUM ORGANISTUM LAUGARDAGA KL. 12 OG SUNNUDAGA KL. 17



22. / 23. júní **Björn Steinar Sólbergsson** organisti við Hallgrímskirkju í Reykjavík, Íslandi
29. / 30. júní **Mattias Wager**, dómorganisti við Storkyrkan í Stokkhólmi, Svíþjóð
6. /7. júlí **Johannes Skoog**, konsertorganisti, Svíþjóð
13. / 14. júlí **Johannes Zeinler**, Austurríki, 1. verðlaunahafi í Alþjóðlegu orgelkeppninni í Chartres, Frakklandi 2018
20. / 21. júlí **Yves Rechtsteiner** konsertorganisti, Frakklandi
27. / 28. júlí **Isabelle Demers**, kanadískur konsertorganisti og orgel prófessor í USA
3. / 4. ágúst **Lára Bryndís Eggertsdóttir**, organisti við Hjallakirkju Kópavogi, Íslandi
10. / 11. ágúst **Susannah Carlsson**, dómorganist við Lundardómkirkju, Svíþjóð
17. / 18. ágúst **Johannes Geffert**, konsertorganisti frá Bonn, Þýskalandi
25. ágúst **Mattias Wager,** dómorganisti við Storkyrkan í Stokkhólmi, Svíþjóð

### HÁDEGISTÓNLEIKAR MEÐ ÍSLENSKUM ORGANISTUM FIMMTUDAGA KL. 12



27. júní **Tuuli Rähni**, organisti við Ísafjarðarkirkju
4. júlí **Guðmundur Sigurðsson** organisti við Hafnarfjarðarkirkju
11. júlí **Eyþór Franzson Wechner** organisti við Blönduóskirkju
18. júlí **Jón Bjarnason**, organisti við Skálholtsdómkirkju ásamt **Jóhanni Inga Stefánssyni** trompet og **Vilhjálmi Ingva Sigurðssyni** trompet
25. júlí **Ágúst Ingi Ágústsson** organisti, Reykjavík með **Lene Langballe**, sink/ cornett- og blokkflautuleikara, Danmörku
1. ágúst **Steinar Logi Helgason** organisti í Reykjavík og **Fjölnir Ólafsson**, **Örn Ýmir Arason** og **Hafsteinn Þórólfsson** barítónar
8. ágúst **Guðný Einarsdóttir** organisti við Háteigskirkju í Reykjavík
15. ágúst **Kitty Kovacs** organisti við Landakirkju í Vestmannaeyjum
22. ágúst **Eyþór Ingi Jónsson** organisti við Akureyrarkirkju

### HÁDEGISTÓNLEIKAR MEÐ SCHOLA CANTORUM MIÐVIKUDAGA KL. 12

Schola cantorum, kammerkór Hallgrímskirkju, sem hlotið hefur ýmsar viðurkenningar fyrir söng sinn, heldur stutta hádegistónleika alla miðvikudaga í sumar frá 26. júní – 28. ágúst. Þessir tónleikar, sem nú eru haldnir ellefta árið í röð, hafa jafnan notið mikilla vinsælda. Kórinn flytur perlur íslenskrar og erlendrar kórtónlistar, m.a. eftir Händel, Byrd, Bruchner o.fl. ásamt fjölbreyttu úrvali af tónlist íslenskra tónskálda. Stjórnandi kórsins frá upphafi er Hörður Áskelsson. Eftir tónleikana býður kórinn upp á kaffisopa og spjall í suðursal kirkjunnar.



LISTVINAFELAG.IS SCHOLACANTORUM.IS

Miðasala við innganginn 1 klst. fyrir tónleika og á midi.is
Hádegistónleikar – 30 mín: 2500 kr - Schola cantorum – 30 mín: 2700 kr.
Sunnudagstónleikar –60 mín: 3000 kr.
Listrænn stjórnandi: Hörður Áskelsson /
Listrænn gestastjórnandi 2019: Mattias Wager, dómorganisti við Storkyrkan í Stokkhólmi, Svíþjóð
Framkvæmdastjóri: Inga Rós Ingólfsdóttir
Tónleikastjórar 2019: Sólbjörg Björnsdóttir & Pétur Oddbergur Heimisson

Gunnar Eggertsson · Reykjavíkurborg · Mennta- og menningarmálaráðuneytið · midi.is · Bílaleiga Akureyrar Europcar · Hotel Holt · Apotek



✝

Ástkæra eiginkona mín, móðir, dóttir og tengdadóttir,

**Birna Sif Bjarnadóttir**
skólastjóri Ölduselsskóla,

varð bráðkvödd á heimili sínu fimmtudaginn 27. júní.
Útförin verður frá Grafarvogskirkju 15. júlí klukkan 13. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir.

**Bjarki Þórarinsson**
**Ronja Ruth**
**Birgitta Sigríður**
**Birta Dís**
**Sigríður Ólafsdóttir** **Bjarni Þ. Bjarnason**
**Birgitta Guðnadóttir** **Þórarinn Þórarinsson**
**og systkini.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristín Rósa Einarsdóttir**
Melteigi 19, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þriðjudaginn 2. júlí. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju miðvikudaginn 17. júlí kl. 13.

**Gestína Sigurðardóttir**
**Kristín Rósa Sigurðardóttir** **Þórður K. Magnússon**
**Bjarni Sigurðsson** **A. Guðríður Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**sr. Ólöf Ólafsdóttir**
Efstasundi 95, Reykjavík,

lést 10. júlí. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 17. júlí kl. 15.

**Ólafur Bergmann Svavarsson** **Esther A. Óttarsdóttir**
**Stefán Sturla Svavarsson** **Inga Ingólfsdóttir**
**Pétur Gautur Svavarsson** **Berglind Guðmundsdóttir**
**og ömmubörnin.**

*Við erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda*



Elín Sigrún Jónsdóttir,
lögfræðingur

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfararþjónusta*
*& lögfræðiþjónusta*

Hver er vilji þinn varðandi skipulag og fyrirkomulag útfarar, þ.e. hinsti vilji. Við bjóðum þér til samtals um það sem er þér mikilvægast við lífslok þín. Viljayfirlýsing þín verður eftirlifendum mikilvægt leiðarljós. Samtalið og varðveisla upplýsinga er þér að kostnaðarlausu.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
**Klettaskóli, Suðurhlíð 9**, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**



**„Djúpur og gagnkvæmur áhugi sameinar Frakka og Íslendinga," segir Graham Paul sendiherra.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Lifandi minning um tíma sem nú er löngu liðinn

**Gólettan Étoile setur svip á gömlu höfnina í Reykjavík á morgun, 14. júlí, þjóðhátíðardag Frakka. Étoile er glæsileg seglskúta sem franski sjóherinn notar sem skólaskip. Graham Paul, sendiherra Frakklands á Íslandi, tengir hana líka sagnaarfinum.**

Seglskútan Étoile er stödd í Reykjavíkurhöfn í tilefni af þjóðhátíðardegi Frakka. Áður hafði hún komið við í Vestmannaeyjum og heldur síðan ferðinni áfram umhverfis Ísland. Graham Paul, sendiherra Frakklands á Íslandi, segir hana munu leggja að landi á Patreksfirði, Akureyri og á Fáskrúðsfirði þar sem hún verði á Frönskum dögum 26. og 27. júlí. En hversu gamalt skip er Étoile? „Hún var smíðuð árið 1932 og er, eins og systurskip hennar, Belle Poule, hin fegursta endurgerð á gólettunum frá bænum Paimpol á Bretagne sem allt fram undir árið 1930 sigldu til þorskveiða á Íslandsmiðum."

Graham skilgreinir Étoile ekki bara sem skólaskip heldur einnig hluta af sagnaarfi Frakklands. „Gólettan er lifandi minning um tíma sem nú er löngu liðinn, þegar franskir sjómenn komu til þorskveiða við Íslandsstrendur," segir hann og minnir á að margir þeirra hafi ekki átt afturkvæmt til síns heima. „Þessar Íslandsveiðar hófust strax á 17. öld en mest kvað að þeim á síðari hluta 19. aldar þegar meira en 200 skútur létu úr höfn frá bæjum eins og Paimpol og Gravelines og settu stefnuna á Ísland. Góletturnar létu einkar vel að stjórn og héldu sjó í öllum veðrum, enda voru þær sérstaklega hannaðar fyrir sjólagið á Norður-Atlantshafi."

> **Golfranska er nú farin veg allrar veraldar en sameiginlegar minningar okkar geyma enn djörfung og drengskap Íslendinga sem komu frönskum skipbrotsmönnum til bjargar.**

Áratugum saman héldu skúturnar á þorskvertíðir til Íslands og óhjákvæmilegur fylgifiskur veiðiferðanna voru slys, sjúkdómar, slysfarir og dauði, að sögn Grahams. „Elín Pálmadóttir samdi grundvallarrit um franska sjómenn við Ísland og telst svo til að 4.000 þeirra hafi horfið þar. Fjöldinn allur týndist í hafi en aðrir hlutu leg í íslenskri mold, til dæmis í kirkjugarðinum við Suðurgötu þar sem 59 óþekktir sjómenn eru greftraðir."

Hann getur þess líka að hörmulegt hlutskipti „Íslendinganna", eins og Íslandssjómennirnir hafi verið kallaðir í heimabyggðum, hafi orðið rithöfundinum Pierre Loti að yrkisefni í höfuðriti hans, „Á Íslandsmiðum", sem komið hafi út árið 1886. „Íslensk skáld og listamenn fjölluðu líka um þessa sjómenn, til dæmis Guðmundur Guðmundsson skólaskáld."

Golfranska var hrognamál þar sem saman blandaðist franska, íslenska, bretónska og flæmska, fræðir sendiherrann mig um. „Golfranska er nú farin veg allrar veraldar en sameiginlegar minningar okkar geyma enn djörfung og drengskap Íslendinga sem komu frönskum skipbrotsmönnum til bjargar." Hann segir „Sjóverkafélagið" í Frakklandi og franska ríkið hafa tekið höndum saman til að bæta aðbúnað frönsku sjómannanna og sent spítalaskip til Íslands. „Síðar reistu Frakkar líka spítala í Reykjavík, á Fáskrúðsfirði og í Vestmannaeyjum. Minningin um góletturnar og hvítu seglin á miðunum máist út en þessar byggingar standa enn og eru minnisvarðar um viðveru Frakka á Íslandi, rétt eins og Höfði, það merka hús, sem var reist að frumkvæði fyrsta franska konsúlsins á Íslandi, Brillouins, sem var sendur hingað til að þjónusta franskan sjávarútveg."

Á okkar dögum er það samt fleira en krossar í grafreitum, hús og götuheiti sem halda á lofti minningunni um Íslandsveiðar Frakka, bendir Graham á. Hann nefnir sterk tengsl milli bæjanna Gravelines og Fáskrúðsfjarðar og Paimpol og Grundarfjarðar sem hafa í hávegum minninguna um Íslandssjómennina. „Djúpur og gagnkvæmur áhugi sameinar Frakka og Íslendinga, sem finna án afláts eitthvað til að hrífast af og meta í fari hvorir annarra," segir hann og getur þess að fróðlegt yfirlit yfir samskipti þjóðanna í tímans rás sé aðgengilegt í pdf-formi á síðunni http://kistill.eu/Monographie_2.pdf.

**gun@frettabladid.is**

# Skeiðarárhlaup 2019 á morgun

Mætið. Verið. Hlaupið. Njótið. Finnið. Allt að vild. Þetta eru einkunnarorð viðburðar á Skeiðarársandi á morgun sem Eva Bjarnadóttir á Fagurhólsmýri, er í forsvari fyrir. Dagsetningin er ekki tilviljun, það var 14. júlí 1974 sem Skeiðarárbrú var vígð, að viðstöddu fjölmenni og hringvegur opnaðist um Ísland. Brúna tók af að hluta í stóru Skeiðarárhlaupi 1996 en hún var endurbyggð og stóð af sér hlaup eftir það. „Nú stendur hún eins og strönduð í tíma,“ bendir Eva á en segir verða hlaupið um brúna á morgun.

Á dagskránni í Skeiðarárhlaupi 2019 er sem sagt víðavangshlaup, einsöngur, hljóðfæraleikur og raftónlist, sirkuslist og myndvörpun. Allt við brúna, og kaffi og kleinur verða í tjaldi við vestri brúarendann. Eva hvetur fólk til að koma, njóta samvista hvert við annað, listina og náttúruöflin – og hlaupa. – **gun**



**Þar sem áður flaut um stöpla mannvirkisins mikla er nú að mestu þurrt.** MYND/GUN

---



Ástkær eiginkona og sálufélagi,
ofurmamma, elskuleg dóttir, systir,
tengdadóttir, barnabarn og mágkona,

**Fanney Eiríksdóttir**

gleðigjafi og hetjan okkar allra,
Hringbraut 4, Hafnarfirði,

lést á líknardeild Landspítalans þann
7. júlí. Jarðarförin fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ
mánudaginn 15. júlí kl. 13.00.

**Ragnar Snær Njálsson**
**Emilý Rósa Snædahl Ragnarsdóttir**
**Erik Fjólar Snædahl Ragnarsson**
**Eiríkur Sturla Jóhannesson** **Rósa Lára Guðlaugsdóttir**
**Linda Björk Eiríksdóttir**
**Gyða Eiríksdóttir** **Dominik Pawlikowski**
**Njáll Harðarson** **Marsibil Fjóla Snæbjarnardóttir**
**Guðlaugur Atlason** **Ása Árnadóttir**
**Svala Fanney Njálsdóttir** **Árni Páll Jóhannsson**
**ættingjar, vinir og aðrir aðstandendur.**

---



Innilegar þakkir til allra sem sýndu
okkur samúð og vinarhug við andlát
og útför ástkærs eiginmanns,
föður og afa,

**Jóns Gunnars Skúlasonar**

verkfræðings,
Sólbraut 12, Seltjarnarnesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins
Sóltúns, deildar C-2 og starfsfólks Landspítala, Landakots,
deildar L-4 fyrir alúð og umhyggju.

**Hildigunnur Ólafsdóttir**
**Marta María Jónsdóttir**
**Jóakim Uni Arnaldarson**

---



Okkar Innilegustu þakkir til allra sem
sýndu okkur samúð, vináttu og hlýju
við andlát og útför móður okkar,
tengdamóður og ömmu

**Kristrúnar Ólafsdóttur**

Skipalóni 22, Hafnarfirði.

Starfsfólk LSH, einkum taugadeildar
B2 ásamt K1 og L2 á Landakoti, fær sérstakar þakkir fyrir
einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

**Hróbjartur Árnason** **Sveinbjörg Katrín Pálsdóttir**
**Hjördís Árnadóttir** **Jóhann Jóhannsson**
**Helena Árnadóttir** **Tómas Njáll Möller**
**og barnabörn.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir og amma,

**Guðríður Þorsteinsdóttir**

Ljómatúni 11, Akureyri,

verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju
mánudaginn 15. júlí kl. 13.30.

**Ólafur Ágústsson**
**Lilja Ólafsdóttir og Þórólfur Steinar Arnarson og börn**
**Ágúst Ólafsson og Valborg Rósudóttir og börn**
**Þorsteinn Ólafsson og Thelma Björg Stefánsdóttir og börn.**

---



Elskuleg eiginkona mín og besti vinur,
móðir, tengdamóðir, amma
og langamma,

**Kristín Tryggvadóttir**

lést á krabbameinsdeild
Landspítalans þriðjudaginn 9. júlí.
Útförin fer fram í kyrrþey. Starfsfólki á deild 11E sendum
við sérstakar þakkir.

**Þorsteinn V. Þórðarson**
**Tryggvi Þorsteinsson** **María Marta Sigurðardóttir**
**Aðalheiður Þorsteinsdóttir** **Jón Ragnar Harðarson**
**og barnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Ólína Lilja Sigurjónsdóttir**

Lindasíðu 25,
Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri umvafin
ástvinum sínum.
Útför hennar fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Ragnheiður Haraldsdóttir** **Haukur Jóhannsson**
**Þórunn Anna Haraldsdóttir** **Örn Jóhannsson**
**Erla Margrét Haraldsdóttir** **Grétar Jónasson**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Ásdís Svanlaug Árnadóttir**

lést á Skógarbæ í Reykjavík
þriðjudaginn 25. júní.
Útförin fer fram frá Seljakirkju
föstudaginn 19. júlí kl. 13.00.
Starfsfólki Vesturbæjar/Skógarbæ eru færðar
bestu þakkir fyrir góða umönnun.

**Guðrún Valgeirsdóttir** **Björn Jónsson**
**Árni Valgeirsson** **Sesselja Kristinsdóttir**
**Hannes Valgeirsson** **Guðbjörg S. Stefánsdóttir**
**Pétur Valgeirsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Okkar ástkæri

**Sigmundur Kristján Pétursson**

lést á Droplaugarstöðum 14. maí sl.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að
ósk hins látna.

**Óskar Ingi Sigmundsson**
**Bjartur Máni Sigmundsson**
**Rannveig Pétursdóttir**
**Ólafur Pétursson**
**Íris Andrea Ingimundardóttir**
**Jóhannes Kristján Pétursson**
**og aðrir aðstandendur.**

---



Ástkær eiginmaður, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Friðjón Björn Friðjónsson**

fjármálastjóri,

lést á líknardeild Landspítalans
miðvikudaginn 10. júlí.
Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju
miðvikudaginn 17. júlí kl. 13.

**Guðbjörg Svana Runólfsdóttir**
**Lára Gunnvör Friðjónsdóttir** **Atli Gunnar Eyjólfsson**
**Birgir Örn Friðjónsson** **Hulda Jónsdóttir**
**Friðjón Reynir Friðjónsson** **Elizabeth Lay**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Anna Jóna Ágústsdóttir**

frá Ísafirði,
til heimilis að Gullsmára 7, Kópavogi,

lést á Landspítala þann 8. júlí sl.
Útförin fer fram frá Lindakirkju föstudaginn
19. júlí kl. 13.30.

**Birgir Smári Ólason**
**Sigríður María Birgisdóttir**
**Guðmundína Birgisdóttir** **Björn Sævarsson**
**Harpa Dís Birgisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, dóttir, systir, mágkona
og tengdadóttir,

**Olga Steinunn Weywadt Stefánsdóttir**

lést mánudaginn 1. júlí á líknardeild
Landspítalans. Útför hennar fer fram
frá Grafarvogskirkju föstudaginn 19. júlí kl. 15.00.
Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem
vilja minnast hennar er bent á styrktarsjóð fyrir börnin
(kt. 080480 4909, reikningur 0370-22-015051).

**Gísli Álfgeirsson**
**Stefán Sævar Weywadt Gíslason**
**Gísli Snær Weywadt Gíslason**
**Sóley Diljá Weywadt Sigurðard.** **Bjarki Björnsson**
**Sigurlína H. Axelsdóttir** **Stefán Ólafsson Weywadt**
**Ólafur Weywadt Stefánsson** **Anna Gísladóttir**
**Eygló Jónsdóttir** **Eyjólfur Eyjólfsson**
**Sævar Kristinsson** **Ólöf Kristín Sívertsen**
**Álfgeir Gíslason** **Guðný Sigrún Eiríksdóttir**

---



Stjúpfaðir minn, afi, langafi
og langalangafi,

**Magnús Guðnason**

fv. rafmagnseftirlitsmaður,
Árskógum 6,
Reykjavík,

andaðist á hjartadeild Landspítala
föstudaginn 28. júní sl. Útförin fer fram frá Seljakirkju
mánudaginn 15. júlí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans
er bent á Blindrafélagið.

**Jón Steinar Snorrason** **Guðrún Grímólfsdóttir**
**Jóhanna Bjarney Jónsdóttir** **Sigurður Ormarsson**
**Svava Jónsdóttir**
**Jón Sindri Sigurðsson** **Helena Ericsson**
**Magnús Ólafur Sigurðsson**
**Valdemar Steinar Jónsson**
**systkinabörn og aðrir ættingjar.**

---



Elskuleg móðir okkar, fóstra,
tengdamóðir, amma, langamma
og langalangamma,

**Heiðbjört Lilja Halldórsdóttir**

áður til heimilis að Mýrarbraut 9,
Blönduósi,

lést á Heilbrigðisstofnun Norðurlands vestra á Blönduósi
mánudaginn 1. júlí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að
ósk hinnar látnu.

**Fh. aðstandenda,**

**Halldór Árnason**
**Bragi Árnason** **Svandís Torfadóttir**
**Sólveig Guðmundsdóttir**

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var
**GARÐABLÓÐBERG**



**LAUSNARORÐ:** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist einn af mörgum sem glatt hafa landsmenn með hlýju sinni og mildi þetta sumarið. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 19. júlí á krossgata@frettabladid.is merkt „13. júlí“.



FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Meðleigjandinn** eftir **Beth O'Leary** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Linda Leifsdóttir, 112 Reykjavík.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

**LÁRÉTT**
**1** Grenja út eitthvað að éta (7)
**8** Hollt er fyrir huldumann að fá prís fyrir sinn rann (6)
**11** Evrópumenn finna ró í Katar (7)
**12** Strumpurinn sem var jafn íhaldssamur og Mídas (9)
**13** ÍA og Grindavík bítast um fyrsta sætið (6)
**14** Tel þessa gauka óvenju skrautlega (7)
**15** Fóðruð á fiski úr búri á við hálfan handlegg (9)
**16** Finnur gott heiti á refinn þótt snúið sé (6)
**17** Upphafning og andagift/æ fær mínu deigi lyft (7)
**18** Er hægt að setja jökultotuna í tengilinn? (9)
**19** Lenti í þessu tiltekna basli út af óhörðnuðu ameríkíum (6)
**22** Skarkola! Skarkola! Mína söngbók fyrir skarkola! (8)
**26** Dveljum við skóg á landamærunum (8)
**31** Maríufiskar skilja eftir sig spor (5)
**33** Um þessa tunnu er sagt, að kjaftar hvíli oft á barmi hennar (7)
**34** Gleipnir tók hann af kettinum til að hemja Fenri (3)
**35** Í hviðum er von á sósum (6)
**36** Ber af mér þá sem bágust er (5)
**37** Tímataka krefst fræðsluverkefna (9)
**38** Alfreð og Andrés eru af sömu sort: Upprifjun í einu orði (8)
**39** Handsalið nú að skerða skjallið (5)
**40** Hér segir af fiskum sem eru lengri í annan endann (8)
**45** Tel aukatákn fá alla til að opna munninn – nú eða dyrnar (9)
**46** Látum leiðindi hljóma í herskáum kvinnum (8)
**49** Rödd þessa rusta ruglar mig (5)
**50** Það mun verða báðum til baga; háfnum og hryssunni (9)
**52** Gistivina verkur jókst við gátu hverja (10)
**53** Tilhugsun um forn umsvif þess sem rifja má upp (11)
**54** Það er bilun ef skelin skemmir formlausan matinn (8)

**LÓÐRÉTT**
**1** Náum skæðum korgi úr góðu kaffi (9)
**2** Skrár yfir byggingarefni laga (9)
**3** Má nota pípuorma til að gefa blóð? (9)
**4** Flatfótur í ákveðnum brunnum orsakaði rifrildið (10)
**5** Reiða gefur reglu, þannig er mitt system (8)
**6** Leita blóma fyrir veislu vitleysinga (8)
**7** Erlendis þykir svona rist góð til steikinga (8)
**8** Fljót og fótaburður; það eina sem þessi módel hugsa um (8)
**9** Sækist eftir mat sem ég leyni (7)
**10** Barnið er ekki merkið (7)
**20** Læt þennan fá bæði fálka og frábært lið (7)
**21** Hörð er hugfangin, þrátt fyrir herkjubrögðin (9)
**23** Galdrastafróf eða stafatunga? (7)
**24** Þreyttu þjóðirnar er ljóðsins list dvín (7)
**25** Framköllum fölva á trýnum tveim (8)
**27** Skipum gamalmenni í stjórnina (13)
**28** Anda stöðugt að mér gasi sem veldur dauða – en samt ekki? (12)
**29** Heimild til að læra er heimild til að læra ekki (9)
**30** Það sem kemur úr kjafti mínum er bara mælt mál (7)
**32** Kvörtum yfir hvíld en hreyfðum okkur þó ekkert (7)
**41** Af einni afar hrumri sem jafnvel er horfin héðan (7)
**42** Rambaði á rétt svar við völ um ásop (7)
**43** Stígur þarf klossa með loftopum (7)
**44** Blaður um að hreinsa snyrtivörur (7)
**47** Hjá afa fær Þór glingur og dót og allskonar rugl (6)
**48** Blaðra út í eitt um að það eigi að borga mér fyrir að blaðra (6)
**51** Ætli þessi angi eti allt sem tönn á festir? (4)

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 2 | | 4 | 5 | | 1 | |
| 1 | | 4 | 6 | | 2 | | 9 | |
| | 7 | 8 | 9 | | | | | |
| | 8 | | 1 | | | 9 | 6 | |
| 9 | | | | | | | | 7 |
| | 4 | 1 | | 9 | | 5 | | 2 |
| | | 3 | | | | | | |
| 7 | | | | | 4 | 6 | | |
| | 5 | | 2 | 1 | 7 | 3 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | | 8 | 3 | 6 | |
| | | | | 3 | | 9 | | 7 |
| 1 | | | 9 | 2 | | | | |
| 7 | | | | 6 | | 8 | | |
| | | 8 | 4 | | | | 7 | |
| 6 | 1 | | | 8 | | | 3 | 5 |
| | | | | | | 6 | 4 | |
| 5 | | 3 | | | | | 8 | 9 |
| 4 | | | 3 | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 8 | | | | 3 | 7 |
| | | | | | | 4 | | 2 |
| | 9 | | | | | 5 | | |
| | | | | 1 | 9 | 7 | | 3 |
| | 7 | | 4 | | | 6 | | |
| 3 | 4 | 1 | | 6 | 2 | | | |
| | 2 | | | 5 | | | | |
| | 1 | 9 | | 7 | | | 6 | 8 |
| 7 | | 3 | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 1 | 2 | 9 | 6 | 4 | 8 | 7 |
| 7 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 5 | 9 | 6 |
| 6 | 8 | 9 | 4 | 5 | 7 | 1 | 2 | 3 |
| 4 | 1 | 6 | 3 | 8 | 2 | 9 | 7 | 5 |
| 2 | 7 | 3 | 5 | 4 | 9 | 6 | 1 | 8 |
| 8 | 9 | 5 | 6 | 7 | 1 | 3 | 4 | 2 |
| 5 | 3 | 8 | 1 | 2 | 4 | 7 | 6 | 9 |
| 9 | 2 | 4 | 7 | 6 | 5 | 8 | 3 | 1 |
| 1 | 6 | 7 | 9 | 3 | 8 | 2 | 5 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 3 | 7 | 8 | 5 | 9 | 2 | 6 | 1 |
| 5 | 6 | 9 | 2 | 1 | 7 | 8 | 3 | 4 |
| 1 | 2 | 8 | 3 | 4 | 6 | 7 | 5 | 9 |
| 6 | 5 | 1 | 4 | 7 | 2 | 9 | 8 | 3 |
| 7 | 8 | 2 | 9 | 6 | 3 | 4 | 1 | 5 |
| 9 | 4 | 3 | 1 | 8 | 5 | 6 | 2 | 7 |
| 8 | 7 | 6 | 5 | 9 | 1 | 3 | 4 | 2 |
| 2 | 1 | 4 | 7 | 3 | 8 | 5 | 9 | 6 |
| 3 | 9 | 5 | 6 | 2 | 4 | 1 | 7 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 8 | 5 | 7 | 1 | 6 | 9 | 3 |
| 7 | 5 | 6 | 3 | 9 | 2 | 4 | 8 | 1 |
| 9 | 3 | 1 | 8 | 6 | 4 | 5 | 2 | 7 |
| 5 | 8 | 9 | 4 | 1 | 6 | 7 | 3 | 2 |
| 1 | 7 | 4 | 2 | 3 | 9 | 8 | 5 | 6 |
| 2 | 6 | 3 | 7 | 5 | 8 | 9 | 1 | 4 |
| 6 | 4 | 5 | 9 | 2 | 3 | 1 | 7 | 8 |
| 3 | 1 | 7 | 6 | 8 | 5 | 2 | 4 | 9 |
| 8 | 9 | 2 | 1 | 4 | 7 | 3 | 6 | 5 |

## Skák Gunnar Björnsson

**Svartur á leik**



Ivkov átti leik gegn Darga í Hastings árið 1955.

**1. ... Kf8! 2. Hxe6 Kf7 0-1.** Björn Þorfinnsson hafði 5½ vinning eftir sjö umferðir á alþjóðlega mótinu í Portoroz í Slóveníu. Stefán Steingrímur Bergsson hafði 5 vinninga. Næstsíðasta umferð fór fram í gær og mótinu lýkur í dag. Í gær hófst alþjóðlegt mót í Leiden í Hollandi. Hannes Hlífar Stefánsson meðal þátttakenda. **www.skak.is:** Svindmál vekur athygli.

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### ERFITT AÐ SEGJA ALSLEMMU

Bikarkeppni Bridgesambands Íslands er að jafnaði spiluð á sumrin. Að þessu sinni skráðu 24 sveitir sig til leiks. Tilkynnt var að þær 3 sveitir sem töpuðu með minnstum mun, myndu komast áfram í aðra umferð keppninnar. Sterkar sveitir Gunnlaugs Sævarssonar og Frímanns Stefánssonar áttust við í fyrstu umferð. Það kom fáum á óvart að litlu munaði í lokin. Sveit Gunnlaugs vann 92-87 og báðar sveitir komust áfram. Þetta spil úr leiknum gat valdið sveiflu, en féll í samanburðinum. Þegar makker opnar á geimi, þú ert utan hættu og horfir upp á 11-12 spila fitt þá er verulega freistandi að taka undir af mikilli ákefð. En það getur einnig verið afar varasamt eins og sést í þessu spili úr leiknum. Spilið kom upp í lokalotunni þegar leikurinn var í járnum og báðar sveitir fengu færi á að gera út um leikinn í því. Norður var gjafari og enginn á hættu:

**Norður**
♠ KD109763
♥ 102
♦ -
♣ DG43

**Vestur**
♠ 85
♥ 4
♦ KG107532
♣ K109

**Austur**
♠ -
♥ ÁK863
♦ Á984
♣ Á765

**Suður**
♠ ÁG42
♥ DG975
♦ D6
♣ 82

Á borðinu þar sem Frímann Stefánsson og Reynir Helgason sátu í NS gegn Guðmundi Sv. Hermannssyni og Birni Eysteinssyni gengu meldingar; Norður opnaði 4♠, austur doblaði, suður passaði og vestur sagði 5♦. Suður barðist í 5♠ og austur sagði 6♦ sem var lokasamningurinn. Eins og sést eru 13 slagir í tígulsamningi en NS fengu færi á að passa niður 5♦ en leist of vel á spaðafittið sitt og ýttu þar með AV í slemmu. Á hinu borðinu sátu í NS Gunnlaugur Sævarsson og Kristján Már Gunnarsson og í AV Kristinn Kristinsson og Kristján Þorsteinsson og þar gengu meldingar; norður opnaði 4♠, austur doblaði, suður sagði 5♠ og vestur 6♦. Austur treysti sér ekki til að hækka. Þegar suður ákvað að hindra strax á 5S og þá leist vestri vel á hundana sína tvo í spaða á móti líklegri eyðu og harkaði sér strax í 6T. Austur átti séns á að hækka það í 7 en lagði ekki í það. Spaðafórn er svo auðvitað góð á öllum sagnstigum en 7S eru aðeins 800 niður. Eftir allt þá féll spilið í 6T, 940, en báðar sveitir svekktu sig á að gera ekki betur.


SUMARÚTSALA
-30%
VOGAN SÓFI MEÐ SETUM SEM RENNA FRAM - FRÁBÆR SJÓNVARPSSÓFI
200X120/160 CM VERÐ ÁÐUR KR. 284.700 - NÚ KR. 199.290
10% AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM
-40%
Tristan ljós kr. 13.900
NÚ KR. 8.340
ALLIR PÚÐAR
20 - 40%
AFSLÁTTUR
-25%
2 Í SETTI
Daisy hliðarborð kr. 33.700
NÚ KR. 25.275
-35%
Montery Highboard kr.86.500
NÚ KR. 56.225
-50%
Brooklyn sófaborð kr. 69.800
NÚ KR. 34.900
Kate Sófi kr. 179.600
NÚ KR. 143.680
-20%
-30%
Askov tungusófi kr.176.600
NÚ KR. 123.620
-25%
Humi armstóll kr. 28.700
NÚ KR. 21.525
-25%
Humi stóll kr. 23.900
NÚ KR. 17.925
LÍNAN
BÆJARLIND 14 - 16 I 201 KÓPAVOGI
SÍMI 553 7100 I LINAN.IS f / LINANEHF / LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA - FÖSTUDAGA 11 - 18 / LAUGARD. 11 - 16

# KRAKKAR



## Konráð og félagar á ferð og flugi 361

„Of sein, of sein,“ sagði Kata pirruð og hermdi eftir áhyggjurödd Konráðs. „Ég er búin að heyra þetta væl alveg nógu oft og nenni ekki að heyra það einu sinni í viðbót,“ bætti hún við. „En okkur liggur á,“ sagði Konráð biðjandi og bar sig aumlega. „Það gerir ekkert til að vera of sein,“ sagði Kata. „ En það er gaman að reyna að komast í gegnum völundarhús,“ bætti hún við og bretti upp ermarnar. „Koma svo, inn með ykkur og reynið nú að týnast ekki. Ég finn réttu leiðina, sanniði bara til,“ sagði Kata roggin um leið og hún arkaði inn í dimm göng völundarhússins.




## Lestrarhestur vikunnar: Esja Sveinbjörnsdóttir

**Hvernig bækur þykja þér skemmtilegastar?** Mér finnst alls konar skáldsögur skemmtilegar.

**Hvaða bók lastu síðast og um hvað var hún?** Ég las Freyju sögu – Múrinn eftir Sif Sigmarsdóttur. Hún er um stelpu sem býr í borg á Íslandi. Sjórinn hækkar og allir þurfa að flýja að miðju Íslands. Stelpan flytur til Vanheima og þar breytist líf hennar.

**Hvaða bók ætlarðu að lesa næst?** Ég ætla að lesa framhaldið af Múrnum – hún heitir Djásn.

**Ef þú myndir skrifa bók, um hvað væri hún?** Hún yrði um hlýnun jarðar og ég myndi skrifa hana til að vekja athygli á hlýnun jarðar svo fólk vakni til vitundar.

**Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér?** Barbapabbabækurnar voru rosalega mikið í uppáhaldi hjá mér.



Esja, 12 ára, var ánægð að fá bókina Kennarinn sem hvarf.

**Ferðu oft á bókasafnið?** Já, stundum en aðallega í skólabókasafnið.

**Í hvaða skóla ertu?** Vogaskóla.

**Hver eru þín helstu áhugamál?** Dans, förðun og lestur.

Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Forlagið efna til sumarlesturs fyrir krakka. Verið velkomin í bókasafnið í ykkar hverfi og takið þátt í lestrarleiknum. Í hverri viku fær einn heppinn þátttakandi bók að gjöf og í lok sumarsins er veittur einn veglegur vinningur.



„Pabbi ræður mestu á heimilinu – og ég,“ segir Elmar Karl Yngvason. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Málari, bakari, bóndamaður … – og hestur

Elmar Karl Yngvason er þriggja ára og er að leika sér úti í garði þegar ég hitti hann.

Hann er með fullan lófa af ánamöðkum sem hann sýnir mér.

**Hvað ætlarðu að gera við þessa orma?** Ég ætla að selja þá.

**Hverjir kaupa orma?** Ég kaupi orma.

**Nú, keyptirðu þessa? Kostuðu þeir mikla peninga?** Já, ég á fullt af peningum.

**Áttu einhver önnur dýr en ánamaðka?** Já, ég á kisu og ljón og tígrisdýr.

**Nú, langar þig í fleiri?** Já, gíraffa.

**Hvar ætlarðu að hafa hann?** Bara hér í mínum garði. – Ég er búinn að missa tönn, segir hann og sýnir skarðið.

**Ertu sterkur?** Já, ég er sterkur.

**En hvernig gengur þér að klifra?** Vel, ég hef klifrað í trjánum hérna og líka á pabba – en svo datt ég, bætir hann við og hlær.

**Hver er besti vinur þinn?** Björgvin. Hann er í skóla. Ég er líka stundum í skóla og stundum hoppa ég svona … (hopp, hopp, hopp)

> JÁ, MEÐ STJÖRNU. ÉG VAR MEÐ LAPPIRNAR SVONA OG HÉLT Í BANDIÐ OG SVO FÓR HESTURINN AF STAÐ. MIG LANGAR AÐ EIGA HEST.

**Hver ræður mestu á heimilinu þínu?** Pabbi – og líka ég.

**Áttu þér uppáhaldsleikfang?** Það er bíll. Svo eigum við líka alvörubíl.

**Finnst þér gaman að fara í ferðalög?** Já, ég hef farið í svona langt ferðalag (breiðir út faðminn).

**Hvað sástu í þessu ferðalagi?** Dýr. Ég sá hest með svona stjörnu á bakinu.

**Hefurðu farið á bak hesti?** Já, með stjörnu. Ég var með lappirnar svona (glennir sig) og hélt í bandið og svo fór hesturinn af stað. Mig langar að eiga hest.

**En hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?** Mig langar að verða málari og þegar ég er búinn að vera málari þá verð ég bakari og svo verð ég bóndamaður og boltamaður og búðarmaður og kaupmaður – og hestur.




**NIVEA MicellAIR** hreinsivatnið fjarlægir farða á mildan en áhrifaríkan hátt með Miceller tækninni.
Það er óþarfi að skola af eða nudda. Hreinsar fullkomlega og án þess að skilja eftir filmu eða klístur.

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Laugardagur

| Staður | °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 13 | 1 ↓ |
| Ísafjörður | 12 | 1 ↙ |
| Akureyri | 15 | 3 ↓ |
| Egilsstaðir | 18 | 5 ↓ |
| Kirkjubæjarkl | 13 | 1 ↑ |
| Hveravellir | 12 | 3 ↑ |

Suðlægari vindur í dag, 8-13 við suðausturströndina síðdegis. Víða skúrir, hiti yfirleitt 12 til 18 stig.

## Reykjavík



| | Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| °C | 13 | 15 | 16 | 13 | 14 |
| Vindur | 2 ↘ | 6 ↖ | 2 ↘ | 2 ↘ | 2 ↘ |

## Ísafjörður



| | Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| °C | 10 | 12 | 13 | 11 | 14 |
| Vindur | 3 ↙ | 3 ↖ | 2 ↙ | 3 ↙ | 3 ← |

## Akureyri



| | Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| °C | 13 | 12 | 14 | 15 | 13 |
| Vindur | 3 ↓ | 1 ↙ | 2 ↓ | 1 ↙ | 2 ↖ |

## Egilsstaðir



| | Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| °C | 18 | 13 | 14 | 11 | 12 |
| Vindur | 2 ↙ | 1 ↘ | 1 ↓ | 3 ↖ | 3 ↖ |

## Kirkjubæjarklaustur



| | Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| °C | 18 | 11 | 14 | 11 | 13 |
| Vindur | 3 ↗ | 3 ← | 4 ← | 2 ← | 2 ← |

## Hveravellir



| | Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| °C | 12 | 14 | 15 | 14 | 13 |
| Vindur | 2 ↑ | 5 ↑ | 1 ↑ | 2 ↙ | 1 ↙ |












## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Horfðu á heildarmyndina
Heima
Allt í einum pakka á lægra verði
Ótakmarkað Internet
Netbeinir og WiFi framlenging
Sjónvarps-þjónusta
Ótakmarkaður heimasími
+
Afþreying frá Stöð 2
Uppsetning á interneti innifalin.
Kynntu þér málið á vodafone.is, í síma 1414, í næstu verslun eða hjá umboðsaðilum okkar um land allt.
vodafone

FRÉTTABLAÐIÐ
# MENNING

## Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

hvar@frettabladid.is

### 13. JÚLÍ 2019

### Dansleikur

**Hvað?** Alvöru amerískt harmóníkuball
**Hvenær?** 21-01
**Hvar?** Húnabúð, Skeifunni 11 a
Kevin Solecki og Cory Pesaturo frá Bandaríkjunum halda uppi fjörinu. Kevin hefur verið útnefndur til Grammy verðlauna fyrir harmónikudisk og Cory er þrefaldur heimsmeistari í harmónikuleik. Borðapantanir í síma 896 9790.

### Kvikmyndir

**Hvað?** Stuttmyndin Monster
**Hvenær?** 16.00-16.08
**Hvar?** Bíó Paradís
Monster var tekin upp í Los Angeles. Höfundur og aðalleikari er Atli Óskar Fjalarsson, leikari og kvikmyndagerðarmaður, og Einar Pétursson leikstýrir.

### Myndlist

**Hvað?** Rúllandi snjóbolti/12
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Bræðslan, Djúpavogi
Alþjóðleg myndlistarsýning sem 24 listamenn frá Íslandi, Evrópu, og Asíu taka þátt í.

### Sýningar

**Hvað?** Innskot – Týndur tími II
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Pálshús, Ólafsfirði
Sýning Olgu Bergmann og Önnu Hallin byggir á athugunum þar sem tilfærsla á tíma, staðsetningu og menningu á sér stað. Verkið var áður sýnt í annarri mynd á norræna tvíæringnum Momentum í Moss árið 2017. Sýningin stendur til 15. september en bent er á gjaldfrjálsan aðgang á opnunardaginn.

**Hvað?** Fimmföld sýn
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Stofan Duus húsum, Reykjanesbæ
Lággróður og vegghleðslur finna sína leið í saumspori, ströndin og höfnin mótast á blaði, hólar og hæðir eru rispuð á koparplötur, hugleiðingar um náttúrufyrirbæri eins og flekaskilin og jafnvel flugumferðin verða að innblæstri hjá listamönnunum Önnu Hallin, Leifi Ými Eyjólfssyni, Helga Þorgils, Olgu Bergmann og Rósu Sigrúnu Jónsdóttur.

**Hvað?** JAHÉRNA!
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Safnasafnið, Svalbarðsströnd
JAHÉRNA! er norræn sýningaröð sem ferðast milli Finnlands, Danmerkur, Svíþjóðar, Íslands og Noregs. Þar má sjá verk sem unnin eru með hefðbundnum handverksaðferðum, einnig verk unnin úr plastpokum, leir og tré.

### Tónlist

**Hvað?** Alþjóðlegt orgelsumar
**Hvenær?** 12.00-12.30
**Hvar?** Hallgrímskirkja, Skólavörðuholti
Johannes Zeinler, ungur orgelleikari frá Austurríki, flytur verk eftir Bach, Duruflé, Widor og Vierne. Miðaverð er 2.500 krónur.

**Hvað?** Sumarjazz á Jómfrúnni
**Hvenær?** 15.00-17.00
**Hvar:** Veitinghúsið Jómfrúin við Lækjargötu – utandyra
Með Margréti Eir leika Andrés Þór Gunnlaugsson á gítar, Jón Rafnsson á kontrabassa og Jóhann Hjörleifsson á trommur. Á efnisskránni má finna Summertime og Someone to watch over me eftir Gerswhin og nokkra þekkta slagara eftir Cole Porter. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Sönghátíð
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hafnarborg, Hafnarfirði
Sigrún Hjálmtýsdóttir sópran og Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir mezzósópran flytja efnisskrá með virtúósasöng frá 19. öld eftir meistarana Bellini, Donizetti, Rossini og Verdi. Anna Guðný Guðmundsdóttir leikur á píanó og Francisco Javier Jáuregui á klassískan gítar.

Myndlistarsjóður

# Opið er fyrir umsóknir í myndlistarsjóð

Veittir verða

- Undirbúningsstyrkir og styrkir til minni sýningarverkefna allt að 500.000 kr.
- Styrkir til stærri sýningarverkefna, útgáfu-/rannsóknarstyrkir allt að 2.000.000 kr.
- Aðrir styrkir allt að 1.000.000 kr.

Umsóknarfrestur er til miðnættis 20. ágúst 2019

Upplýsingar um myndlistarsjóð, umsóknareyðublað, úthlutunarreglur og leiðbeiningar má finna á vefsíðu myndlistarráðs, myndlistarsjodur.is

Úthlutað verður í septembermánuði. Um er að ræða síðari úthlutun úr sjóðnum árið 2019.



Valeria Pozzo og Ösp Eldjárn flytja lög fyrir alla fjölskylduna á ókeypis sumartónleikum í Akureyrarkirkju.

## Hvað? Hvenær? Hvar? Sunnudagur

hvar@frettabladid.is

### 14. JÚLÍ 2019

### Dans

**Hvað?** Tangó praktika Praktikufélagsins
**Hvenær?** 13.30 – 15.30
**Hvar?** Sólon Bistro, efri hæð Bankastræti 7
Æfð verða argentínsk tangóspor. Umsjón hefur Snorri Sigfús Birgisson. Aðgangur er ókeypis.

### Tónlist

**Hvað?** Harmóníkuhátíð
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Árbæjarsafn
Árleg harmóníkuhátíð Reykjavíkur haldin í 20. skipti. Nú í minningu stofnanda hennar, Karls Jónatanssonar frumkvöðuls. Meðal þeirra sem spila eru Reynir Jónasson, Guðmundur Samúelsson og Grétar Geirsson. Félag harmóníkuunnenda á Suðurnesjum slær upp balli fyrir þá sem vilja dansa, í beinni samkeppni við Vitatorgsbandið og hljómsveit frá Félagi harmóníkuunnenda í Reykjavík. Sérstakir gestir eru Kevin Solecki og Cory Pesaturo frá Bandaríkjunum.

**Hvað?** Jazz undir Fjöllum
**Hvenær?** 14.00-17.00
**Hvar?** Skógakaffi, Skógum
Óformlegir tónleikar. Saxófónleikarinn Sigurður Flosason leiðir kvartett sem skipaður er Vigni Þór Stefánssyni á píanó, Leifi Gunnarssyni á kontrabassa og Erik Qvick á trommur. Gestur er brasilíski píanóleikarinn, gítarleikarinn og söngvarinn Paulo Malaguti. Ókeypis er inn og gestir geta komið og farið að vild.

**Hvað?** Englar og menn
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Strandarkirkja, Selvogi
Langt fyrir utan ystu skóga nefnist dagskrá Hrafnhildar Árnadóttur Hafstað sópran, Þorsteins Freys Sigurðssonar tenórs og Matthildar Önnu Gísladóttur píanóleikara. Aðgangseyrir er 2.900 krónur.

**Hvað?** Pikknikk tónleikar Teits
**Hvenær?** 15
**Hvar?** Gróðurhúsið við Norræna húsið í Vatnsmýrinni
Tónlist Teits Magnússonar er hlý og tímalaus og hann notar engar tæknibrellur til að ná til áheyrenda Ókeypis er á tónleikana.

**Hvað?** Stofutónleikar
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Gljúfrasteinn, Mosfellsdal
Guðný Guðmundsdóttir og Cary Lewis flytja tvær öndvegissónötur fyrir fiðlu og píanó eftir J.S. Bach og Cesar Franck. Miðar kosta 2.500 en ókeypis er fyrir börn á leikskólaaldri.

**Hvað?** Þjóðlög
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja í Saurbæ
Hljómsveitin Skuggamyndir frá Býsans leikur fjöruga og tilfinningaríka tónlist frá Grikklandi, Búlgaríu, Makedóníu og Tyrklandi. Sveitina skipa: Haukur Gröndal klarinett, Ásgeir Ásgeirsson, ýmis strengjahljóðfæri, Þorgrímur Jónsson bassi og Erik Qvick slagverk. Aðgangseyrir er 1.500 krónur en ekki er mögulegt að taka við kortum. Allur ágóði rennur í sjóð til styrktar staðnum.

**Hvað?** Sumartónleikar
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Akureyrarkirkja
Ösp Eldjárn og Valeria Pozzo sameina krafta sína og halda tónleika fyrir alla fjölskylduna. Aðgangur er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir.

**Hvað?** Sönghátíð – Lokatónleikar
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hafnarborg, Hafnarfirði
Minningartónleikar um Atla Heimi Sveinsson. Tónskáldið heiðra söngvararnir Kristinn Sigmundsson, Hallveig Rúnarsdóttir, Eyjólfur Eyjólfsson, Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, Alexander Jarl Þorsteinsson og Þórhildur Steinunn Kristinsdóttir með Francisco Javier Jáuregui gítarleikara og Evu Þyri Hilmarsdóttur píanóleikara.

**Hvað?** Alþjóðlegt orgelsumar
**Hvenær?** 17.00-18.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja, Skólavörðuholti
Johannes Zeinler, ungur orgelleikari frá Austurríki, leikur. Á efnisskrá eru verk eftir Johann Sebastian Bach, César Franck og Louis Vierne. Miðaverð 3.000 kr.

# PIER

# LOKADAGAR RÝMINGARSÖLU

# 70% AFSLÁTTUR AF ALLRI SMÁVÖRU*

## 50-70% AFSLÁTTUR AF HÚSGÖGNUM

VERSLUNIN FLYTUR Á KORPUTORG
AFSLÁTTUR GILDIR AÐEINS Á SMÁRATORGI

A WORLD OF INSPIRATION
PIER
BRINGING IT HOME

**www.pier.is**
Gildir 11. júlí - 17. júlí. *Gildir ekki með öðrum tilboðum.

SMÁRATORG
LAU 10-18
SUN 12-18
VIRKIR DAGAR 11- 18:30

KORPUTORG
LAU 12-18
SUN 12-18
VIRKIR DAGAR 11- 18:30

SELFOSS
LAU 10-18
SUN 12-18
VIRKIR DAGAR 11- 18:30

SUMARLEIKUR FRÉTTABLAÐSINS!

Birtu skemmtilega sumarmynd á Facebook eða Instagram af þér eða bara einhverjum að lesa Fréttablaðið í appinu, á vefnum eða á prenti



100.000 kr. gjafabréf frá Úrval Útsýn í verðlaun!

Merktu myndina #FBLsumar, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook og Instagram og þú gætir unnið

Leiknum lýkur 12. ágúst

FRÉTTABLAÐIÐ – MEÐ ÞÉR Í SUMAR

#FBLsumar




# DAGSKRÁ

# Laugardagur

## RÚV SJÓNVARP

**07.15** KrakkaRÚV
**07.16** Hinrik hittir
**07.21** Molang
**07.25** Húrra fyrir Kela
**07.48** Rán og Sævar
**07.59** Nellý og Nóra
**08.06** Mói
**08.17** Hrúturinn Hreinn
**08.24** Eysteinn og Salóme
**08.36** Millý spyr
**08.44** Með afa í vasanum
**08.56** Konráð og Baldur
**09.07** Flugskólinn
**09.30** Ævar vísindamaður
**09.55** Jörðin
**10.55** Baðstofuballettinn
**11.25** Kínversk áramót - Mestu hátíðahöld heims
**12.15** Manstu gamla daga? Djassgeggjararnir
**13.15** Sannleikurinn um heilabilun
**14.05** Matur með Kiru
**14.35** Heilabrot
**15.05** Síðan skein sól
**16.00** Humarsúpa innifalin
**16.50** Í frjálsu falli
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Guffagrín
**18.23** Sögur úr Andabæ
**18.45** Landakort Hellableikja Hellableikja í Mývatnssveit gæti gefið mikilvægar upplýsingar um það hvernig lífverur mótast af umhverfi sínu og hvernig viðkvæmir stofnar, eins og dýr í útrýmingarhættu, geta lifað af. Undanfarin fimm sumur hafa vísindamenn rannsakað smávaxið bleikjuafbrigði sem lifir í hraunhellum í Mývatnssveit, svokallaða gjáarlontu. Bleikjan er ólík bleikjunni sem veiðist í vatninu sjálfu.
**18.53** Lottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Veður
**19.45** The Kid Drengurinn Þögul kvikmynd frá 1921 í leikstjórn Charlies Chaplin. Myndin segir frá flækingi sem finnur yfirgefið ungbarn og tekur það að sér. Fimm árum seinna reynir móðir barnsins að finna það aftur og yfirvöld komast á snoðir um hvar það er niðurkomið, en flækingurinn er ekki tilbúinn að láta það af hendi. The Kid er fyrsta mynd Chaplins í fullri lengd.
**20.40** Ránið í Tórínó Glæpamynd frá 1969 um Charlie Croker sem er nýkominn úr fangelsi og hefst strax handa við að skipuleggja áhættusamt rán á Ítalíu, þar sem hann ætlar að stela gullfarmi og komast undan með því að skapa umferðaröngþveiti. Aðalhlutverk. Michael Caine, Noël Coward og Benny Hill.
**22.20** Brexit - Blekkingar og bolabrögð
**23.55** Poirot
**00.45** Dagskrárlok

## GOLFSTÖÐIN

**08.05** John Deere Classic Útsending frá John Deere Classic á PGA mótaröðinni.
**11.05** Marathon Classic Útsending frá Marathon Classic á LPGA mótaröðinni.
**13.05** John Deere Classic
**16.05** The Open Specials
**16.35** Inside the PGA Tour Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
**17.00** John Deere Classic Bein útsending frá John Deere Classic á PGA mótaröðinni.
**22.00** Marathon Classic Bein útsending frá Marathon Classic á LPGA mótaröðinni.

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.20** The King of Queens
**12.40** How I Met Your Mother
**13.05** Madam Secretary
**13.50** Speechless
**14.15** The Bachelorette
**16.00** Malcolm in the Middle
**16.20** Everybody Loves Raymond
**16.45** The King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Futurama
**17.55** Family Guy
**18.20** Our Cartoon President
**18.45** Glee
**19.30** The Biggest Loser
**20.15** Happy Gilmore
**21.50** Movie 43
**23.30** Nerve
**01.05** Ain't Them Bodies Saints
**02.40** Deja Vu Ferja full af áhafnarmeðlimum USS Nimitz og fjölskyldum þeirra var sprengd í loft upp. Doug Carlin er fenginn til að vinna við rannsóknina, og kynnist störfum tilraunasveitar alríkislögreglunnar FBI, sem notar rýmisflakkstækni, sem getur skoðað hluti allt að fjóra daga aftur í tímann.
**04.45** Síminn + Spotify

## RÚV RÁS EITT

**06.55** Morgunbæn og orð dagsins
**07.00** Fréttir
**07.03** Til allra átta Tex-mex og tómlæti
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Frakkneskir fiskimenn
**09.00** Fréttir
**09.03** Á reki með KK
**10.00** Fréttir
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Blindfull á sólríkum degi
**11.00** Fréttir
**11.02** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.40** Veðurfregnir
**13.00** Gestaboð Gísli Örn Garðarsson og Rakel Garðarsdóttir
**14.00** Skrímslin frá New York
**15.00** Flakk
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Orð um bækur
**17.00** Bærinn minn og þinn
**18.00** Kvöldfréttir
**18.10** Í ljósi sögunnar
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Sveifludansar McCoy Tyner, Benny Carter og Donald Byrd
**20.45** Úr gullkistunni
**21.15** Bók vikunnar Veröld ný og góð
**22.00** Fréttir
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Brot af eilífðinni Yves Montand, fyrri þáttur
**23.00** Vikulokin
**00.00** Fréttir
**00.05** Næturútvarp Rásar 1

## STÖÐ 2 BÍÓ

**07.15** The Wedding Singer
**08.50** Victoria and Adbul
**10.40** Collateral Beauty
**12.20** Fantastic Beasts and Where to Find Them
**14.35** The Wedding Singer
**16.15** Victoria and Adbul
**18.05** Collateral Beauty
**19.45** Fantastic Beasts and Where to Find Them
**22.00** Charlie Wilson's War
**23.45** Superfly
**01.40** Bleeding Heart
**03.10** Charlie Wilson's War

## STÖÐ 2

**07.00** Strumparnir
**07.25** Kormákur
**07.40** Billi Blikk
**07.55** Skoppa og Skrítla út um hvippinn og hvappinn
**08.05** Tindur
**08.15** Dagur Diðrik
**08.40** Kalli á þakinu
**09.05** Lína Langsokkur
**09.30** Víkingurinn Viggó
**09.40** Latibær
**10.05** Stóri og Litli
**10.15** Ninja-skjaldbökurnar
**10.40** K3
**10.55** Friends
**11.15** Ellen
**12.00** Bold and the Beautiful
**12.20** Bold and the Beautiful
**12.40** Bold and the Beautiful
**13.00** Bold and the Beautiful
**13.20** Bold and the Beautiful
**13.45** Britain's Got Talent
**14.50** Britain's Got Talent
**15.20** Seinfeld
**15.45** The Big Bang Theory
**16.05** Grand Designs Australia
**17.00** GYM Frábærir nýir þættir í umsjón Birnu Maríu Másdóttur sem ræðir við íþróttafólk og áhugafólk um heilbrigðan lífsstíl á léttu nótunum.
**17.30** Golfarinn
**18.00** Sjáðu
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Sportpakkinn
**19.10** Top 20 Funniest
**19.55** Every Day
**21.35** The Interview
**23.25** Pacific Rim. Uprising
**01.15** The Disaster Artist
**02.55** Chappaquiddick
**04.40** Amber Alert

## STÖÐ 3

**14.55** Friends
**15.20** Friends
**15.40** Friends
**16.05** Friends
**16.30** Friends
**16.55** Curb Your Enthusiasm
**17.30** The Goldbergs
**17.55** Um land allt
**18.25** Margra barna mæður
**19.00** Ísskápastríð
**19.35** Masterchef USA
**20.15** Grand Designs
**21.05** Camping
**21.35** Mosaic
**22.25** Boardwalk Empire
**23.25** The Originals
**00.10** Tónlist

## STÖÐ 2 SPORT

**08.10** Haukar - Grindavík Útsending frá leik í Inkasso deild kvenna.
**09.50** Formúla 1. - Æfing Bein útsending frá æfingu ökuþóra fyrir kappaksturinn í Bretlandi.
**11.10** Valur - Maribor Útsending frá fyrri leik í Forkeppni Meistaradeildar Evrópu.
**12.50** Formúla 1 2019. Bretland - Tímataka Bein útsending frá tímatökunni fyrir kappaksturinn í Bretlandi.
**14.35** Hólmurinn heillaði
**15.50** ÍBV - FH Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**18.00** Atvinnumennirnir okkar
**18.30** Haukar - Grindavík
**20.10** Formúla 1 2019. Bretland - Tímataka
**21.40** ÍBV - FH
**23.20** UFC Now Flottir þættir þar sem farið er ítarlega í allt sem við kemur UFC og blönduðum bardagalistum.
**00.10** NBA - Wilt 100

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 96,3 FM Suðurland | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,9 Lindin |
| FM 89,5 Retro | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 99,4 Útvarp Saga | |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 95,7 FM957 | FM 97,7 X-ið | FM 100,5 K100 | |

# DAGSKRÁ

# Sunnudagur

## RÚV SJÓNVARP

**07.15** KrakkaRÚV
**07.16** Begga og Fress
**07.28** Minnsti maður í heimi
**07.29** Sara og Önd
**07.36** Húrra fyrir Kela
**07.59** Hæ Sámur
**08.06** Söguhúsið
**08.14** Letibjörn og læmingjarnir
**08.21** Hvolpasveitin
**08.44** Alvinn og íkornarnir
**08.55** Disneystundin
**08.56** Tímon & Púmba
**09.17** Sígildar teiknimyndir
**09.24** Lílo og Stitch
**09.45** Reikningur
**10.00** Skollaeyja
**10.25** Hið sæta sumarlíf
**10.55** Attenborough. Stórir fuglar
**11.45** Leitin að framúrskarandi vinkonu
**12.40** Sumarævintýri Húna Saga Húna og björgun
**13.05** **Maður er nefndur Róbert Arnfinnsson** Í þessum þætti ræðir Jónína Michaelsdóttir við Róbert Arnfinnsson leikara. Róbert segir frá ætt sinni og uppruna, æskuárum sínum á Norðfirði og talar um móðurfjölskyldu sína sem er þýsk. Hann segir frá tildrögum þess að hann gerðist leikari og rifjar upp ýmis minnisstæð atvik frá löngum leikferli. Róbert rekur kynni sín af ýmsum gengnum leikurum, s.s. Haraldi Björnssyni, Indriða Waage o.fl. Hann segir einnig frá því er Þjóðleikhúsið var vígt. Dagskrárgerð. Ásgrímur Sverrisson.
**13.40** Pricebræður bjóða til veislu
**14.10** Sælkeraferðir Ricks Stein - Kaupmannahöfn
**15.10** Tónlistarsaga Evrópu
**16.40** Útlendingur heima Uppgjör við eldgos
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** **Stundin okkar** Í Kveikt á perunni búa krakkarnir til vindvél sem á að geta færst áfram og á eins miklum hraða og hægt er. Keppnin er æsispennandi þó ekki sé meira sagt og nóg af slími. Við dönsum saman, í miklu stuði við lagið Hamingjan er hér og heyrum Jakobínu Lóu lesa frábæru söguna sína Gimsteininn sem hún sendi inn í Sögu-samkeppnina seinasta vetur.
**18.30** Skollaeyja
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Veður
**19.45** **Íslendingar Erlingur Gíslason** Erlingur var meðal helstu máttarstólpa í íslensku leikhúsi. Hann var leikari og leikstjóri hjá Þjóðleikhúsinu, leikhópnum Grímu og Leikfélagi Reykjavíkur. Þá fór hann með fjölda hlutverka í kvikmyndum og leiknum sjónvarpsmyndum.
**20.45** Viktoría
**21.35** Íslenskt bíósumar. Gullsandur
**23.05** Heilabrestur
**00.30** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.20** The King of Queens
**12.40** How I Met Your Mother
**13.05** A.P. BIO
**13.30** Black-ish
**13.50** Rel
**14.15** Top Chef
**15.00** 90210
**16.00** Malcolm in the Middle
**16.20** Everybody Loves Raymond
**16.45** The King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Amazing Hotels. Life Beyond the Lobby
**18.25** George Clarke's Old House, New Home
**19.15** Strúktúr
**19.45** Speechless
**20.10** Madam Secretary
**21.00** The First
**21.50** Jamestown
**22.40** Kidding
**23.10** SMILF
**23.40** Escape at Dannemora
**00.40** The Disappearance
**01.25** Seal Team
**02.10** MacGyver
**02.55** Mayans M.C
**03.55** Síminn + Spotify

## RÚV RÁS EITT

**06.55** Morgunbæn og orð dagsins
**07.00** Fréttir
**07.03** Tríó
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Ljóðabókin syngur Svartar fjaðrir
**09.00** Fréttir
**09.03** Samtalum heilbrigðisþjónustu
**10.00** Fréttir
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Bók vikunnar Örninn og fálkinn
**11.00** Guðsþjónusta úr Skinnastaðaprestakalli
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.40** Veðurfregnir
**13.00** Sögur af landiLok
**14.00** Tengivagninn
**15.00** Grár köttur Á milli þilja
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva
**17.25** Orð af orði Orðatiltæki
**18.00** Kvöldfréttir
**18.10** Blindfull á sólríkum degi
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Óskastundin
**19.40** Orð um bækur
**20.35** Gestaboð Gísli Örn Garðarsson og Rakel Garðarsdóttir
**21.30** Úr gullkistunni
**22.00** Fréttir
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Á reki með KK
**23.10** Frjálsar hendur Hannes „stutti“ Hannesson
**00.00** Fréttir
**00.05** Næturútvarp Rásar 1

## STÖÐ 2

**07.00** Strumparnir
**07.25** Tindur
**07.35** Heiða
**08.00** Mæja býfluga
**08.15** Víkingurinn Viggó
**08.25** Blíða og Blær
**08.50** Latibær
**09.10** Skoppa og Skrítla á póstkorti um Ísland
**09.30** Tommi og Jenni
**09.50** Ævintýri Tinna
**10.10** Lukku-Láki
**10.35** Ninja-skjaldbökurnar
**11.00** Friends
**11.20** Ellen
**12.00** Nágrannar
**12.20** Nágrannar
**12.40** Nágrannar
**13.00** Nágrannar
**13.20** Nágrannar
**13.45** Ellen's Game of Games
**14.25** Fósturbörn
**14.50** I Feel Bad
**15.15** Friends
**15.45** Splitting Up Together
**16.10** Seinfeld
**16.30** Seinfeld
**16.55** Masterchef USA
**17.40** 60 Minutes
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.50** Sportpakkinn
**19.05** Britain's Got Talent
**20.15** Britain's Got Talent
**20.40** GYM
**21.05** Big Little Lies
**22.00** Absentia
**22.45** Crashing
**23.15** Hreinn Skjöldur
**23.40** S.W.A.T.
**00.25** The Son
**01.10** Shameless
**02.05** Shameless
**03.00** Shameless
**03.55** John McCain. For Whom the Bell Tolls

## STÖÐ 3

**14.35** Seinfeld
**15.00** Seinfeld
**15.20** Seinfeld
**15.45** Seinfeld
**16.30** Seinfeld
**16.55** American Idol
**18.25** Who Do You Think You Are?
**19.10** First Dates
**20.00** True Detective
**21.00** The Americans
**21.45** Boardwalk Empire
**22.45** The Mentalist
**23.30** Wrecked
**23.55** Empire
**00.40** Tónlist

## GOLFSTÖÐIN

**07.00** **Scottish Open** Útsending frá Scottish Open á Evrópumótaröðinni.
**12.00** **John Deere Classic** Útsending frá John Deere Classic á PGA mótaröðinni.
**17.00** **John Deere Classic** Bein útsending frá lokadegi John Deere Classic á PGA mótaröðinni.
**22.00** **Marathon Classic** Bein útsending frá Marathon Classic á LPGA mótaröðinni.

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.30** The Circle
**10.20** Ghostbusters
**12.05** Sundays at Tiffany's
**13.35** Going in Style
**15.15** The Circle
**17.05** Ghostbusters
**18.50** Sundays at Tiffany's
**20.20** Going in Style
**22.00** How to Be a Latin Lover
**23.55** All the Money in the World
**02.05** Land Ho!
**03.40** How to Be a Latin Lover

## STÖÐ 2 SPORT

**08.00** **Fjölnir - Keflavík** Útsending frá leik í Inkasso deild karla.
**09.40** **ÍBV - FH** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**11.20** Formúla 1 2019. Bretland - Tímataka
**12.50** **Formúla 1. Bretland - Keppni** Bein útsending frá kappakstrinum í Bretlandi.
**15.30** The Open - Spieth
**16.00** **Golfarinn** Skemmtilegur þáttur um allar hliðar golfíðkunar í umsjón Hlyns Sigurðssonar og Ragnhildar Sigurðardóttur.
**16.30** **N1-mótið** Skemmtilegur þáttur um knattspyrnustjörnur framtíðarinnar.
**17.10** ÍBV - FH
**18.50** Pepsi Max mörk kvenna
**19.50** Formúla 1. Bretland - Keppni
**22.10** Molde - KR
**23.50** Stjarnan - Levadia Tallin

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin






Björt Sigfinnsdóttir er stofnandi og framkvæmdastýra hátíðarinnar. MYND/ÓLAFUR DAÐI EGGERTSSON

# Brjáluð flottheit á LungA 2019



Katarína Mogensen og Ása Dýradóttir spila með hljómsveitinni Mammút á LungA í ár.

Listahátíðin LungA verður haldin í tuttugasta sinn á Seyðisfirði um næstu helgi. Boðið er upp á líflega dagskrá alla vikuna; listasmiðjur, listsýningar og tónleika.

## Stútfull dagskrá af flottu efni

Björt Þorfinnsdóttir er stofnandi og framkvæmdastýra hátíðarinnar.

„Hátíðin verður haldin í tuttugasta skipti í ár, en við höldum upp á afmælið á næsta ári. Við teljum þetta svona eins og í mannárum. Fyrsta hátíð var númer núll.

Hún segir hátíðina núna vera upphitun fyrir afmælið og dagskráin því brjálæðislega flott að þessu sinni

Skiptinemar á vegum Erasmus Plús eru venju samkvæmt á Seyðisfirði í sumar.

„Við höfum verið í því samstarfsverkefni í tólf ár. Þannig að við fáum á hverja hátíð ungmenni víðs vegar að úr Evrópu sem taka þátt í vinnusmiðju sem við stöndum fyrir. Framtíðarsýn er þemað á þessu ári. Í vinnusmiðjunni köfum við svolítið ofan í hvað það er sem við viljum skilja eftir okkur og hvernig framtíðin mun horfa til baka á okkar tíma,“ segir Björt.

Skiptinemarnir munu til dæmis taka fyrir umhverfismál, nánd, minnihlutahópa, kapítalisma og önnur spennandi viðfangsefni.

„Við hefjum í raun hátíðina með sýningaropnun og verðum með opnar vinnustofur alla næstu viku og vinnusmiðjurnar í fullum gangi. En þær eru átta og allar orðnar stútfullar.“

Listakonan Hrafnhildur Arnardóttir, betur þekkt sem Shoplifter, er til að mynda með eina smiðju. Hún sá um framlag Íslendinga á Feneyjatvíæringnum í ár.

„Í ár erum við með tónleika báða dagana yfir helgina. Þar koma meðal annars fram Hatari, Mammút, Bríet og GDRN. Stærsta atriðið í ár er Kelsey Lu en hún kemur frá Bandaríkjunum. Svo erum við með eftirpartí í samstarfi við Red Bull en þar koma fram Upsammy frá Hollandi, Bjarki og DJ Dominatricks. Það verður sér svið fyrir það sem verður opnað þegar eftirpartíið byrjar,“ segir Björt.

**Í VINNUSMIÐJUNNI KÖFUM VIÐ SVOLÍTIÐ OFAN Í HVAÐ ÞAÐ ER SEM VIÐ VILJUM SKILJA EFTIR OKKUR.**

Þarna verður markaðsstemning á laugardeginum þar sem Þrenna mun bjóða gestum og gangandi upp á grillaðar pylsur.

„Þar verða sölubásar og alls konar skemmtilegar uppákomur fyrir alla fjölskylduna.“

Björt segir flesta bæjarbúar ánægða með hátíðina þó alltaf geti orðið einhverjir árekstrar.

„En við bætum fyrir okkar mistök og höfum alltaf það að leiðarljósi að gera betur.“

Listasmiðjur vikunnar eru svo með sýningu fyrir tónleikana á föstudagskvöldinu úti um allan bæ.

„Það er nokkurs konar hápunktur hátíðarinnar,“ segir Björt .












Margt var um manninn og mikið fjör í fyrra. MYNDIR/HREFNA BJÖRG GYLFADÓTTIR

## Eiga ómetanlegar minningar frá LungA

Ása Dýradóttir hefur oft farið á LungA, bæði til að spila og sýna list. Hún segist eiga frábærar minningar frá hátíðinni og hlakka mikið til að mæta í ár.

„Við höfum spilað með Mammút nokkrum sinnum á LungA en við Kata höfum líka verið að fara til að sýna list eða vera með gjörninga. Við höfum farið oft á hátíðina en núna er smá tími liðinn síðan síðast. Þess vegna erum við mjög spenntar fyrir hátíðinni í ár,“ segir Ása Dýradóttir, listakona og bassaleikari hljómsveitarinnar Mammút, sem spilar á föstudagskvöldið.

„Við fórum fyrst á LungA árið 2008. Það var eiginlega óvart. Við vorum með tónleika á Eistnaflugi og vorum einmitt oft með einhverja gjörninga þar í Stálsmiðjunni. Þar kynntumst við Helga Péturssyni sem býr á Seyðisfirði. Þannig að við fengum far yfir á Seyðisfjörð með honum á mánudeginum, því LungA er alltaf helgina eftir Eistnaflugi.“

Það lá því vel við að koma við á Seyðisfirði á mánudeginum til að jafna sig eftir helgina.

„Það er svo kósí að fara á Seyðisfjörð. Líka í byrjun vikunnar þegar námskeiðin eru að byrja og allir ótrúlega duglegir. Það er einhver stóísk ró sem svífur yfir vötnum þegar maður keyrir niður Fjarðarheiðina.“

Kata og Ása lögðu báðar stund á myndlist við Listaháskóla Íslands.

„Árið 2011 vorum við með risa gjörning, kveiktum hringlaga bál í fjörunni. Það er einna minnisstæðasta hátíðin fyrir mér, þar brutum við einhvern ís með að tvinna saman listina og tónlistina. Á LungA fetuðum við okkar fyrstu stóru skref sem listamenn. Þannig að upphaflega komum við inn í LungA meira í gegnum listina en síðar meir til að spila með Mammút. “

Hún segir hátíðina alltaf hafa átt góðan stað í hjarta þeirra og þær eigi margar góð minningar þaðan.

„Þetta er fullkominn staður til að stíga sín fyrstu skref og þróa sig sem listamaður. Staður til að kynnast öðrum listamönnum. Svo eru alltaf frábær námskeið þarna, þau líta mjög vel út í ár. Jófríður, Unnsteinn og Logi eru með námskeið í lagasmíðum. Svo er námskeið í spunaleik líka.“

Innt eftir því hvort þær Kata skelli sér ekki á lagasmíðanámskeiðið, svona verandi í einni stærstu hljómsveit landsins.

„Það væri reyndar smá fyndið. Við eitthvað: „Jæja hvernig gerir maður þetta?“ Þau myndu halda að við værum búnar að missa vitið. Eða við færum á námskeiðið og myndum svo alveg breyta okkar tónlist eftir það,“ segir Ása skellihlæjandi en bætir svo við: „Ég mæli alveg hiklaust með því við alla að mæta. Ég veit það er oft smá kostnaður sem fylgir því að fara á svona hátíð en maður mun alltaf eiga svo ótrúlega frábærar og ómetanlegar minningar frá LungA.“

steingerdur@frettabladid.is


ÚRVAL ÚTSÝN
FERÐASKRIFSTOFA
FERÐA MÁLA STOFA
LEYFISHAFI
2007-020
2018
Framúrskarandi fyrirtæki
SÉRFERÐIR & SIGLINGAR
ÆVINTÝRALEGT FRÍ
MEÐ ÚRVALS ÞJÓNUSTU
BALÍ 5. - 20. MARS 2020
PARADÍS INDÓNESÍU
Fararstjóri
Egill Fannar Halldórsson
Paradísareyja með hvítar strendur, blátæran sjó og iðandi mannlíf.
VERÐ FRÁ 334.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.
ALICANTE 3. - 10. SEPTEMBER 2019
EL PLANTIO GOLF RESORT
El Plantio er okkar vinsælasti golfsstaður með frábæra gistingu og flottan golfvöll.
VERÐ FRÁ 169.900 KR.
Verð á mann m.v. 4 fullorðna.
SIGLING 6. - 18. MARS 2020
PANAMASKURÐURINN
Island Princess, komið er við m.a. á Jamaica, Cayman Islands & Costa Rica.
VERÐ FRÁ 429.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.
SIGLING 26. OKTÓBER - 5. NÓVEMBER 2019
AUSTUR - KARÍBAHAF
Fararstjóri
Sr. Hjálmar Jónsson
Harmony of the Seas, komið er við m.a. á Cococay Bahamas, Puerto Rico & St. Thomas
VERÐ FRÁ 439.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.
PÁSKAR 2020
TÆLAND 3. - 14. APRÍL 2020
HUA HIN & BANGKOK
Stórbrotin menning, framandi matargerð og einstök náttúrufegurð.
VERÐ FRÁ 339.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.
SJÁÐU MEIRA Á URVALUTSYN.IS
TALAÐU VIÐ FERÐARÁÐGJAFA Í SÍMA 585 4000 EÐA SENDU OKKUR PÓST Á INFO@UU.IS
VERÐ ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG STAFABRENGL.
ÚRVAL ÚTSÝN | HLÍÐASMÁRA 19 | 201 KÓPAVOGUR | 585 4000 | UU.IS

## Lífið í vikunni

07.07.19-13.07.19

### TVISVAR SINNUM SIMBI



Ungur að árum talaði Þorvaldur Davíð Kristjánsson fyrir Simba litla í íslenskri talsetningu Disney-myndarinnar dásamlegu, Konungur ljónanna. Drjúgum tveimur áratugum síðar stígur leikarinn aftur inn í rulluna og talar fyrir fullorðinn Simba í glænýrri og tæknilega uppfærðri endurgerð hins rómaða ævintýris.



### CLOONEY KEMUR



Erkitöffarinn, leikstjórinn og stórleikarinn George Clooney er sagður ætla að heiðra Ísland með nærveru sinni í haust vegna framleiðslu kvikmyndarinnar Good Morning, Midnight. Efnisveitan Netflix framleiðir myndina en Clooney mun að sögn bæði leikstýra og leika í henni.

### TEIKNIPARTÍ MEÐ HULK




Hið nýstofnaða útgáfufélag DP-IN fagnar í dag útgáfu myndasögubóka um Marvel-hetjurnar The Hulk og X-Men á íslensku með nokkuð sérstæðu útgáfuteiti í verslun Spilavina á Suðurlandsbraut 12. Þar verður efnt til teiknimyndasamkeppni þar sem nýju bækurnar eru í verðlaun.

### HJALTALÍN VAKNAR



Hljómsveitin Hjaltalín gaf í gær út nýtt lag, Love from 99, sem fjallar um æskuástir. „Við erum smá að púsla bandinu aftur saman. Við höfum þannig tengingu okkar á milli að það var alltaf ljóst að við myndum spila saman aftur,“ sagði Högni Egilsson söngvari við Fréttablaðið í vikunni.






**Helgi Hafnar hefur verið fastagestur á Prikinu í um það bil fimmtíu ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Helgi okkar allra

Magnea Valdimarsdóttir segir vinnuna við heimildarmynd um Helga Gestsson, einn helsta og elsta fastagest Priksins, hafa verið ómetanlega lífsreynslu.

Leikkonan og leikstýran Magnea B. Valdimarsdóttir vinnur að gerð heimildarmyndar um einn helsta fastagest kaffihússins og skemmtistaðarins Priksins. Sá heitir Helgi Hafnar Gestsson og mætir hvern einasta dag og drekkur sinn kaffibolla, sem er sérmerktur honum: Helgi okkar. Starfsfólk Priksins gætir þess vandlega að stóllinn hans sé alltaf laus þegar hann ber að garði. „Prikið er elsta kaffihús Reykjavíkur og þangað mætir Helgi daglega, tvisvar á virkum. Hann hefur verið fastagestur í um fimmtíu ár. Þarna þekkir hann alla og allir þekkja hann.“



Hún segir andann á Prikinu stundum minna á Staupastein, þar sem allir þekktu einmitt alla.

„Núna er ég farin að upplifa þetta sjálf eftir að ég byrjaði að gera myndina. Nú veit starfsfólkið hvernig ég panta kaffið mitt og þjónustan þarna er svo persónuleg.“

Magnea hefur áður unnið heimildarmyndir um staði í miðbænum og skemmtilegt fólk sem þar býr.

### Leikur að andstæðum

„Mér finnst þetta skemmtilegar andstæður að vinna með, Helgi er af eldri kynslóðinni en blandast svona vel við unga fólkið þó hann sé nú ekki beint á djamminu þarna á föstudags- og laugardagskvöldum. Prikið er heimili hipphopp-menningarinnar í Reykjavík og það er gaman hvernig þetta blandast allt saman, gamli og nýi tíminn.“

Hún segir myndina ekki aðeins fjalla um Helga, heldur einnig Prikið almennt og stemninguna þar kvölds og morgna.

„Við förum líka í göngutúr um bæinn og kíkjum meðal annars á Pönksafnið í Bankastrætinu. Svo kynnir hann okkur sögu Reykjavíkur og Priksins, sem hann er einstaklega fróður um.“

> ÞAÐ ER GAMAN AÐ GERA HEIMILDARMYND UM MANNESKJU SEM LÍTUR Á MIÐBÆINN SEM VINALEGT ÞORP. HEILSAR UPP Á ALLA MEÐ HANDABANDI OG GEFUR SÉR TÍMA TIL AÐ HORFA Í AUGUN Á FÓLKI.
>
> Magnea Valdimarsdóttir

Magnea fékk styrk frá Reykjavíkurborg til að tvinna gamlar myndir úr borginni inn í myndina og lætur þannig gamla og nýja tíma tala saman. „Það er gaman að gera heimildarmynd um manneskju sem lítur á miðbæinn sem vinalegt þorp. Heilsar upp á alla með handabandi og gefur sér tíma til að horfa í augun á fólki. Einhvern sem myndar svona falleg tengsl við aðra. Hann spyr alltaf um heilsu og líðan fólks, spjallar um daginn og veginn. Þetta er svo dýrmætt á þessum tímum snjallsímanna þegar flest samskipti virðast vera á samskiptamiðlum.“

### Kærleiksboðberinn

Magnea segir Helga standa fyrir þessi góðu mannlegu tengsl sem við virðumst vera að tapa með tæknivæðingunni.

„Þess vegna er gaman að bera saman fortíðina og nútíðina á þennan máta. Samskiptin, Reykjavík, fortíðin og framtíðin. Helgi er einhvern veginn á öðru plani, hann er svo mikill snillingur. Ég myndi segja að hann væri kærleiksboðberi og það hefur verið magnað að kynnast honum betur við gerð myndarinnar,“ segir Magnea .

Magnea stendur fyrir söfnun til að klára gerð myndarinnar. Hægt er að leggja henni lið á heimasíðunni karolinafund.com.

**steingerdur@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*


SUMAR
MARKAÐUR
20-50%
AFSLÁTTUR
OSPREY
ELLINGSEN
FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1-3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

# BYKO

Okkur er annt um umhverfið og við hjálpum þér að finna umhverfisvottaðar vörur í verslunum okkar.
Kynntu þér umhverfisstefnu BYKO á **byko.is/umhverfismal**



Allt að **50%** afsláttur!

Skoðaðu öll tilboðin á byko.is

# SUMAR ÚTSALAN

*í fullum gangi*

**ÚTILEGUBORÐ OG -STÓLAR -30% • REIÐHJÓL -25-30% • REIÐHJÓLAFYLGIHLUTIR -25% • GARÐHÚSGÖGN -28% • SLÁTTUVÉLAR -25-40% • NAPOLEON GASGRILL -25-30% • BROIL KING GASGRILL -25-30% • KOLAGRILL -25-50% • EINHELL GARÐVERKFÆRI -30-40% • SLÁTTUORF -25-40% • HEKKKLIPPUR -25-30% • KEÐJUSAGIR -25-30% • GREINA- OG MOSA-TÆTARAR -25-30% • BLÓM, TRÉ OG RUNNAR -30% • LJÓS -25% • GJØCO INNIMÁLNING -25% • FRÆ -40% • GEISLAHITARAR -30% • KAMÍNUR -30% • BLÓMAPOTTAR OG GARÐSKRAUT -30% • PLASTBOX -35% • FERÐATÖSKUR -40% • LEIKFÖNG -35% • KÖRFUBOLTASPJÖLD OG STANDAR -25% • TRAMPOLÍN AUKAHLUTIR -30% • HARÐPARKET -25% • MOTTUR OG DREGLAR -25% • JÁRNHILLUR -20% • ÁLTRÖPPUR OG STIGAR -20% • JÁRNBÚKKAR -20% • VERKFÆRBOX OG -SKÁPAR -20% • POTTAR OG PÖNNUR -25-40% • FLÍSAR -20%**

*og margt, margt fleira!*



**Broil King**
Great Barbecues Every Time

**Tilboðsverð**

**Gasgrill**
Gem 320.

**37.496**
50657519
Almennt verð: 49.995

25%

Kílóvött 6,9
Brennarar 3

**NAPOLEON**
TRAVELQ PORTABLE GAS GRILL



**Tilboðsverð**

**Gasgrill**
TRAVELQ með vagni. Þú ferð létt með að grilla hamborgara fyrir alla á tjaldsvæðinu!

**44.996**
506600012
Almennt verð: 59.995

25%

Kílóvött 4,1
Brennarar 2

**barbecook**



**Tilboðsverð**

**Kolagrill**
Adam kolagrill, krómuð grillgrind, Ø 47,5 cm, stillanlegt í 3 hæðir. Með loki og á hjólum.

**21.997**
50685050
Almennt verð: 43.995

50%

Skoðaðu útsölublaðið á byko.is

## Tilboðsverð

### Reiðhjól

26“ götuhjól, 6 Shimano gírar. Hvítt með bögglabera, brettum og körfu.

**20.996**

49620201

Almennt verð: 29.995

30%






## Tilboðsverð

### Tjalddýna

180X50 cm.

**696**

41123915

Almennt verð: 995

30%

30%



## Tilboðsverð

### Kælibox

24L.

**2.096**

41119565

Almennt verð: 2.995



## Tilboðsverð

### Sláttuorf

B28 B, 0,8 kW, tvígengis, kemur með þráðspólu og sláttuhníf.

**42.746**

53322834

Almennt verð: 56.995

25%




## Tilboðsverð

### Höggborvél

PSB 700-2RE

**13.996**

74860700

Almennt verð: 19.995

30%



## Tilboðsverð

### Sláttuvél

46CM 160CC með drifi.

**41.997**

7133004344

Almennt verð: 69.995

40%



35%

## Tilboðsverð

### Sláttuvél

Turbo Lite 350.

**19.496**

533230510

Almennt verð: 29.995



## Tilboðsverð

### Kerra

2750x1370mm, 750kg. Hægt að sturta hlassi.

**254.996**

79290300

Almennt verð: 339.995

25%

30%



## Tilboðsverð

### Geislahitari

SunRed 600 W.
Lítill og nettur hangandi hitari,

**6.996**

50615006

Almennt verð: 9.995

# VIÐ SETJUM UPP HLEÐSLU-STÖÐVAR

**FYRIR RAFBÍLA VIÐ VERSLANIR OKKAR**

Í apríl opnuðum við tvær hleðslustöðvar fyrir utan verslun **BYKO Breidd** og í maí opnuðu tvær stöðvar við verslun **BYKO Selfoss**, þar af ein hraðhleðslustöð. Við stefnum svo á að opna hleðslustöð við **BYKO Akureyri** sumarið 2019.

**BYKO**

GERUM ÞETTA SAMAN

Auðvelt að versla á byko.is • Sendum út um allt land

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndbrengl. Tilboð gilda til 28. júlí, eða á meðan birgðir endast.

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf




**BAKÞANKAR**

Sirrýjar
Hallgrímsdóttur



# Bakari fyrir smið

Útlendingamálin eru viðkvæmt umræðuefni. Nóg er að horfa til Norðurlandanna til þess að sjá hvað þessi málaflokkur getur hleypt mikilli hörku í stjórnmálin. Það er því ástæða til að vanda okkur, bæði í stefnumótun í þessum málum og ekki síður í því hvernig við tölum um þau.

Mér finnst mjög miður að verða vitni að árásum sem hafa dunið á Útlendingastofnun að undanförnu. Fullyrt er fullum fetum að fólkið sem þar vinnur sé uppfullt af mannvonsku og illgirni, að það sé starfsfólkið sem í andstyggð sinni rekur fólk úr landi, allt eftir því hvernig liggur á því.

Starfsfólk Útlendingastofnunar er venjulegt fólk, svona eins og þú og ég. Verkefni þess er að afgreiða mál í samræmi við lög og reglur og á því hvílir því þung ábyrgð. En ef okkur finnst afgreiðsla þeirra ómanneskjuleg þá er það vegna þess að lögin og reglurnar eru ómanneskjuleg. Það að persónugera umræðuna í embættismönnum er mjög rangt, við eigum að beina umræðunni að stjórnmálamönnunum sem ákveða lögin og reglurnar sem gilda um málaflokkinn. Varla erum við þeirrar skoðunar að embættismenn Útlendingastofnunar eigi að vinna eftir einhverju öðru en lögum og reglum?

Við ættum síðan að ræða meira um hvernig við tökum á móti flóttamönnum, einkum börnum. Við erum rík þjóð og við hljótum að geta tryggt að þeir flóttamenn sem hingað koma fái góðan stuðning og að börn þeirra eigi sömu möguleika á að leita sér hamingju eins og þau sem af íslensku bergi eru brotin. Það er nefnilega of fátt fólk í þessu stóra landi okkar.







